

# AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016

## Stefnumörkun og skipulag



Janúar 2006

---

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**  
*LANDSLAG ehf.*  
*MILLI FJALLS OG FJÖRU - skipulagsráðgafar*

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 (m.s.br.) var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 7. febrúar 2006.

**Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps**

Þorgerður Gunnarsdóttir

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 2. mars 2006.

Stefán Þorsteinsson  Sigríður Falla Gunnarsdóttir

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann 6. mars 2006.

Sigríður H. Þorðardóttir Þorgerður Gunnarsdóttir

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m.s.br.

**Efnisyfirlit:**

Inngangur	4
Um aðalskipulag	7
Mat á umhverfisáhrifum	8
Gildandi skipulagsáætlanir	11
Ágrip aðalskipulagsins 2004-2016	12
1. Staðhættir og framtíðarsýn	14
2. Íbúðarsvæði og þéttbýli	19
3. Svæði fyrir þjónustustofnanir	25
4. Verslunar- og þjónustusvæði	26
5. Athafnasvæði	27
6. Iðnaðarsvæði	28
7. Efnistökusvæði	30
8. Sorpförgun og sorphirða	36
9. Landbúnaðarsvæði	37
10. Svæði fyrir frístundabyggð	42
11. Opin svæði til sérstakra nota	48
12. Samgöngur	50
13. Veitur	54
14. Óbyggð svæði, ár og vötn	59
15. Náttúruverndarsvæði	61
16. Þjóðminjaverndarsvæði	66
17. Vatnsverndarsvæði	72
18. Hverfisverndarsvæði	76
19. Svæði undir náttúruvá	81
20. Skipulag Brautarholts	85
21. Skipulag Árness	86
22. Skipulag og stefnumörkun fyrir hálendi	89
HEIMILDIR	90

**VIÐAUKAR (ekki til staðfestingar):**

- Viðauki I : Forsendur – ýmis gögn
- Viðauki II: Spurningakönnun - niðurstöður
- Viðauki III: Kynningarfundir, fundargerðir, minnisblöð
- Viðauki IV: Umsagnir opinberra aðila
- Viðauki V: Athugasemdir – afgreiðsla
- Viðauki VI: Samantekt á virkjanakostum í Neðri-Þjórsá
- Viðauki VII: Minnispunktar um setlónssvæði og efnistöku vegna miðlunarlóna á hálendinu

*Forsíða:* Háifoss (ljósmynd: Gunnar Þór Jónsson, Stóra-Núpi)

## INNGANGUR:

Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag þann 9. júní 2002. Aðalskipulagsvinna var langt komin í báðum sveitarfélögum áður en sameining sveitarfélaganna var samþykkt á vormánuðum 2002. Vinna við aðalskipulag Skeiðahrepps hófst árið 2000 og var tillaga að aðalskipulaginu tilbúin til auglýsingar í maí 2002. Vinna við aðalskipulag Gnúpverjahrepps hófst árið 2001 og þar var búið að kynna fyrstu drög aðalskipulagsins á íbúafundi í apríl 2002. Lögum samkvæmt skal aðalskipulag ná til eins sveitarfélags og því lá það fyrir eftir sameiningu sveitarfélaganna að samræma þyrfti fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögur

Vinna við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016<sup>1</sup> hófst á haustdögum 2002. Megin viðfangsefni þeirrar vinnu var að samræma framsetningu fyrirbyggjandi tillagna, afla frekari gagna (m.a. með spurningakönnun meðal landeigenda í Gnúpverjahreppi haustið 2002 líkt og á Skeiðum árið 2000, sjá Viðauka II), samræma stefnumörkun í flestum málaflokkum og kynna nýja tillögu að aðalskipulagi fyrir sveitarstjórn og íbúum hins nýja sveitarfélags.

Í desember 2002 voru kynnt fyrir sveitarstjórn fyrstu drög að samræmingu aðalskipulagstillagnanna. Á fyrri hluta árs 2003 var fremur lítið unnið að stefnumörkun aðalskipulagsins en í umræðunni voru áform Landsvirkjunar um virkjanir í sveitarfélaginu, bæði í Efri- og Neðri Þjórsá. Endurbætt drög að stefnumörkun voru rædd í sveitarstjórn á fundum þann 4. nóvember og 16. desember 2003. Eftir þá fundi lá fyrir tillaga að stefnumörkun í flestum málaflokkum en stefna í virkjanamálum (einkum útfærsla virkjanakosta í Neðri-Þjórsá) var ekki fullmótuð og skilgreining hverfisverndar á nokkrum svæðum var ókláruð. Þessi atriði voru til umræðu á fundi sveitarstjórnar 17. febrúar 2004. Niðurstaða þess fundar var að fela skipulagsráðgjöfum að ganga frá formlegri tillögu að aðalskipulagi og senda hana til umsagnar hjá opinberum aðilum. Aðalskipulagstillagan var til umsagnar hjá opinberum aðilum í mars og apríl 2004. Tillagan var send til eftirfarandi aðila (sbr. gr. 3.2. í skipulagsreglugerð) auk Skipulagsstofnunar: Umhverfisstofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðarinnar, Landbúnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar. Eftir nokkrar lagfæringar á tillögunni var hún lögð fyrir sveitarstjórn þann 20. apríl. Aðalskipulagstillagan var síðan kynnt á íbúafundi þann 6. maí (sjá Viðauka III). Tillagan var einnig send til kynningar í samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis og til eftirfarandi sveitarfélaga (sbr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga); Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð, Hraungerðishrepp, Villingaholtshrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp og Holta- og Landsveit. Í kjölfarið var tillagan tekin til fyrri umræðu í sveitarstjórn og samþykkt til auglýsingar á fundi þann 21. júní 2004. Skipulagsstofnun fékk tillöguna til formlegrar afgreiðslu í kjölfarið. Nokkur bið varð á afgreiðslu tillögunnar vegna þess að umsagnir einstakra aðila bárust seint. Umsagnir eru að finna í Viðauka IV.

<sup>1</sup> Á vinnslustigi var miðað við skipulagstímabilið 2003 til 2015. Eldri vinnugögn í viðaukum eru því sum hver merkt sem aðalskipulag 2003-2015.

Aðalskipulagið var auglýst samkvæmt 18 gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 26. janúar 2005 til 23. febrúar. 2005 og frestur til að gera athugasemdir var til 9. mars 2005. Alls bárust athugasemdir frá 15 aðilum vegna skipulags á láglendi sveitarfélagsins og frá 275 aðilum vegna virkjanaáforma á hálendinu, auk athugasemdar frá einum aðila sem barst eftir að fresturinn rann út (sjá Viðauka V). Í ljósi fjölda athugasemda við virkjanaáform á hálendinu var samþykkt, á fundi hreppsnefndar þann 3. maí (sjá Viðauka V) að óska eftir frestun á endanlegri afgreiðslu athugasemda og hugsanlegra breytinga á aðalskipulaginu, þar til samvinnunefnd um miðhálendi hefði fjallað um auglýstar breytingar á svæðisskipulagi miðhálandisins. Á fundi hreppsnefndar var ennfremur samþykkt bókun oddvita þess efnis að Norðlingaölduveita myndi ekki þjóna hagsmunum sveitarfélagsins (sjá Viðauka V).

Á fundi samvinnunefndar miðhálandis þann 12. ágúst var auglýst breyting á svæðisskipulaginu, vegna virkjanaáforma á hálendinu, tekin til afgreiðslu. Þar var samþykkt eftirfarandi tillaga (sjá að öðru leyti Viðauka V): “Samvinnunefnd miðhálandis samþykkir auglýsta tillögu með þeirri breytingu að ekki verði gert ráð fyrir set- og veitulónum eða mannvirkjum þeim tengdum suðaustan Hofsjökuls og norðaustan friðlandsins. Jafnframt er fallist á þær smávægilegu breytingar sem lagðar eru til í umsögn um athugasemdir nema hvað ekki skal fjallað um nákvæma stærðir lóna í greinargerð. Með, markmið svæðisskipulagsins um að tryggja skynsamlega nýtingu auðlinda og landkosta Miðhálandisins, markmiðs skipulags- og byggingarlaga, um að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, og þess fjölda athugasemda sem barst við kynningu tillögunnar, samþykkir samvinnunefndin hina auglýstu tillögu með þeim breytingum að fallið er frá heimild til gerðar veitu- og setlóna suðaustan Hofsjökuls og mannvirkja tengdum þeim. Landnotkun samkvæmt svæðisskipulaginu skal því vera óbreytt á því svæði.”

Á fundi hreppsnefndar þann 4. október 2005 var aðalskipulagstillagan samþykkt með breytingum í samræmi við afgreiðslu samvinnunefndar varðandi virkjanaáform á hálendinu og afgreiðslu annarra athugasemda sem gerðar voru við aðalskipulagstillöguna (sjá Viðauka V). Á fundinum var jafnframt samþykkt að óska eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingu umhverfisráðherra á aðalskipulaginu samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagsstofnun (sjá bréf dagsett 10. nóvember 2005, Viðauki V) gerði fyrirvara við afgreiðslu hreppsnefndar á athugasemdum við auglýsta tillögu og þær breytingar sem gerðar höfðu verið á aðalskipulagstillögunni eftir auglýsingu (sjá Viðauka V). Athugasemdir Skipulagsstofnunar snéru einkum að breytingum varðandi virkjanaáform á hálendinu, suðaustan Hofsjökuls, og samræmi þeirra við gildandi svæðisskipulag miðhálandis (sjá afgreiðslu Skipulagsstofnunar, dagsett 25. október, á tillögu að breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis) og að aukningu frístundabyggðar á láglendinu. Að mati Skipulagsstofnunar væri aukning frístundabyggðarinnar grundvallarbreyting frá auglýstri tillögu og bæri að auglýsa tillöguna að nýju (sbr. 4. mgr. 18. gr. og 1 og 2. mgr. 18. gr.) ef

þær breytingar ættu að fá að standa. Breytingar vegna virkjanaáforma á hálendinu væri hinsvegar ekki hægt að afgreiða fyrr en tillaga að breyttu svæðisskipulagi hafi verið staðfest. Skipulagsstofnun taldi einnig að taka bæri út fyrirvara sveitarstjórnar (í 6. kafla greinargerðar) varðandi hugsanlega bótaskyldu Landsvirkjunar vegna miðlunarlóns Urriðafossvirkjunar. Þrátt fyrir þessa fyrirvara taldi Skipulagsstofnun mögulegt að afgreiða aðalskipulagið ef skipulagi á svæði, sem tekur yfir framkvæmdir sem tengjast Norðlingaölduveitu, yrði frestað. Auk þess þyrfti að taka til baka breytingu varðandi aukningu frístundabyggðar (og auglýsa hana síðar) og fella út texta um bótaskyldu í 6. kafla (sjá nánar Viðauka V, bréf dagsett 10. nóvember)

Á fundi sínum þann 10. janúar 2006, tók hreppsnefnd fyrir athugasemdir Skipulagsstofnunar og samþykkti að breyta tillögunni í samræmi við þær (sbr. minnisblað dagsett 10. janúar, Viðauki V). Á fundinum var samþykkt að óska eftir lokafgreiðslu Skipulagsstofnunar á aðalskipulagstillögunni og staðfestingu umhverfisráðherra.

Í greinargerðinni er gerð grein fyrir aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Skipulagi Brautarholts og Árnass eru gerð skil í sérköflum. Ennfremur er sérkafla um skipulag hálendisins. Umfjöllunin miðast við flokkun landnotkunar eins og hún er í skipulagsreglugerð og kemur fram á meðfylgjandi uppdráttum. Fyrst er þó gerð grein fyrir lagaumhverfinu, helstu markmiðum aðalskipulagsins, staðháttum og almennri framtíðarsýn. Almennar forsendur eru settar fram í Viðauka I.

Auk stefnu um landnotkun er sett fram almenn stefnumörkun í einstökum málaflokkum. Stefna sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum er hluti af aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 og skal lögð til grundvallar við gerð deiliskipulags og framkvæmdaáætlana, veitingu framkvæmdaleyfa og við aðra ákvarðanatöku í sveitarfélaginu.

Með gildistöku aðalskipulagsins 2004-2016 falla úr gildi aðalskipulag Brautarholts 1988-2008 og aðalskipulag Gnúpverjahrepps 1993-2013 m.s.br.

## UM AÐALSKIPULAG

Með skipulagi er ákveðið hvar og hvernig byggt skuli á landinu í framtíðinni. Hlutverk skipulags er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, skynsamlegri notkun lands og nýtingu auðlinda og að fella byggð sem best að umhverfi sínu. Annað mikilvægt hlutverk skipulags er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja að allar framkvæmdir séu samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun.

Með skipulags- og byggingarlögum (lög nr. 73/1997 m.s.br.) hefur eftirlit með framkvæmdum í strjálbýli verið hert. Samkvæmt nýju lögunum ber öllum sveitarstjórnnum að gera aðalskipulag er nær til *alls lands* innan marka sveitarfélagsins.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag. Í því er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar til næstu 12 ára að minnsta kosti. Slík skipulagsáætlun nýtist við ákvarðanatöku og gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana.

### *Endurskoðun*

Eftir gildistöku aðalskipulags þurfa allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins að vera í samræmi við það. Aðalskipulagið er þó ekki óbreytanlegt og getur sveitarstjórn ákveðið hvenær sem er að endurskoða eða breyta þurfi staðfestu skipulagi ef gildar ástæður liggja fyrir. Sveitarstjórn metur í upphafi hvers kjörtímabils hvort ástæða er til endurskoðunar á aðalskiplaginu.

### *Eftirlit*

Skipulags- og byggingarnefndir undir yfirstjórn sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að öll mannvirkjagerð innan sveitarfélagsins sé í samræmi við gildandi aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

## MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (m.s.br.; lög nr. 74/2005) skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf.

Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana, sbr. 9 gr., 5. málsgrein skipulags- og byggingarlaga (nr. 73/1997 m.s.br.) og grein 3.3. í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) (sjá stutta kafla um mat á umhverfisáhrifum í helstu landnotkunarflokkum). Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög nr. 106/2000 ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nema ákvæða þeirra laga hafi verið gætt. Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum og einnig hvaða framkvæmdir sem eru ráðgerðar samkvæmt skipulagsáætluninni verða ekki heimilaðar fyrr en að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Í lögnum (nr. 106/2000 m.s.br.) er kveðið á um matsskyldu framkvæmda í 5. grein (framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati), 6. grein (framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati) og 7. grein (aðrar framkvæmdir sem eru hugsanlega matsskyldar samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra). Í viðauka I með lögnum eru taldar upp þær framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum (sbr. 5.gr.). Í viðauka II eru taldar upp framkvæmdir sem kunna að vera matskyldar vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa sökum umfangs, eðlis eða staðsetningar framkvæmdanna (sbr. 6. gr. laganna). Framkvæmdaaðila ber að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaðar framkvæmdir svo unnt verði að ákveða hvort framkvæmdin er matskyld eður ei.

Síðan lög um mat á umhverfisáhrifum tóku fyrst gildi árið 1994, hafa all nokkrar framkvæmdir innan sveitarfélagsins farið í mat eða frumathugun hjá Skipulagsstofnun (sjá úrskurði á [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)):

1. *Þjósárdalsvegur* um Gaukshöfða. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 1. apríl 1996.
2. *Sultartangavirkjun*. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar frá 16. janúar 1997.
3. 400kV *Búrfellslína 3A* frá Búrfellsvirkjun að Lyklafelli á Sandskeiði. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 23. janúar 1998.
4. Þjóðvegur nr. 32, *Þjósárdalsvegur* um Sámsstaðamúla. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 6. mars 1998.
5. Vatnsfellsvirkjun, háspennulína milli Vatnsfells og *Sigölduvirkjunar*. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 8. maí 1998.
6. *Sultartangalína 2*, 400kV háspennulína milli Sultartangavirkjunar og Búrfellsstöðvar. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 18. desember 1998.
7. Vikurnám í *Hekluhafi við Búrfell*. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 1. mars 2000.
8. 400kV *Sultartangalína 3*, Sultartangi-Brennimelur. Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 19. júlí 2002, sjá lið 1 að neðan.



9. *Norðlingaölduveita* sunnan Hofsjökls.<sup>2</sup> Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst 2002 og úrskurð setts umhverfisráðherra frá 30. janúar 2003.
10. *Núpsvirkjun* í Neðri-Þjórsá og breyting á Búrfellslínu 1.<sup>3</sup> Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003, þar sem fallist er á framkvæmdir með ákveðnum skilyrðum. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður. Í niðurstöðu ráðherra frá 27. apríl 2004 er úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur með lítilsháttar breytingum (sjá mál nr. 03090121, rettarheimild.is).
11. *Urriðafossvirkjun* í Neðri-Þjórsá og breyting á Búrfellslínu 2.<sup>4</sup> Sjá úrskurð Skipulagsstofnunar 19. ágúst 2003, þar sem fallist er á framkvæmdir með ákveðnum skilyrðum. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður. Í niðurstöðu ráðherra frá 27. apríl 2004 er úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur með lítilsháttar breytingum (sjá mál nr. 03080089, rettarheimild.is).<sup>5</sup>

*Adalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 gerir ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum sem heyra undir 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) og er sjálfkrafa matsskyld eða eru tilkynningaskyldar skv. 6. gr. (sjá Viðauki II í lögum) vegna hugsanlegrar matsskyldu<sup>6</sup>:*

- 1) Háspennulína (220kV/400 kV), frá Sultartanga/ Hrauneyjarfossvirkjun að Brennimer í Hvalfirði, sem liggur þvert um sem liggur þvert um syðri hluta Flóa, Skeiðamanna-, og Gnúpverjaafréttar, skammt norðan núverandi Hrauneyjarfosslínu (Sultartangalína 1).<sup>7</sup> Sjá niðurstöðu og úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. júlí 2002 ([www.skipulag.is](http://www.skipulag.is); bls. 47-49).
- 2) Urriðafossvirkjunarlón í Neðri-Þjórsá ásamt breytingum á Búrfellslínu 2. Sjá niðurstöðu og úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003 og niðurstöðu umhverfisráðherra frá 27. apríl 2004 ([www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)).
- 3) Fyrirhugaður fjallvegur þvert yfir hálendi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, milli Bjarnalækjarbotna og Leppistungu og ennfremur vegur yfir Þjórsá við Norðlingaöldu, áleiðis að Sprengisandsleið við Versali.

<sup>2</sup> *Norðlingaölduveita sunnan Hofsjökuls. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla, Landsvirkjun, maí 2002.*

Korta- og myndahefti og geisladiskur með ítarefni.

<sup>3</sup> *Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting Búrfellslínu 1. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Landsvirkjun (Almenna verkfræðistofan), apríl 2003.*

<sup>4</sup> *Urriðafossvirkjun í Þjórsá allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 2. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla, Landsvirkjun, apríl 2003.*

<sup>5</sup> Miðlunarlónið mun teygja sig til allmargra jarða beggja vegna Þjórsár, m.a. yfir land Kálfhóls, Skeiðháholts og Votumýrar á Skeiðum.

<sup>6</sup> Skipulagi er frestað á svæðum á hálendinu þar sem áður höfðu verið gerðar tillögur um framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu, þ.e. Norðlingaölduveitulóni sunnan Hofsjökls, m.v. 566 m.y.s. Vesturkvíslalóni og Þjórsárjökullóni. Sjá m.a. niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst 2002 og úrskurð umhverfisráðherra ([www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)). Skipulagi er einnig frestað á svæði á láglandinu þar sem gerðar hafa verið tillögur um framkvæmdir vegna Núpsvirkjunar í Neðri-Þjórsá og Hagalóns.

<sup>7</sup> Settir voru fram tveir kostir um legu línunnar norðan við Háafoss. Í öðrum kostinum var gert ráð fyrir hlykk til norðurs norðan Fossöldu til að draga úr sjónrænum áhrifum við Háafoss, líkt og lagt var til á svæðinu norðan Gullfoss. Sjá *Sultartangalína 3, 420 kV. Sultartangi-Brennimer. Mat á umhverfisáhrifum, Landsvirkjun.* Tillaga að matsáætlun 18. júlí 2001 og matsskýrsla mars 2002.

Auk þessara framkvæmda mun vikurnám í Hekluhafi við Búrfell halda áfram sbr. lið 7 á bls.8.

## GILDANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

Eftirfarandi *deiliskipulags*áætlanir eru m.a. í gildi:

- Deiliskipulag í Brautarholti
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Framness
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Vorsabæjar I
- Deiliskipulag þéttbýliskjarna í Árnesi
- Deiliskipulag íbúðarsvæðis / smábýlasvæðis í Árnesi
- Deiliskipulag frístundabyggðar í við Kálfá í Árnesi
- Deiliskipulag frístundabyggðar við Minni Mástungu
- Deiliskipulag frístundabyggðar við Skriðufell
- Deiliskipulag tjald og hjólhýsasvæðis að Skriðufelli
- Deiliskipulag kirkjustaðar og nágrennis við Stóra Núp

Í sveitarfélaginu voru eftirfarandi aðalskipulagsáætlanir í gildi:

- Aðalskipulag Brautarholts 1988-2008
- Aðalskipulag Gnúpverjahrepps 1993-2013

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, hvað varðar hálendissvæðin, er í meginatriðum unnið innan þess ramma sem Svæðisskipulag Miðhálandis 2015 setur. Gerð er grein fyrir frávikum frá stefnumörkun svæðisskipulagsins í 22. kafla.

## ÁGRIP AÐALSKIPULAGSINS 2004-2016

### Helstu stefnuatriði:

Í aðalskipulaginu er mótuð stefna í fjölmörgum málaflokkum, s.s. um landbúnaðarsvæði, frístundabyggð, efnistöku, náttúruverndarsvæði, orkuvinnslu og þéttbýlismyndun. Við mat á einstökum byggingarleyfisumsóknum og deiliskipulagstillögum er tekið mið af stefnu aðalskipulagsins. Hér að neðan eru sett fram í ágripsformi helstu stefnuatriði í mikilvægustu málaflokkum aðalskipulagsins.

### Landbúnaðarsvæði:

- 1) Skeiða- og Gnúpverjahreppur er landbúnaðarhérað og eru öll heimalönd bújarða á láglandi skilgreind sem landbúnaðarsvæði, nema þar sem önnur landnotkun hefur verið ákveðin.
- 2) Nýting landbúnaðarsvæða sem merkt eru sem verndarsvæði geta verið háð vissum takmörkunum og strangara eftirliti.
- 3) Nytjaskógrækt er leyfileg á öllum landbúnaðarsvæðum en getur verið háð vissum skilyrðum á verndarsvæðum auk þess sem hún er tilkynningskyld til sveitarstjórnar. Áform um ræktun skjólbelta sem liggja nærri vegum skal ennfremur tilkynna til sveitarstjórnar og Vegagerðar
- 4) Takmörkuð veitinga- og gistipjónusta er leyfileg á landbúnaðarsvæðum.
- 5) Leyfilegt skal að byggja stök íbúðarhús á bújörðum, þar sem aðstæður leyfa, sem ekki eru tengd búrekstri, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem íbúðarsvæði. Æskilegt er að slík íbúðarhús séu sem mest byggð upp í tengslum við bæjarhlöð jarðanna og nýti sömu afleggjara frá þjóðvegi. Leyfi fyrir slíkum byggingum er þó háð almennum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, s.s. gerð deiliskipulags.
- 6) Leyfilegt skal að reisa allt að 3 stök frístundahús á hverri bújörð, án þess að skilgreina þurfi svæði fyrir frístundabyggð í aðalskipulagi. Byggingarleyfi slíkra húsa er þó háð skipulags- og byggingarlögum.
- 7) Ekki er heimilt að staðsetja hjólhýsi, kofa eða gróðurhús á bújörðum nema með samþykki sveitarstjórnar og skipulags- og byggingaryfirvalda.

### Svæði fyrir frístundabyggð:

1. Sveitarstjórn lítur almennt jákvæðum augum á uppbyggingu sumarhúsaahverfa.
2. Sumarhúsaahvergið skal rísa sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar til að samnýta sem best þjónustukerfi, s.s. vega- og veitukerfi.
3. Þegar lagt er fram deiliskipulag sumarhúsaloða, sem er hluti af stærra óskipulögðu sumarhúsasvæði, skal deiliskipulagið fela í sér lauslegt heildarskipulag alls svæðisins. Gera skal ráð fyrir að um ¼ lands fari undir opið svæði til almennrar útivistar.
4. Stærðir sumarhúsaloða skulu vera að jafnaði á bilinu 0,5 til 1,0 ha.

### Hverfisverndarsvæði:

- 1) Hluti Merkurhrauns – (H1).

- 2) “Urðir” í landi Kílhrauns – (H2).
- 3) Litla- og Stóra-Gráhella – (H3).
- 4) Votlendi, Höfðaveitur, í landi Fjalls – bakkar og hlíðar undanskyldar (H4).
- 5) Hverfisvernd á Laxárgljúfrum – (H5).
- 6) Hverfisvernd þess hluta Þjórsárdals sem er á náttúruminjaskrá (H6).
- 7) Hverfisvernd á afrétti – Þjórsárver og Þjórsá (H7).
- 8) Hverfisvernd vegna vatnsauðlinda á hálendinu (H8-H14, alls 7 staðir).

### **Orkuvinnsla – virkjanir og lón:**

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir miðlunarlóni vegna Urriðafossvirkjunar í Neðri-Þjórsá.

### **Uppbygging þéttbýliskjarna:**

Brautarholt og Árnes eru þéttbýlisstaðir sveitarfélagsins og skal uppbygging opinberrar þjónustu bundin við þá. Almenn uppbygging verslunar-, þjónustu- og atvinnusvæða verður einnig að mestu bundin við þá. Lögð er áhersla á fjölbreytta möguleika í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, innan þéttbýlissvæðanna, á smábýlasvæðum og á bújörðum

### **Skipulagi frestað:**

Skipulagi er frestað á svæðum á hálendinu þar sem gerðar hafa verið tillögur um framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu og einnig á svæðum þar sem gert var ráð fyrir framkvæmdum vegna hugsanlegrar virkjunar í Neðri-Þjórsá, Núpsvirkjun og Hagalón.

# 1. STAÐHÆTTIR OG FRAMTÍÐARSÝN

Í þessum kafla er lýsing helstu staðhættum sett fram í tveimur köflum, annars vegar fyrir Skeið og hins vegar fyrir fyrrum Gnúpverjahrepp<sup>8</sup> (sjá þemakort 1). Eftir sameiningu Skeiðahrepps (804 km<sup>2</sup>) og Gnúpverjahrepps (933 km<sup>2</sup>) er stærð hins nýja sveitarfélags um 1737 km<sup>2</sup> og íbúafjöldinn árið 2003 var 528.

## Staðhættir á Skeiðum:

Skeiðin heyra til uppsveita Árnassýslu. Aðliggjandi sveitarfélög eru Hraungerðis- og Villingaholtshreppur í suðri en Bláskógabyggð og Hrunamannahreppur mæta sveitinni í norðri. Handan Hvítár liggur Grímsnes- og Grafningshreppur og handan Þjórsár Holta- og Landsveit. Skeiðin eru um 94 km<sup>2</sup> að flatarmáli en Flóa- og Skeiðamannafrétt nær til 710 km<sup>2</sup> lands á hálendinu.

Skeiðin eru flatlend og grösug sveit sem liggur milli meginfljótanna Þjórsár og Hvítár. Að stærstum hluta hvílir landið á Þjórsárhrauni sem rann fyrir 8 til 10 þúsund árum. Hraunið er óvíða sýnilegt í dag og er jarðvegur víða 1 til 3 metrar að þykkt. Syðst í sveitinni, við mörk Hraungerðis- og Villingaholtshrepps, liggur Merkurhraun þar sem Þjórsárhraunið hefur náð að hrannast upp. Hraunið er einnig sýnilegt í landi Vorsabæjar, þar sem nefnist Gráhelluhraun. Sveitin er nokkuð mýrlend en hefur verið framræst að stórum hluta á þessari öld. Um síðustu aldamót er talið að samfelld votlendi hafi legið frá Merkurhrauni og allt norður umhverfis Vörðufell og að sandsvæðunum við Sandlæk. Í dag er eina heildstæða votlendið í Höfðaveitum, milli Hvítár og Vörðufells, og er það svæði á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar. Vörðufell (391 m.y.s.) er helsta kennileiti sveitarinnar. Það gnæfir tignarlegt um 350 metra yfir flatlendið. Vörðufell veitir allgott skjól fyrir norðanátt í stórum hluta sveitarinnar. Í dalverpi í Vörðufelli er vatnið Úlfsvatn sem er stærsta vatn sveitarinnar en Vorsabæjarvatn er að mestu uppþornað vegna framræslu.

Skeiðin eru landbúnaðarhérað þar sem mjólkurframleiðsla og nautgriparækt eru ríkjandi búgreinar. Um 90% íbúanna búa á býlum þar sem búskapur er stundaður. Á síðasta aldarfjórðungi hefur myndast þéttbýli við skóla- og samkomuhúsið í Brautarholti. Þar hafa risið allnokkur íbúðarhús auk sundlaugar, verslunar og iðndarhúsnæðis. Þar búa rúmlega 20 manns. Íbúum á Skeiðum hefur farið nokkuð fækkandi á undanförunum árum og voru íbúar sveitarfélagsins 237 árið 2001. Árið 1920 bjuggu 314 manns á Skeiðum.

Árið 1709 voru 24 lögbýli á Skeiðum og 16 hjáleigur. Eitt lögbýlanna var í auðn og 11 hjáleigur voru í eyði. Árið 2001 voru 40 til 45 býli í búrekstri á Skeiðum en alls voru um 51 býli í ábúð í sveitarfélaginu það ár. Árið 1999 var ræktað land á Skeiðum alls um 1560 ha.

Sumarhús hafa risið á allnokkrum bæjum á Skeiðum og eru 23 bústaðir skráðir samkvæmt fasteignaskrá.

<sup>8</sup> Áður fyrr nefndust Hrepparnir, þ.e. Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur, Ytri-Hreppur og Eystri-Hreppur, sjá til dæmis *Jarðabók Árna Magnússonar & Páls Vídalíns II*, bls. 204 og 233.

Skeiðin eru í góðum samgöngum við nágrannabyggðarlögin og höfuðborgarsvæðið. Frá Brautarholti til Reykjavíkur eru um 88 km og til Selfoss um 26 km.

### **Staðhættir í Gnúpverjahreppi:**

Gnúpverjahreppur tilheyrir þeim hluta Suðurlands sem nefnist uppsveitir Árnassýslu. Sveitin er í hlíðabeltinu við hálendisbrúnina og í u.þ.b. 50-60 km fjarlægð frá hafi. Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu er u.þ.b. 100 km, frá þjóðvegi 1 eru u.þ.b. 25 km. Byggð í hreppnum liggur í u.þ.b. 70-140 metra hæð yfir sjávarmáli, en einstaka býli er þó í u.þ.b. 230 m.y.s.

Láglendi hreppsins afmarkast af Stóru-Laxá til norðvesturs og Þjórsá til suðausturs. Afréttur Gnúpverjahrepps ofan við Þjórsárdal afmarkast milli Fossár og Þjórsár. Upptök Fossár eru við Flóamannaöldu en þaðan liggja mörkin frá hæsta punkti Flóamannaöldu í hæsta tind Arnarfells hins mikla. Þaðan liggja mörkin í punkt á hátindi Hofsjökils og svo í fjallið Klakk og í Háöldukvísl. Afrétturinn er því langur en mjór en hreppurinn er um 120 km að lengd.

Landslag í uppsveitum Árnassýslu einkennist af hlíðabeltinu á mörkum Suðurlandsundirlendisins og miðhálendisins. Flest öll fell og hryggir á þessu landsvæði hafa lengdarstefnu í nna-ssv. Því eru höfuðáttirnar sjaldan hafðar til viðmiðunar á þessum slóðum, en þess í stað tákna *fram* hina ssv-lægu stefnu, en *inn* hina nna-lægu stefnu.

### *Framsveitin:*

Með tilliti til landslags má segja að Gnúpverjahreppur skiptist í þrjú meginsvæði. Í fyrsta lagi er það framsveitin, þ.e. undirlendið á norðurbökkum Þjórsár upp í hlíðarnar norðan við hana, í öðru lagi er það Þjórsárdalur og afrétturinn að Hofsjökli í þriðja lagi.

Á þessum mörkum hálendis og undirlendis setja fell og ásar, sem ganga ofan úr hálendinu niður í byggðina, svip sinn á landslagið. Milli þeirra falla ár, sem á köflum falla í alldjúpum gljúfrum eins og t.d. Stóra-Laxá, en niður í þeim leynast sums staðar fossar og flúðir. Uppsprettilindir koma undan fjöllum og hæðum og mynda læki niður til ána.

Suðurhluti sveitarinnar liggur mun lægra, þar er meira um mýrlendi, sem að mestu hefur verið ræst fram, en mólendi og hæðir eru þar einnig. Þjórsárhraunið liggur þar undir allvíðáttumiklu landi. Þótt það sé að mestu hulið þykkum jarðvegi og vaxið vallendisgróðri, koma víða upp úr því hraunhólar, en grónir bollar og lautir á milli.

Helstu kennileiti í umhverfinu eru Skarðsfjall og Hlíðarfjall upp með Stóru-Laxá, Skaftholtsfjall, Núpsfjall og Hagafjall inn með Þjórsá og hærra inn á heiðunum Kálfárfitjafjall og Hestfjallahnjúkur.

Eftirfarandi lögbýli eru í Eystri-Hreppi (Gnúpverjahreppi) (1=einbýlt, 2=tvíbýli, 3=þrúbýli): Sandlækur I og II (2), Sandlækjarkot (2), Breiðanes (1), Klettur (1), Þrándarholt (1), Þrándarlundur (1), Stöðulfell (1), Miðhús I og II (2), Bólstaður (1), Skarð (1), Ásbrekka (1), Háholt (1), Hæll I (1), Hæll II og III (2), Hlíð I og II (2), Vestra-Geldingaholt (1) Eystra-Geldingaholt I (1), Eystra-Geldingaholt II (1), Lækjarbrekka (1), Steinsholt I og II (2), Austurhlíð (1), Ásar og Móar (2), Skaftholt (1), Hamratunga (1), Minna-Hof (1), Þjórsárholt (1), Hraunhólar (1), Víðihlíð (1), Hamarsholt (1), Minni-

Núpur (1), Stóri-Núpur I og II (2), Hamarsheiði I og II (2), Minni-Mástunga (1), Stóra-Mástunga I (1), Stóra-Mástunga II (1), Skáldabúðir (1), Laxárdalur I (2), Laxárdalur II (1), Fossnes (1), Hagi I og II og Melhagi (3), Ásólsstaðir I (1), Ásólsstaðir II (1), Skriðufell (1), eign Skógræktar ríkisins að hluta til í ábúð) (sjá mörk eignarland á þemakorti 2)

Takmarkað undirlendi og skjólsælar hlíðar með miklu útsýni gera það að verkum að bæirnir raðast eftir hlíðarbeltinu og mynda minni þyrpingar þar sem landrými leyfir. Efstu mörk byggðar eru í u.þ.b. 240 metra hæð yfir sjávarmáli.



## Framtíðarsýn:

Framtíð byggðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi felst m.a. í eftirfarandi:

- A. Eflingu landbúnaðar.** Hefðbundinn landbúnaður, einkum kúabúskapur hefur eflst á nýjan leik á undanförunum árum eftir töluverðan samdrátt á seinni hluta 9. áratugarins og byrjun 10.áratugarins. Veðursæld, frjósamur jarðvegur, ákjósanlegir staðhættir og nálægð við stór þéttbýlissvæði skapa skilyrði fyrir öflugan landbúnað á svæðinu. Ferðaþjónusta er vaxandi búgrein og nýtsjókrækt gæti einnig reynst mikilvæg búgrein.
- B. Bættum samgöngum** við nágrannabyggðarlög og höfuðborgarsvæðið. Aukin samvinna sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu og á Suðurlandi kallar á endurbætur á núverandi samgönguleiðum og á ný samgöngumannvirki. Ný brú yfir Þjórsá, til byggðarlaga í Rangárþingi, bætir samgöngur fyrir íbúa og atvinnulíf viðkomandi svæða og opnar nýja möguleika í hringakstri ferðamanna. Stór hluti sveitarinnar er innan rúmlega “klukkustundar radíusar” frá höfuðborgarsvæðinu. Bættar samgöngur auka aðdráttarafli svæðisins til búsetu og til atvinnuuppbyggingar. Endurbætur á vegum inn til hálendisins og á hálendinu munu auka enn frekar ferðamannastraum um sveitina.
- C. Framboð íbúðarsvæða í ákjósanleg umhverfi.** Framboð íbúðarlóða í friðsælu umhverfi þar sem í boði er góð samfélagsleg þjónusta, getur stuðlað að íbúafjölgun. Það getur gerst án þess að atvinnutækifærum fjölgi tiltakanlega innan sveitarinnar því sveitarfélagið er hluti af sístækkandi atvinnusvæði.
- D. Skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda til orkuöflunar.** Áframhaldandi nýtingu náttúruauðlinda til orkuöflunar án þess að gengið verði á svæði með verndargildi.
- E. Aukinni stefnufesta í uppbyggingu ferðaþjónustu.** Með skipulagningu sem miðar að því að skapa svæðinu sérstöðu, þar sem nýting og verndun haldast í hendur, er hægt að auka aðdráttarafli svæðisins fyrir ferðamenn. Til að mæta aukinni umferð ferðamanna og auknum tíma fólks til orlofsdvalar þarf að byggja svæðið markvisst upp sem viðkomu- og dvalarstað þeirra, með bættri aðstöðu í Brautarholti, í Árnasi og Þjórsárdal og á þeim bæjum þar sem ferðaþjónusta er rekin. Kynna þarf markvisst helstu náttúruperlur og menningarminjar og auka aðgengi að þeim, skapa fleiri möguleika til afþreyingar innan sveitarinnar og byggja jafnframt upp öfluga og fjölbreytta veitinga- og gistipjónustu.
- F. Verndun sérkenna svæðisins.** Sérkenni svæðisins felast í búsetulandslaginu sem skapast hefur í gegnum aldirnar á Skeiðum og í Gnúpverjahreppi, Þjórsárdalnum og Skáldabúðaheiðinni og einstökum náttúruminum s.s. Gjánni, Háafossi, Laxárgljúfrum og Þjórsárverum

## Almenn markmið:

- Að íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps verði tryggð góð lífsskilyrði.
- Að íbúafjölgun verði á skipulagstímabilinu.
- Að í sveitarfélaginu haldist svipað atvinnustig og verið hefur
- Að Brautarholt og Árnes verði skilgreindir sem megin þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins og miðstöðvar opinberrar þjónustu. Uppbygging íbúðar- og atvinnusvæða, að undanskyldum landbúnaði og ferðaþjónustu verði að mestu bundin við þá.
- Að stuðlað verði að fjölbreyttum möguleikum í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, innan þéttbýlissvæðanna, á smábýlasvæðum og bújörðum.
- Að tryggt verði fjölbreytt framboð íbúðarlóða í Brautarholti og í Árnesi.
- Að sköpuð verði skilyrði fyrir frekari uppbyggingu opinberrar þjónustu í Brautarholti og Árnesi.
- Að sköpuð verði skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu í Brautarholti og Árnesi, s.s. fyrir léttan iðnað og handverk, lítil einstaklingsfyrirtæki og fyrirtæki í ferðaþjónustu.
- Að við skipulag íbúðarlóða og staðsetningu bygginga almennt verði þess gætt að undirlag hafi verið rannsakað gaumgæfilega m.t.t. áhrifa í jarðskjálftum.
- Að skapað verði svigrúm fyrir byggingu stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum, á lögbýlum, í tengslum við núverandi bæjarþyrpingar.
- Að stuðlað verði að áframhaldandi góðum skilyrðum í landbúnaði, með samgöngubótum, hagstæðum orkuskiptum og með skjólbeltaræktun til að bæta ræktunarskiptum.
- Að ræktun nytjaskóga haldist í hendur við verndun náttúruauðlinda á svæðinu og eflingu svæðisins sem orlofsdvalar- og ferðamannasvæðis.
- Að uppbygging frístundahúsa verði fyrst og fremst bundin við frístundahúsaþverfi.
- Að unnið verði markvisst að uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila, m.a. að auka möguleika til afþreyingar fyrir ferðamenn og orlofsdvalargesti (og íbúa sveitarinnar).
- Sérstök áhersla verði lögð á að efla Þjórsárdal sem útivistarsvæði og dvalarstað ferðamanna og að þar rísi upplýsinga- og þjónustumiðstöð.
- Að nýting náttúruauðlinda til orkuöflunar haldist í hendur við verndun náttúru- og menningarminja.
- Að stuðlað verði að verndun helstu náttúruferðarvæðna og menningarminja í sveitarfélaginu en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.
- Að markvisst verði unnið að umbótum á samgöngukerfi sveitarfélagsins og tengsl þess við nágrennanabyggðarlög verði styrkt.

## 2. ÍBÚÐARSVÆÐI OG ÞÉTTBÝLI


### Skilgreiningar samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

#### Þéttbýli:

“Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.”

#### Íbúðarsvæði:

“ Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð”



### Helstu forsendur og hugsanleg þróun í framtíðinni:

#### Atvinnuþróun:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er fyrst og fremst landbúnaðarhérað. Atvinnuuppbygging í tengslum við orkuverin, Búrfellsstöð og Sultartangastöð, hefur þó verið veruleg, einkum á þeim tímum sem verið var að byggja virkjanirnar. Þjónusta hefur vaxið á undanförunum árum og hefur einkum verið um að ræða þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta verið að eflast á svæðinu, einkum í efri hluta sveitarfélagsins. Ætla má að verulegir vaxtarmöguleikar felist í

ferðapjónustu á svæðinu og margir vannýttir möguleikar,<sup>9</sup> m.a. í þjónustu við almenna ferðamenn, t.d. þá sem eru að leggja á hálendið, og við aukinn fjölda fólks sem dvelur í sumarbústöðum á svæðinu. Gera má ráð fyrir að vægi einstakra atvinnugreina haldist að mestu óbreytt næstu árin. Þó er ekki ólíklegt að vægi þjónustugreina muni heldur aukast á næstu árum á kostnað landbúnaðar (sjá 6. kafla).

Í 1. töflu er sýnt hversu mikið atvinnutækifærum þarf að fjölga að meðaltali á ári í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á skipulagstímabilinu miðað við gefna fjölgun íbúa. Tekið er mið af framreiknuðum ársverkafjölda árið 1997 og meðaltalshlutfalli ársverka og íbúa á árabílinu 1988-1997; 56,2% (fyrir Skeið).

Fjölgun á ári	Íbúafjöldi 2016	Ársverk 2016	Fjölgun ársverka á ári
0,5%	563	316	1,6
1,0%	601	338	3,4
1,5%	641	360	5,3

Sveitarfélagið er hluti af stærra atvinnusvæði. Íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sækja vinnu til annarra sveitarfélaga og íbúar nærliggjandi sveitarfélaga sækja vinnu til sveitarfélagsins. Því þarf ársverkum í sveitarfélaginu ekki endilega að fjölga með þeim hætti sem getið er um að ofan til að halda sama atvinnustigi. Skeiða- og Gnúpverjahreppur eru hluti af sístækkandi atvinnusvæði suðvesturlands og sækja íbúar svæðisins í auknu mæli vinnu út fyrir mörk sveitarfélagsins og íbúar nágrannabyggðarlaga sækja vinnu til sveitarfélagsins. Bættar vegasamgöngur, tölvusamskipti og sveigjanlegri vinnutími í framtíðinni munu stækka atvinnusvæði ennfrekar. Framtíðar íbúðaruppbygging í sveitarfélaginu mun því ekki einvörðungu grundvallast á því hvaða atvinnutækifæri eru á svæðinu, heldur mun hún einnig grundvallast á því hversu vel tekst til að gera Skeið og Gnúpverjahrepp að aðlaðandi svæði til að búa á.

#### Íbúapróun:

Við gerð aðalskipulags þarf að gera sér grein fyrir hugsanlegri íbúapróun í framtíðinni. Þó íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafi fækkað nokkuð á undanförunum áratugum (-0,4% að meðaltali á ári síðan 1971 á Skeiðum og -1,2% á ári í Gnúpverjahreppi, sjá Viðauka I) þá er ekki ástæða til að ætla að fækkun haldi áfram í framtíðinni. Þessi fækkun skýrist að verulegu leyti af breytingum á búsetu við Búrfellsstöð og breytingum á skráningu lögheimila. Í þéttbýliskjörnunum í Brautarholti og í Árnesi hefur íbúum fjölgað nokkuð á undanförunum árum en enn sem komið er eru aðeins 7 íbúðarhús í Brautarholti og 8 íbúðarhús í Árnesi. Ef veruleg íbúaaukning verður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er gert ráð fyrir að hún verði að stærstum hluta í þéttbýliskjörnunum en einnig er gert ráð fyrir svigrúmi til

<sup>9</sup> Sjá *Gæði og gestrisni. Stefnumótun í ferðapjónustu fyrir Uppsveitir Árnessýslu 1998-2002* og nýrri skýrslu frá árinu 2003 fyrir árin 2004–2008.

íbúaaukningar á bújörðum og smábýlasvæðum, sbr. almenn markmið aðalskipulagsins (sjá bls. 16) og stefnuatriði nr. 7 í 9. kafla.<sup>10</sup>

Faglega unnið skipulag og markviss framkvæmdaáætlun eykur líkurnar á því að hægt sé að snúa við neikvæðri þróun í byggðamálum. Framboð íbúðarlóða í ákjósanlegu umhverfi getur stuðlað að íbúafjölgun jafnvel þó ný atvinnutækifæri hafi ekki skapast í næsta nágrenni. Með bættum samgöngum hafa heilu byggðarlögin orðið að einu atvinnusvæði. Þegar horft er til lengri framtíðar er raunhæft að líta á uppsveitir Árnessýslu sem hluta af helsta vaxtarsvæði landsins, suðvesturhorninu. Færa má ákveðin rök fyrir því að áframhaldandi vöxtur höfuðborgarsvæðisins muni styrkja byggðarlög eins og uppsveitir Árnessýslu þegar til lengri tíma er litið. Í þróuðustu upplýsingasamfélögum erlendis eru vísbendingar um samdrátt í fólksflutningum til stærri borgarsvæða en aukningu í flutningum til smærra þéttbýlis og sveita sem eru innan seilingar við borgarsvæðin. Brautarholt og Árnes eru innan seilingar frá höfuðborgarsvæðinu og gætu notið góðs af slíkri þróun ef hún hæfist hér á landi. Vöxtur tvöfaldrar búsetu fólks, þar sem það rekur eitt heimili í borginni og annað í sveitinni, gæti einnig styrkt byggð á svæðinu.

**2. tafla: Framreikningar íbúafjöldans í Skeiða- og Gnúpverjahreppi til 2016 – til viðmiðunar**

	Skeiða- og Gnúpverjahreppur			Brautarholt		Árnes	
	0,50%	1,00%	1,50%	4,00%	6,00%	4,00%	6,00%
2003	528	528	528	21*	21*	24*	24*
2006	536	544	552	24	25	27	29
2009	544	560	577	27	30	30	34
2012	552	577	604	30	35	34	41
2016	563	601	641	35	45	40	51


\* Áætluð íbúatala út frá fjölda íbúða

**3. tafla: Fjölgun íbúða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi til ársins 2016**

	Skeiða- og Gnúpverjahreppur			Brautarholt-Árnes		
	0,5%	1,0%	1,5%	2,0%	4,0%	6,0%
Fjöldi íbúða 2002	193			15		
Íbúar á íbúð 2002	2,6			3,0		
Íbúar á íbúð 2016	2,6			2,6		
Fjölgun íbúa	35	73	113		30	51
Fjölgun íbúða	24	38	54		14	22
Fjöldi íbúða 2016	217	231	247		29	37
Fjölgun íbúða á ári	2	3	4-5		1-2	2
Fjöldi tiltækra lóða	48	76	108		28	44

Að þessu gefnu er gert ráð fyrir að meðaltalsfjölgun í sveitarfélaginu verði um 1,0% á ári á skipulagstímabilinu. Rúmur helmingur íbúafjölgunnar yrði í Brautarholti og Árnesi, ef gert er ráð fyrir 4,0-6,0% fjölgun að meðaltali á ári í þéttbýlinu. Íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps yrðu

<sup>10</sup> Árið 2002 eru 193 íbúðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, í þéttbýlinu og á þeim 106 bújörðum sem eru í byggð. Ef við gerum ráð fyrir að við bætist að meðaltali 1 íbúðarhús á hverja þessara jarða, auk um 30 viðbótar íbúðarhúsa í þéttbýliskjörnunum, þá gæti íbúafjöldi sveitarfélagsins farið hátt í 860 íbúa (miðað við 2,6 íbúa/íbúð) – miðað við "fullbyggð" svæði í framtíðinni.



samkvæmt þessu 601 árið 2016 og íbúar þéttbýliskjarnanna um 100 til samans (2.tafla).

Miðað við 1,0% meðalfjölgun íbúa á ári í sveitarfélaginu þarf íbúðum að fjölga um 38 á skipulagstímabilinu eða um þrjár íbúðir að meðaltali á ári (2. tafla). Þá er miðað við að fjöldi íbúa á íbúð verði sá sami árið 2016 en árið 2002 eða 2,6 íbúar á íbúð. Þetta hlutfall er að lækka víða um land, einkum í þéttbýli, en þar sem hlutfallið er óvenju lágt í sveitarfélaginu (að líkindum vegna vannýtttra íbúða við Búrfellsstöð) er ekki gert ráð fyrir frekari lækkun á þessu hlutfalli á skipulagstímabilinu. Miðað við 4,0-6,0% fjölgun í þéttbýliskjörnunum þarf íbúðum þar að fjölga um 14-22 á skipulagstímabilinu eða um 2 íbúðir á ára. Samkvæmt þessu yrði a.m.k. 16 viðbótar íbúðir byggðar á bújörðum til ársins 2016. Þar sem einhverjar eldri íbúðir gætu verið aflagðar á skipulagstímabilinu og eðlilegt er að ætíð sé nokkuð umfram framboð á íbúðarlóðum er gert ráð fyrir að tiltækar íbúðarlóðir verði eitthvað fleiri en áætluð eftirspurn eftir íbúðum. Gert er ráð fyrir að allar íbúðir verði í sérbýli.

## Stefna:

- 1) Brautarholt og Árnes eru þéttbýlisstaðir sveitarfélagsins og skal uppbygging opinberrar þjónustu verði bundin við þá. Almenn uppbygging íbúðar-, verslunar-, þjónustu- og atvinnusvæða verði einnig að mestu bundin við þá.
- 2) Markviss uppbygging þéttbýlis í Brautarholti og í Árnesi verði tryggð með skipulögðum íbúðar-, atvinnu- og þjónustusvæðum
- 3) Tryggt verði fjölbreytt framboð íbúðarlóða í þéttbýliskjörnum, í nálægð við helstu þjónustustofnanir sveitarfélagsins (sjá skipulagsuppdrætti fyrir Brautarholt og Árnes og 20. og 21. kafla)
- 4) Gætt verði þess að þéttbýlismyndun verði sem samfelldust, m.a. til að tryggja góða nýtingu lagna- og gatnakervis, auðvelda þjónustu við byggðina og til að skapa ákveðnara yfirbragð þéttbýlis.
- 5) Við skipulag íbúðarlóða og staðsetningu bygginga almennt verði þess gætt að undirlag hafi verið rannsakað gaumgæfilega m.t.t. áhrifa í jarðskjálftum (sjá nánar 19. kafla).
- 6) Á íbúðarsvæðum þéttbýlisstaðanna er gert ráð fyrir lágrestri byggð einbýlis- og parhúsa. Meðalnýtingarhlutfall lóða skal almennt vera á bilinu 0,2 til 0,5 (8-12 íbúðir á ha). Á smábýlasvæðunum er gert ráð fyrir nýtingarhlutfallinu 0,15 eða lægra.
- 7) Bæjarþyrpingar einkenna byggð í sveitarfélaginu, einkum á Skeiðum. Til að undirstrika það einkenni skal leyfilegt (sbr. stefnumið nr. 8 í 9. kafla) að byggja stök íbúðarhús á bújörðum, þar sem aðstæður leyfa, sem ekki eru tengd búrekstri án þess að skilgreina þurfi svæðið sem íbúðarsvæði. Æskilegt er að slík íbúðarhús séu sem mest byggð upp í tengslum við bæjarhlöð jarðanna og nýti sömu afleggjara frá þjóðvegi.

## Skilgreining og lýsing svæða:

Brautarholt og Árnes eru einu svæðin innan sveitarfélagsins sem eru skilgreind sem þéttbýlissvæði og er gerð nánari grein fyrir skipulagi þeirra í 20. og 21. kafla og á sérkortum í mkv. 1:10.000.

Búið er að leggja drög að deiliskipulagi nýs sérbýlishúsahverfis við byggðarkjarnann í Brautarholti. Þetta íbúðarsvæði ætti að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í Brautarholti næstu 12–15 árin ef forsendur íbúaspár ganga eftir. Alls er íbúðarsvæðið í Brautarholti um 2,5 ha að stærð

Í Árnesi eru íbúðarsvæðin innan þéttbýlisins um 4,0 ha að stærð. Þau svæði ætti að mæta eftirspurn eftir íbúðarlóðum í Árnesi, ef forsendur íbúaspár ganga eftir. Gert er ráð fyrir smábýlasvæðum í næsta nágrenni við þéttbýlið í Árnesi, einkum sunnan þjóðvegur nr. 32 en einnig norðan þjóðvegur við Réttarholt og Hamarstungu (sjá nánar 21. kafla).

**Við Búrfellstöð er eldra íbúðarsvæði, þar sem eru 9 einbýlishús, 5 tvíbýlishús, auk mótuneytisbyggingar með 16 herbergjum og tveimur gestabústöðum og gistaðstöðu fyrir sumarvinnufólk.**

**Á íbúðarsvæðum þéttbýlisstaðanna er gert ráð fyrir lágrestri byggð einbýlis- og parhúsa. Meðalnýtingarhlutfall lóða skal almennt vera á bilinu 0,2 til 0,5 (8-12 íbúðir á ha). Á smábýlasvæðunum er gert ráð fyrir nýtingarhlutfallinu 0,15 eða lægra.**

### **Mat á umhverfisáhrifum þéttbýlismyndunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Áformuð þéttbýlismyndun í sveitarfélaginu er einkum í framhaldi núverandi þéttbýlis í Árnesi og Brautarholt, þar sem gert er ráð fyrir frekari þéttingu byggðar. Skilgreind viðbótar íbúðarsvæði í Árnesi og Brautarholti og smábýlasvæðin í nágrenni Árness, eru einkum á ræktuðu og/eða framræstu landi og hefur þéttbýlismyndunin því lítil áhrif á ósnortin landsvæði. Land til landbúnaðarnota mun vissulega skerðast þar sem gert er ráð fyrir smábýlasvæðunum en auðvelt er að bæta það upp með ræktun á öðrum svæðum. Áhrif frekari þéttbýlismyndunar á samfélag í sveitarfélaginu verða fyrst og fremst jákvæð, auk þess sem þétting byggðarinnar mun leiða til betri nýtingar á núverandi þjónustustofnunum og þjónustukerfum (veitu- og vegakerfi).



### 3. SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

**Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):**

Svæði fyrir þjónustustofnanir:

“Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila”

**Stefna:**

- 1) Í Brautarholti og Árnesi verði byggð upp opinber þjónusta fyrir íbúa sveitarfélagsins; s.s. á sviði skólamála, öldrunarmála, félags- og menningarmála og stjórnsýslu.

**Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem svæði fyrir þjónustustofnanir (sjá skipulagsuppdrátt, Þ1-Þ14):**

- Þ1: Lóð grunnskólans og íþróttahúss í Brautarholti.
- Þ2: Lóð grunnskólans í Árnesi.
- Þ3: Lóð leikskólans í Brautarholti.
- Þ4: Lóð leikskólans í Árnesi.
- Þ5: Lóð sundlaugarinnar sunnan grunnskólans í Brautarholti.
- Þ6: Lóð sundlaugarinnar við Árnes.
- Þ7: Óbyggð lóð sunnan innkeyrslunnar að Brautarholti hefur verið hugsuð sem lóð undir félagsheimili sem einnig gæti hýst stjórnsýslu eða aðra opinbera starfsemi.
- Þ8: Lóð félagsheimilisins í Árnesi.
- Þ9: Lóð Ólafsvallarkirkju.
- Þ10: Lóð kirkjunnar að Stóra-Núpi.
- Þ11: Lóð dvalarheimilis aldraðra að Blesustöðum.
- Þ12: Heimili fyrir þroskahefta í Skaftholti
- Þ13: Upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir Þjórsárdal (sjá einnig V10 í 4. kafla). Nánari stefna um starfsemi á staðnum verður mörkuð í deiliskipulagi.
- Þ14: Upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir Þjórsárdal, við Þjóðveldisbæinn. Nánari stefna um starfsemi á staðnum verður mörkuð í deiliskipulagi.

## 4. VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

**Skilgreiningar samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):**

Verslunar- þjónustusvæði:

“Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunu og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga”

**Stefna:**

- 1) Gert er ráð fyrir að uppbygging verslunar- og þjónustu verði að stærstum hluta bundin við skilgreind svæði í Brautarholti og Árnesi (sjá svæði V1, V2 og V3).
- 2) Gert er ráð fyrir verslun og þjónustu á eftirfarandi svæðum utan þéttbýlissvæðanna. Á svæðunum er fyrst og fremst gert ráð fyrir þjónustu við ferðamenn:
  - V4: Húsatóftum IIa
  - V5: Brjánsstöðum
  - V6: Blesastöðum
  - V7: Minni-Mástungu
  - V8: Steinsholti
  - V9: Ásólfstöðum
  - V10: Þjórsárdal
  - V11: Hólaskógi, jaðarmiðstöð skv. svæðisskipulagi miðhálandis
- 3) Lögð verði áhersla á að efla núverandi ferðaþjónustustaði. Uppbygging ferðaþjónustu á nýjum svæðum er þó litin jákvæðum augum en meta þarf vandlega í hverju tilviki umfang og eðli starfseminnar.
- 4) Ferðaþjónusta á bújörðum sem telst umfangsmikil verði á svæðum sem eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði en takmörkuð veitinga- og gististarfsemi og minjagripaverslun verði þó leyfileg á landbúnaðarsvæðum (sjá 9. kafla)
- 5) Meðalnýtingarhlutfall lóða á verslunar- og þjónustusvæðum, innan þéttbýlisins, skal almennt vera á bilinu 0,3 til 0,8. Nýtingarhlutfall einstakra lóða er ákveðið í deiliskipulagi.

## 5. ATHAFNASVÆÐI

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

#### Athafnasvæði:

“Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

#### Stefna:

### 1) Almenn atvinnuuppbygging (s.s. iðnaður, verkstæði, vörugeymslur) verði fyrst og fremst á skilgreindum atvinnusvæðum í Brautarholti og Árnesi:

**A1/I3b:** Athafnasvæði/iðnaðarsvæði er skilgreint vestan þjóðvegjar við Brautarholt og er u.þ.b. um 1 ha að stærð. Þar ætti að vera rúm fyrir 3 lóðir til viðbótar. Þar er móttökustaður (gámasvæði) fyrir sorp, spilliefni og brotajárn og er gert ráð fyrir að hann verði áfram innan þessa svæðis og merktur sérstaklega í deiliskipulagi. Framtíðar athafnasvæði í Brautarholti, í bland við verslun og þjónustu, er skilgreint austan þjóðvegjar og þar er gert ráð fyrir þrífalegri atvinnustarfsemi á tiltölulegu litlum lóðum; léttur iðnaður í bland við þjónustu.

**A2:** Í Árnesi hefur verið deiliskipulagt rúmgott athafnasvæði, með aðkomu frá þjóðvegi nr. 32, sem rúmar 19 lóðir auk móttökusvæðis fyrir sorp (gámasvæði).

### 2) Ekki eru skilgreind athafnasvæði utan þéttbýliskjarnanna en mögulegt verður að stunda minniháttar starfsemi af þessu tagi sem “aukabúgrein” á bújörðum (á landbúnaðarsvæðum) – sbr. jarðalög (22. gr.) um stofnun býla v/ smáiðnaðar eða þjónustu tengd landbúnaði.

### 3) Meðalnýtingarhlutfall lóða á athafnasvæðum skal almennt vera á bilinu 0,3 til 0,8. Nýtingarhlutfall einstakra lóða er ákveðið í deiliskipulagi.

## 6. IÐNAÐARSVÆÐI

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

#### Iðnaðarsvæði:

“Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsustöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvar fyrir úrgang”

#### **Stefna:**

Samkvæmt skipulagsreglugerð ber að skilgreina virkjanir og önnur orkumannvirki sem iðnaðarsvæði. Ekki er um aðra umfangsmikla starfsemi að ræða í sveitarfélaginu sem fellur undir iðnaðarsvæði.

- 1) **Stunduð verði áfram orkuvinnsla í sveitarfélaginu í sátt við umhverfið og án þess að ganga á svæði með verndargildi.**
- 2) **Gert er ráð fyrir neðangreindum iðnaðarsvæðum innan sveitarfélagsins:**

**I1:** Búrfellsstöð og athafnasvæði hennar er skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opin svæði til sérstakra nota. Æskilegt er að Landsvirkjun vinni sem fyrst rammaskipulag eða deiliskipulag fyrir svæðið í heild sinni, þar sem kveðið verði nánar á um afmörkun landnotkunar. Landnotkun aðalskipulagsins verði breytt í samræmi við þá afmörkun, þegar hún liggur fyrir, ef þurfa þykir. Ef unnið verður rammaskipulag fyrir svæðið verður að fylgja því eftir með gerð deiliskipulags, á helstu svæðum.

**I2:** Sultartangastöð og athafnasvæði hennar er skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opin svæði til sérstakra nota. Æskilegt er að Landsvirkjun vinni sem fyrst rammaskipulag eða deiliskipulag fyrir svæðið í heild sinni, þar sem kveðið verði nánar á um afmörkun landnotkunar. Landnotkun aðalskipulagsins verði breytt í samræmi við þá afmörkun, þegar hún liggur fyrir, ef þurfa þykir. Ef unnið verður rammaskipulag fyrir svæðið verður að fylgja því eftir með gerð deiliskipulags, á helstu svæðum.

**I3a:** Spennustöð vestan Þjóðvegjar við Brautarholt (sjá séruppdrátt fyrir Brautarholt).

**I3b:** Athafnasvæði/iðnaðarsvæði vestan Þjóðvegjar við Brautarholt (sjá skilgreiningu A1 á bls. 27.)

**I4:** Miðlunarlón vegna Urriðafossvirkjunar í Neðri-Þjórsá <sup>211</sup> (sjá útfærslu á þemakorti 3).

<sup>11</sup> *Urriðafossvirkjun í Þjórsá allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 2. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla, Landsvirkjun, apríl 2003 og úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003 þar sem fallist er á framkvæmdir með ákveðnum skilyrðum. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður. Í niðurstöðu ráðherra frá 27. apríl 2004 er úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur með litiðsháttar breytingum (sjá mál nr. 03080089, rettarheimild.is). Miðlunarlónið mun teygja sig til allmargra jarða beggja vegna Þjórsár, m.a. yfir land Kálfhóls, Skeiðhólts og Votumýrar á Skeiðum.*

**Skipulagi er frestað á eftirfarandi svæðum:** Á þeim svæðum þar sem skipulagi er frestað, var gert ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum:

**I5:** Núpsvirkjun í Neðri-Þjórsá, Hagalón ásamt orku- og veitumannvirkjum<sup>12</sup> (sjá útfærslu á þemakorti 3). Annars vegar er um að ræða valkost um eins þrepa virkjun með 56 m falli og einu inntakslóni (Hagalóni) og hinsvegar valkost um tveggja þrepa virkjun með alls 50-52 m falli (32-34 m í Hvammsvirkjun og 18 m falli í Holtavirkjun) og tveimur inntakslónum, Hagalóni og Árneslóni.

**I6:** Norðlingaöldulón (vatnsmiðlun)<sup>13</sup>, í allt að 567,8 m hæð að vetrarlagi (566 m hæð að sumarlagi og 567,5 m rekstrarhæð að vetrarlagi).<sup>14,15</sup>

**Mat á umhverfisáhrifum virkjanaframkvæmda:** Samantekt á umhverfisáhrifum virkjana í Neðri-Þjórsá er að finna í Viðauka 6. Varðandi umhverfisáhrif miðlunarlóna sunnan Hofsjökuls, sjá matsskýrslu Landsvirkjunar frá maí 2002, úrskurð Skipulagsstofnunar frá ágúst 2002 og úrskurð setts umhverfisráðherra frá janúar 2003 (sjá neðanmálgreinar 12 og 13). Sjá að öðru leyti tillögur að matsáætlunum, matsskýrslur og úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra (skipulag.is, landsvirkjun.is, rettarheimild.is).

<sup>12</sup> Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting Búrfellslínu 1. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Landsvirkjun (Almenna verkfræðistofan), apríl 2003 og úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003 þar sem fallist er á framkvæmdir með ákveðnum skilyrðum. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður. Í niðurstöðu ráðherra frá 27. apríl 2004 er úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur með lítilsháttar breytingum (sjá mál nr. 03090121, rettarheimild.is).

<sup>13</sup> Sjá *Norðlingaölduveita sunnan Hofsjökuls. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla*, Landsvirkjun, maí 2002. Korta- og myndahefti og geisladiskur með ítarefni og úrskurð Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst 2002 (málsnúmer 2002010064). Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður og felldur úr gildi af settum umhverfisráðherra, þann 30. janúar 2003, þar sem fallist var á breytta framkvæmd. Sjá einnig minnispunkta frá Landsvirkjun frá 2. nóvember 2004 í Viðauka VII.

<sup>14</sup> Sjá minnisblað Landsvirkjunar frá 31. mars 2004, "Norðlingaölduveita. Vatnhæðir í og við Eyfafen".

<sup>15</sup> Vesturkvíslalón og Þjórsárjökulslón voru felld út af tillögu samkvæmt afgreiðsla hreppsnefndar á auglýstu aðalskipulagi í október 2005, sbr. afgreiðsla samvinnunefndar á auglýstri breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis (sjá Viðauka V). **I7:** Þjórsárjökulslón (vatnsmiðlun), allt að 620,5m hæð, miðlunarlón við suðurbrún Hofsjökuls, skurðir og varnargarðar; **I8:** Vesturkvíslalón (vatnsmiðlun), allt að 612m hæð, miðlunarlón til botnfellingar, skurðir og varnargarðar

## 7. EFNISTÖKUSVÆÐI:

### **Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):**

“Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Íbúðir eru ekki heimilaðar á efnistökusvæðum. Um efnistöku í almenningum/þjóðlendum gilda ákvæði laga um náttúruvernd”

### **Ákvæði samkvæmt náttúruverndarlögum (nr. 44/1999):**

Í VI. kafla, 47 gr. (2. og 3. málsgrein) segir : "Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33 gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila. Ennfremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr." Í 48 gr. laganna segir eftirfarandi um áætlun vegna efnistöku: "Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða..." Ennfremur segir í bráðabirgðaákvæði II í náttúruverndarlögunum: "Umhverfisráðherra skal fela Umhverfisstofnun, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003", sjá einnig 49. gr. náttúruverndarlaga um frágang efnistökuastaða.

### **Matsskylda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (nr. 106/2000):**

Í lögnum er kveðið á um matsskyldu framkvæmda í 5. grein (framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati), 6. grein (framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati) og 7. grein (aðrar framkvæmdir sem eru hugsanlega matsskyldar samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra). Í viðauka I með lögnum eru taldar upp þær framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum (sbr. 5.gr.). Þar segir um efnistöku (liður 21): "Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra." Í viðauka II eru taldar upp framkvæmdir sem kunna að vera matskyldar vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa sökum umfangs, eðlis eða staðsetningar framkvæmdanna (sbr. 6. gr. laganna). Framkvæmdaaðila ber að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaðar framkvæmdir svo unnt verði að ákveða hvort framkvæmdin er matskyld eður ei. Í viðauka II segir um efnistöku

(liður 2a): “Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.”

### **Almennar leiðbeiningar um efnistöku og val á efnistökuastað:**

Hér að neðan er birtir nokkrir kaflar úr nýlegu leiðbeiningariti um efnistöku, *Námur. Efnistaka og frágangur*, frá árinu 2002 og gefið út af nokkrum opinberum aðilum sem koma að efnistökuááttum:

#### *“Val á efnistökusvæði*

Við val á efnistökusvæði er mikilvægt að velja efni úr þeirri gerð jarðmyndunar sem best hentar fyrirhuguðum notum á efninu... Efnistaka getur breytt jarðmyndunum og gróðri varanlega. Hún getur einnig verið lýti á landi á meðan á henni stendur. Ef efni hefur verið numið úr jarðmyndunum sem eru sérstæðar eða ef illa er gengið frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur, verður náman áfram til lýta. Þess vegna er mikilvægt að vanda val á efnistökusvæði og skipuleggja það vel áður en hafist er handa. Þannig má stýra þeirri óhjákvæmilegu röskun sem fylgir efnistöku þannig að sýnileg áhrif efnistökkunnar verði sem minnst að frágangi loknum...

Þegar efnistökusvæði er valið þarf að hafa í huga:

- Hver efnistökuþörfin er.
- Að líta þarf á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem það er best til fallið.
- Að efnistakan sé á landi sem ekki hefur hátt verndargildi.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að svipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur.
- Að efnistökusvæði sé lítt sýnilegt frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að efnistaka sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.
- Að efni sé valið úr þeirri gerð jarðmyndunar sem hentar notum á efninu og að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Að þess sé gætt að efnistaka úr ám og sjó valdi ekki hættu á landbroti, hvorki úr árbökkum né strandlengju.

Ef vinnslutími er stuttur er æskilegt að velja efnistökusvæði fyrst og fremst með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá að efnistöku lokinni á kostnað annarra þátta eins og sýnileika frá fjölförnum stöðum. Ef fyrirhugað er að efnistaka taki lengri tíma, eða ef efni er tekið úr jarðmyndunum sem erfitt getur verið að lagfæra, þá ætti að velja efnistökuastað þar sem efnistaka er sem minnst áberandi frá alfaraleið og úr jarðmyndunum sem ekki þykja sérstæðar. Einnig þarf að huga vel að staðsetningu efnistökusvæða, þar sem hávaði, ryk og önnur mengun eða óþægindi geta fylgt efnistökkunni.” (bls. 9-10).

### “Skipulagning á tilhögun efnistöku

Þegar efnistökusvæði hefur verið valið þarf að skipuleggja eftirfarandi áður en efnistaka hefst:

- Námusvæðið í heild sinni, tilhögun efnistöku, vinnslutímabil og áfangaskiptingu efnistökkunnar.
- Tilhögun landmótunar og frágangs efnistökusvæðis að efnistöku lokinni.
- Uppgræðslu efnistökusvæðis þar sem það á við.

Ofangreind atriði þurfa að liggja fyrir áður en efnistaka hefst og koma fram í áætlun um efnistöku...” (bls. 13)

### Efnistaka í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Efnisnámur eru ekki mannvirki í strangasta skilningi orðsins og oft eru þær aðeins tímabundið fyrirbæri á hverjum stað; þeim er lokað, svæðið grætt upp eða þar eru reist varanlegri mannvirki. Aftur á móti er efnistaka mannanna verki sem getur haft veruleg áhrif á ásýnd umhverfisins og í mörgum tilvikum óafturkræf áhrif. Því er vert að sveitarstjórnir marki stefnu í þessum málum þar sem ákveðið er t.d. hvar umfangsmikið efnisnám er leyfilegt og eftir hvaða leikreglum þarf að fara við tímabundna og minniháttar efnistöku.

Umfangsmesta efnistakan í sveitarfélaginu er vikurnám austan Búrfells við Hekluhaf (matsskyld framkvæmd, sjá bls. 7; úrskurður Skipulagsstofnunar frá 1. mars 2000.) Önnur vikurnáma er við Reykholt (Sundlaugarveg) og er hún nokkuð umfangsmikil. Um tíma var einnig stundað vikurnám við Stóru-Laxá. Stór efnisnáma er í norðaustanverðu Sandafelli sem Landsvirkjun hefur nýtt. Víða eru minni námur á bújörðum til einkanota, sem sumar hverjar eru einnig í einhverjum mæli, nýttar eða hafa verið nýttar í atvinnuskyni, t.d. vegna vegagerðar. Minniháttar efnistökuastaðir eru víða í sveitarfélaginu og eins hefur Vegagerðin komið með óskir og ábendingar um vænlega efnistökuastaði vegna vegagerðar og viðhalds á vegum. Sumar þessara náma hefur þegar verið lokað, ekki lengur nýttar eða lítið notaðar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um stærðir þessara náma, efnismagn, leyfilegan gildistíma og/eða áætlanir um lokun þeirra, enda í mörgum tilvikum um námur sem eingöngu eru til eigin nota að ræða og ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir til sveitarstjórnar.

Þeir efnistökuastaðir sem eru vænlegir til notkunar í atvinnuskyni, einkum vegna vegagerðar, eru sýndir á þemakorti 4, ásamt þeim umfangsmiklu efnistökuastaðum sem nefndir eru að ofan. Efnistökuastaðir sem eru til eigin nota og/eða ekki lengur í notkun eru ekki sýndir á korti (sjá lista yfir efnistökuastaði eftir ábendingum heimamanna í kafla 1.5. í Viðauka). Efnistökuastaðir sem sýndir eru á þemakorti 4 eru fyrst og fremst til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórn við mat á umsóknum um framkvæmdaleyfa til efnistöku, þar sem fylgt verður fast eftir ákveðnum reglum (sjá hér að neðan). Til að undirstrika að hér er um minniháttar efnistöku að ræða og hugsanlega mjög tímabundna, eru þessir staðir eingöngu sýndir á þemakorti en ekki á skipulagsupprætti. Eftirfarandi minniháttar efnistökuastaðir eru sýndir á þemakorti 4:

e1: Efnistaka á bökkum Þjórsár, við Murneyrar; e2: Efnistaka á bökkum Stóru-Laxár, vestan Gunnbjarnarholts; e3: Efnistaka á bökkum Stóru-Laxár, vestan Ósabakka; e4: Efnistaka á bökkum Stóru-Laxár, austan Skarðs; e5: Efnistaka (leirnáma) á bökkum Kálfár, sunnan Þjóðvegur nr. 32; e6: Efnistaka við Kálfa, sunnan Þjóðvegur nr. 32; e7: Efnisnáma við Þjórsárdalsveg nr. 32, skammt vestan Árness; e8: Efnistaka á mótum vega nr. 325 og 326, austan gatnamóta; e9: Efnistaka á



árbökkum við Austurhlíð; e10: Efnistaka við Steinsholt; e11: Efnistaka á Hlíðareyrum, austan Hlíðar; e12: Efnisnáma austan vegar nr. 329, skammt norðan Stóru-Mástungu; e13: Efnistaka beggja vegna vegar nr. 329 norðan við Minni-Mástungu; e14: Efnisnáma við Skáldabúðir, vestan vegar nr. 329; e15: Efnisnáma við Skáldabúðir, austan vegar nr. 329; e16: Efnisnáma við Þjórsá, við Þjórsárdalsveg nr. 32, skammt frá Gaukhöfða; e17: Efnisnáma við Þjórsá, við Þjórsárdalsveg nr. 32, á móts við Ásólfstaði; e18: Efnistaka í landi Ásólfstaða; e19: Efnisnáma neðan vegar sunnan Skáldabúðarheiðar; e20: Efnisnáma ofan vegar milli Skáldabúðarheiðar og Hallarmúla; e21: Efnisnáma neðan vegar við Hallarmúla; e22: Efnisnáma ofan vegar milli Langöldu og Svartárvera; e23: Efnisnáma ofan vegar við Svartárveg; e24: Efnisnáma austan Fossölduvers, skammt frá háspennulínu frá Sultartangastöð. Efni notað til vegagerðar; e25: Efnistaka norðan í Reykholti; e26: Efnistaka við fráveituskurð frá Sultartangastöð; e27 Efnisnáma við Sandafell, norðan vegar.

Umfangsmeyri efnistaka við Hekluhaf, við Reykholt, í Sandafelli og haugstæði/efnistilflutningar vegna virkjana er hinsvegar sýnd á skipulagsupprætti (E1-E4).

## Stefna:

- 1) Þess verði gætt að efnistaka, í atvinnuskyni sem og til eigin nota, fari einvörðungu fram á svæðum sem ekki hafi sérstakt verndargildi, t.a.m. ekki á svæðum á náttúruminjasrá, friðlýstum svæðum og hverfisverndarsvæðum. Forðast skal eftir megni að raska ósnortnum fjallshlíðum og ásum.
- 2) Að við veitingu framkvæmdaleyfa til efnistöku (skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.) og við eftirlit með efnistöku, verði í hvítetna farið að lagaákvæðum sem lúta að efnistöku, staðarvali hennar og frágangi efnistöku, sbr. 6. kafli náttúruverndarlaga.
- 3) Stjórn og eftirlit með efnistöku samkvæmt aðalskipulaginu grundvallast á því efnistaka í atvinnuskyni, bæði núverandi efnistaka og fyrirhuguð, verði háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar (sbr. 4 og 5. liður hér að neðan) án undantekninga. Námuhafar núverandi efnistöku, þar sem nám var hafið fyrir gildistöku náttúruverndarlaga (1. júlí 1999), hafa þó frest til 1. júlí 2007, til að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar.<sup>16</sup>
- 4) Minniháttar og tímabundin efnistaka í atvinnuskyni er sýnd á þemakorti 4. Hér er einkum um að ræða vænlega efnistöku vegna vegagerðar, sem sveitarstjórn hefur til hliðsjónar við mat á umsóknum um framkvæmdaleyfi til efnistöku. Efnistaka á öllum tilgreindum stöðum er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, ef nýta á viðkomandi námu í atvinnuskyni, sbr. lið 3 að ofan. **Sækja þarf framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar hvort sem náman er nú þegar í notkun eða ekki,**

<sup>16</sup> Hér er tekið mið af frumvarpi til laga "um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 með síðari breytingum (eldri námur)", sem lagt var fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að efnistaka yfir ákveðnum stærðarmörkum (t.d. 25.000 m<sup>2</sup>) hafi frest til ársins 2007, til að sækja um framkvæmdaleyfi, en minni námur til ársins 2010. Í aðalskipulaginu er lagt til að frestur til 2007 gildi fyrir allar eldri námur í atvinnuskyni, óháð umfangi áframhaldandi efnistöku.

sjá þó frest vegna eldri náma í lið 3. Í umsókn um framkvæmdaleyfi skal eftirfarandi koma fram:

- a. afmörkun efnistökusvæðis og lega í landslagi
- b. gera grein fyrir því hvort jarðmyndanir, vistkerfi, vatn og votlendi, sbr. 37. gr. náttúruverndarlaga, séu nálægar. Ef hætta er á röskun þeirra skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um efnistöku. Gera þarf einnig grein fyrir fornleifum og gæta ákvæða Þjóðminjalaga, m.a. 10., 13. og 14. greinar. Ennfremur þarf að gæta ákvæða lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970 m.s.br. (gr. 43) ef efnistaka er fyrirhuguð við á eða stöðuvatn, “veiðivatn”, sbr. skilgreining 1. gr. sömu laga.
- c. áætlun um umfang efnistöku og hversu lengi er áætlað að hún standi yfir.
- d. gera þarf grein fyrir því með hvaða hætti áætlað er að ganga frá svæðinu þegar efnistöku er lokið

5) Eftirfarandi meiriháttar efnistökuastaðir eru sýndir á skipulagsupprætti. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir þeirri efnistöku, ef það liggur ekki þegar fyrir, samanber liður 3 að framan og reglur um atriði sem eiga að koma fram í umsókn, sjá lið 4:

- a) Efnistökuastaðir sem heyra undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (sbr. ákvæði um stærðarmörk):  
**E1:** Hekluhaf við Búrfell, um 140 ha. Námusvæðið er utan eignarlanda austan Búrfells og vestan Þjórsár, samkvæmt sérvinnsluleyfi frá iðnaðarráðuneytinu og gildir frá 1. júlí 1998 til 1. júlí 2018.<sup>17</sup> Svæðið hefur farið í mat á umhverfisáhrifum, sbr. úrskurð í mars 2000 (skipulag.is)
- b) Önnur meiriháttar efnistaka í atvinnuskyni samkvæmt aðalskipulaginu verði leyfð á eftirfarandi stöðum.  
**E2:** Vikurnáma í Reykholti, við “Sundlaugarveg”. Nám á svæðinu er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og þurfa námuhafar að gera grein fyrir þeim atriðum sem koma fram í 4. lið að ofan.  
**E3:** Náma Landsvirkjunar í Sandafelli. Nám á svæðinu er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og þurfa námuhafar að gera grein fyrir þeim atriðum sem koma fram í 4. lið að ofan.  
**E4:** Efnistaka/efnistilflutningar (haugstæði) vegna virkjanaframkvæmda. Um er að ræða söfnun á efni sem til fellur og verður það fellt að landslagi og grætt upp. Framkvæmdir verða háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og þarf að gera grein fyrir þeim atriðum sem koma fram í 4. lið að ofan. Um efnistöku á hálendi vegna miðlunarlóna, sjá Viðauka VIII.

<sup>17</sup> Niðurstöður frumathugunar og úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um vikurnám í Hekluhafi við Búrfell, 1. mars 2000.

- 6) Ef ekki liggur fyrir endanleg umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða efnistöku samkvæmt aðalskipulaginu, er óheimilt að veita framkvæmdaleyfi til efnistökkunnar fyrr en að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.**

**Mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:** Erfitt er að leggja mat á heildar umhverfisáhrif væntanlegrar efnistöku í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu, á þessu stigi. Með ákveðnari leikreglum um veitingu framkvæmdaleyfa (sbr. liður 3 og 4 að framan) og almennum ákvæðum um hvar efnistaka er ekki heimil eða óæskileg (sbr. liður 1 að framan og almennt stefna um verndarsvæði), er reynt að tryggja að svæðum með verndargildi verði ekki raskað og almennt að umhverfisáhrif efnistökkunnar á landslag verði sem minnst. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem koma fram í umsókn námuhafa um framkvæmdaleyfi (sbr. liður 4), verður metið hvaða skilyrðum efnistakan verður háð, hvort forsvaranlegt sé að hefja efnistöku á viðkomandi svæði yfir höfuð eða hvort frekari efnistaka verður leyfð. Sérstaklega er mikilvægt að námuhafar efnistökuá E2 og E3 skili inn ítarlegum gögnum með umsókn um framkvæmdaleyfi. Varðandi efnistöku á hálendinu, sjá Viðauka VII. Ennfremur verður að gera ráð fyrir að leita þurfi umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi verður veitt, þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um efnistökkuna á aðalskipulagsstiginu (sbr. liður 6 að ofan).

## 8. SORPFÖRGUN OG SORPHIRÐA:

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Sorpörgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla. Íbúðir eru ekki heimilar á sorpförgunarsvæðum”

### Sorphirða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Byggðasamlag er starfandi meðal nokkurra sveitarfélaga á Suðurlandi um sorphirða og urðun en það er Skeiða- og Gnúpverjahreppur er aðila að þessu byggðasamlagi. Það er Sorpstöð Suðurlands sem sér um framkvæmdina. Allt sorp er urðað við Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi.

### Stefna:

- 1) Aðalskipulagið gerir ekki ráð fyrir sorpförgunarsvæðum innan sveitarfélagsins enda aðili að byggðasamlagi sem rekur Sorpstöð Suðurlands í landi Kirkjuferjarhjáleigu.
- 2) Unnið verði að umbótum í sorphirðumálum, m.a. að aukinni flokkun sorps, og samvinna verði áfram við nágrannasveitarfélög um urðun sorps.
- 3) Sorpgámar fái fasta staðsetningu og við staðarval verði tekið tillit til aðgengis (sem næst þjóðvegi) og áhrifa á nærliggjandi umhverfi.
- 4) Mælt er með staðsetningu sorpgáma innan athafna- og iðnaðarsvæða en heimilt verður einnig að staðsetja þá innan verslunar- og þjónustusvæða, svæði fyrir frístundabyggð, landbúnaðarsvæða og opnum svæðum til sérstakra nota enda verði tryggt að allur frágangur verði snyrtilegur.
- 5) Mælt er til þess að bændur og aðrir rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu plastefna sem falla til í rekstri svo nýta megi þau til endurvinnslu.

Aðal móttökustaðir heimilissorps er á svæði innan þéttbýliskjarnanna í Brautarholti og í Árnesi. Þar er einnig tekið á móti spilliefnum, brotajárni og rúlluplasti (í Árnesi). Umræddir móttökustaðir eru innan skilgreindra athafnasvæði. Gámar undir heimilissorp eru víðar í sveitarfélaginu, m.a. í Þjórsárdal.

## 9. LANDBÚNAÐARSVÆÐI:

### Skilgreiningar samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem er nýtt til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni” (gr. 4.14.1.)

“...Áburðargeymslur og gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, og svínabú mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli og ekki sé hætta á mengun grunnvatns, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn.” (gr. 4.14.2.)

### Landbúnaður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi – þróun og horfur:

Ólíkt mörgum sveitarfélögum í Árnessýslu hefur vægi landbúnaðar haldist nokkuð stöðugt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á undanförunum árum. Ræður þar mestu efling kúabúskapur en sauðfjárbúskapur hefur sætt miklum samdrætti eins og víða um land. Ekki er þó líklegt að vægi landbúnaðar í atvinnusköpun í sveitarfélaginu aukist jafnvel þó hann eflist að öðru leyti og búskaparhættir verði fjölbreyttari. Stærri einingar í mjólkurframleiðslu munu leiða til meiri tæknivæðingar og framleiðni og þar að leiðandi ekki kalla á mikla fjölgun starfa.

4. tafla. Landbúnaður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 1988-2002						
A: Landbúnaður á Skeiðum 1988-2001 – samantekt						
	1988	1993	1998	2001	1988-1998	1998-2001
Nautgripir	1592	1605	1714	1561	7,66%	-8,93%
Kýr	803	742	753	714	-6,23%	-5,18%
Sauðfé	3135	2246	2203	1523	-29,73%	-30,87%
Ær	2463	1743	1671	1195	-32,16%	-28,49%
Hross	549	778	1027	1090	87,07%	6,13%
Ærgildi (ær og kýr)	18523	16583	16731	15475	-9,67%	-7,51%
B: Landbúnaður í Gnúpverjahreppi 1988-2001 – samantekt						
	1988	1993	1998	2001	1988-1998	1998-2001
Nautgripir	932	1025	1174	1277	25,97%	8,77%
Kýr	449	471	509	529	13,36%	3,93%
Sauðfé	4386	2650	2314	2206	-47,24%	-4,67%
Ær	3523	2100	1775	1714	-49,62%	-3,44%
Hross	506	654	725	750	43,28%	3,45%
Ærgildi (ær og kýr)	12503	11520	11955	12294	-4,38%	2,84%
C: Landbúnaður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 1988-2001 – samantekt						
	1988	1993	1998	2001	1988-1998	1998-2001
Nautgripir	2524	2630	2888	2838	14,42%	-1,73%
Kýr	1252	1213	1262	1243	0,80%	-1,51%
Sauðfé	7521	4896	4517	3729	-39,94%	-17,45%
Ær	5986	3843	3446	2909	-42,43%	-15,58%
Hross	1055	1432	1752	1840	66,07%	5,02%
Ærgildi (ær og kýr)	31026	28103	28686	27769	-7,54%	-3,20%
Heimild: Forðagæsluskýrslur Bændasamtaka Íslands 1989, 1994, 1999, 2002						

Alls eru um 106 býli í ábúð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og var stundaður búskapur á um 90% býlanna. Mjólkurframleiðsla og nautgriparækt er ríkjandi búgrein. Ekki hefur verið verulegur samdráttur í þeirri búgrein á undanförunum árum og vöxtur var á tímabilinu 1988 til 1998. Í sauðfjárræktinni hefur orðið verulegur samdráttur og er vægi þeirrar greinar ekki mikið í landbúnaði á svæðinu eða rúmlega 10%. Hrossum hefur fjölgað nokkuð eins og víða annars staðar á landinu. Á tímabilinu 1988-1998 fjölgaði hrossum í sveitarfélaginu um 66%.

Nytjaskógrækt er vaxandi búgrein í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Nytjaskógrækt er stunduð, eða áform um hana, á 19 jörðum í Eystra-Hreppi (Gnúpverjahreppi) og á 7 jörðum á Skeiðum. Skjólbeltaræktun hefur verið stunduð á allmörgum bæjum á undanförunum árum, einkum á Skeiðum, og eru að bætast við fleiri jarðir í þann hóp. Ferðapjónustu er ennfremur vaxandi sem aukabúgrein á bújörðum.

Vegna aukinnar fjölbreytni í búskaparháttum og aukinnar ásóknar í búsetu í sveitum án þess að ábúandi áformi að hafa landbúnað að aðalatvinnu, verður almennt að gæta aukins sveigjanleika í stýringu á landnotkun á bújörðum.

<b>5.tafla-A: Umfang skógræktar á Skeiðum - aðalskipulag 2004-2016</b>			
<i>Jarðir þar sem eingöngu er stunduð skjólbeltarækt eru skáletraðar</i>			
<b>Jarðir þar sem er stunduð eða áformuð nytjaskógrækt eru feitlettraðar – einnig skjólbelti</b>			
<i>Jarðir þar sem stunduð er frístundaskógrækt eru sýndar með venjulegu letri</i>			
<b>Jörð:</b>	<b>Stærð (ha)</b>	<b>Trjátegundir</b>	<b>Landgæði/náttúrufar</b>
<i>Andrésarfjós</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Arakot</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<b>Álfsstaðir</b>	20	uppl. ekki fyrir.	Framræst land
Árhraun	43	uppl. ekki fyrir.	Tún
<i>Birnustaðir</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
Birnustaðir II			
<i>Björnskot</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Blesastaðir</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Blesastaðir II</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Blesastaðir-dvalarheimili</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Borgarkot</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Brjánsstaðir</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
Efri-Brúnavellir			
<i>Fjall II</i>	9	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Hlemmiskeið II</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
Hlemmiskeið IV			
<i>Hlemmiskeið V</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<b>Húsatóftir I</b>	10	uppl. ekki fyrir.	
<i>Húsatóftir II</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<b>Kálfhóll I / Sléttaból</b>	56	uppl. ekki fyrir.	Engjar, árbakki
<i>Kálfhóll II</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<b>Langamýri</b>	6	uppl. ekki fyrir.	Framræst land
<i>Norðurgarður</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Ólafsvellir</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Ósabakki II</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<b>Reykhóll</b>			Eyrar, mólendi
<b>Reykir</b> (í bland við sumarhús)	32	uppl. ekki fyrir.	Eyrar, árbakki, mólendi
<b>Reykjahlíð</b> (í bland við sumarhús)	85	uppl. ekki fyrir.	Eyrar, mólendi

<i>Skeiðhólt I</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Skeiðhólt II</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Vorsabær I</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Vorsabær II</i>	5	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land
<i>Votamýri</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað/framræst land

### 5.tafla-B: Umfang skógræktar í Gnúpverjahreppi – aðalskipulag 2004-2016

*Jarðir þar sem eingöngu er stunduð skjólbeltarækt eru skáletraðar*

**Jarðir þar sem er stunduð eða áformuð nytjaskógrækt eru feitletraðar – einnig skjólbelti**

*Jarðir þar sem stunduð er frístundaskógrækt eru sýndar með venjulegu lettri*

Jörð:	Stærð (ha)	Trjátegundir	Landgæði/náttúrufar
<b>Austurhlíð</b>			
<i>Ásar</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað land
<b>Ásbrekka</b>	<b>164,5</b>	uppl. ekki fyrir.	Ræktað land/móabrekkur
<b>Ásólfstaðir II</b>	<b>34,7</b>	uppl. ekki fyrir.	Ræktað land/móabrekkur
<b>Breiðanes</b>	<b>122</b>	uppl. ekki fyrir.	Framræst land
<b>Fossnes</b>	<b>19,5</b>	uppl. ekki fyrir.	Ræktað land/móabrekkur
<b>Hagi II</b>			
<b>Hamarsheiði</b>	<b>32</b>	uppl. ekki fyrir.	Móabrekkur
<i>Hæll III</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Ræktað land
<b>Hæll III</b>			
<b>Klettur</b>			
<b>Laxárdalur</b>	<b>171,5</b>	uppl. ekki fyrir.	Móabrekkur/melar
<b>Lækjarekka</b>	<b>34,5</b>	uppl. ekki fyrir.	Ræktað land/móabrekkur
Miðhús II			
<b>Minni-Mástunga</b>			
Sandlækur I og II			
<b>Sandlækjarkot</b>	<b>80</b>	uppl. ekki fyrir.	Framræst land
<b>Skaftholt</b>			
<b>Skarð II</b>			
<b>Skáldabúðir</b>			
<i>Stóra-Hof</i>	Skjólbelti	uppl. ekki fyrir.	Móar
<b>Stöðulfell</b>	<b>23</b>	uppl. ekki fyrir.	Móabrekkur
<b>Tröð</b> (prestbústaður)			
Víðihlíð			
<b>Þrándarholt</b>			
<b>Þrándarlundur</b>			
Skriðufell (Skógrækt ríkisins)			

Skrifstofa Suðurlandsskóga 2003 – Spurningakönnun 2000-2003

## Stefna:

- 1) Skeiða- og Gnúpverjahreppur er landbúnaðarhérað og er öll heimalönd bújarða á láglandi skilgreind sem landbúnaðarsvæði, nema þar sem önnur landnotkun hefur verið ákveðin.
- 2) Nýting landbúnaðarsvæða sem merkt eru sem náttúruminjasvæði, hverfisverndar- eða vatnsverndarsvæði geta verið háð vissum takmörkunum og strangara eftirliti (sjá ákvæði hér að neðan og 15-18. kafla).
- 3) Nytjaskógrækt er leyfileg á öllum landbúnaðarsvæðum en getur verið háð vissum skilyrðum og takmörkunum á náttúruminjasvæðum (sbr. 37 og 38 gr. náttúruverndarlaga), vatnsverndarsvæðum (sjá 17. kafla) og hverfisverndarsvæðum (sjá 18. kafla). Ennfremur er gert ráð fyrir að nytjaskógrækt fari ekki nær vatnsbakka en sem nemur 30-50 m og raski ekki náttúrulegum skógi (sbr. 39 gr. náttúruverndarlaga).
- 4) Áform um nytjaskógrækt skal tilkynna til sveitarstjórnar áður en hún hefst, þar sem fram kemur í tilkynningu umfang ræktunar, staðsetning og afmörkun svæðis, afstaða til náttúruminja (t.a.m. raski ekki jarðmyndunum, vistkerfum, vötnum og votlendi skv. 37. gr. náttúruverndarlaga) og náttúrulegs skógar (sbr. 39. gr. náttúruverndarlaga), vatnsfalla (fjarlægð frá vatnsbakka) og menningarminja (sbr. sbr. 14 gr., 10 gr. og 13. gr. Þjóðminjalaga) og trjátegundir sem fyrirhugað er að rækta. Skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða stærra, fer inn á verndarsvæði eða hefur í för sér ruðning á náttúrulegum skógi, og er þar með tilkynningaskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 106/200 (sjá 2.viðauki, 1.d. og 3. viðauka, 2. lið iii), er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Ennfremur þarf að meta í slíkum tilvikum hvort skógræktin skuli vera matskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 (sjá 5. og 6. greinar laganna). Áform um ræktun skjólbelta sem liggja nærri vegum skal ennfremur tilkynna til sveitarstjórnar.
- 5) Afmörkun helstu svæða fyrir nytjaskógrækt (sbr. þemakort 5 og 5. tafla A og B), er til upplýsingar um umfang skógræktar samkvæmt núverandi áformum en er ekki bindandi sem slík í aðalskipulaginu, sbr. lið 3.
- 6) Uppgræðsla lands á landbúnaðarsvæðum getur verið framkvæmdaleyfisskyld sbr. 27 gr. skipulags- og byggingarlaga. Uppgræðsla á verndarsvæðum (m.a. náttúruminjasvæðum, hverfisverndarsvæðum og helgunarsvæði fornleifa, sbr. 3. viðauki, 2 liður iii) er tilkynningaskyld framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000, 2. viðauki, liður 1e) og er í öllum tilvikum framkvæmdaleyfisskyld. Ekki eru skilgreind sérstök svæði í aðalskipulaginu vegna uppgræðslu lands á landbúnaðarsvæðum.



- 7) **Takmörkuð veitinga- og gistipjónusta og minjagripaverslun er leyfileg á landbúnaðarsvæðum, ef um aukabúgrein er að ræða. Tilgreina þarf í deiliskipulagi hvaða starfsemi er fyrirhuguð og umfang hennar. Ef um umfangsmikla uppbyggingu ferðapjónusta er að ræða á bújörðum verður að skilgreina svæðið sem verslunar- og þjónustusvæði. Við mat á slíku verður horft til þess hversu vinnuafslæk þjónustan er og hversu mikla umferð ferðamanna hún dregur að.**
- 8) **Þó að á landbúnaðarsvæðum skuli fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingu og starfsemi sem tengist búrekstri á viðkomandi jörð, þá skal vera leyfilegt að byggja stök íbúðarhús á jörðinni þar sem aðstæður leyfa, sem ekki eru tengd búrekstri, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem íbúðarsvæði. Æskilegt er að slík íbúðarhús séu sem mest byggð upp í tengslum við bæjarhlöð jarðanna og nýti sömu afleggjara frá þjóðvegi.**
- 9) **Leyfilegt verði að reisa allt að 3 stök frístundahús á hverri bújörð, án þess að skilgreina þurfi svæði fyrir frístundabyggð.**
- 10) **Ekki er heimilt að staðsetja hjólhýsi, kofa eða gróðurhús á bújörðum nema með samþykki sveitarstjórnar og skipulags- og byggingaryfirvalda.**

### **Mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar, framkvæmda og ræktunar á landbúnaðarsvæðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Samkvæmt áformum um nytjaskógrækt, skjólbeltarækt og uppbyggingu sumarhúsasvæða (sjá 10. kafla), verða umtalsverðar breytingar á núverandi landbúnaðarlandi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Auk þess munu virkjanaf framkvæmdir (sjá 6. kafla) og fyrirhuguð smábýlasvæði (sjá 2. kafla) hafa veruleg áhrif á nýtingu lands á einstökum bújörðum. Ofangreind áform munu óhjákvæmilega leiða til skerðingar á landi til hefðbundins landbúnaðar. Í flestum þeim tilvikum þar sem gengið er á ræktað land, er þó hægt að bæta það upp með ræktun á öðru landi sem nú þegar er framræst.

Áform um nytjaskógrækt eru umfangsmikil, einkum í Eystri-Hreppi og þar verður að gæta þessa að áhrif skógræktarinnar verði sem minnst á hefðbundið búsetulandslagið, vallendisása og hlíðabeltin. Sérstaklega verður að gæta þess að raska sem minnst svæðum þar sem náttúrulegur skógur er fyrir. Á Skeiðum er nytjaskógræktin í flestum tilvikum fyrirhuguð á landi sem hefur fremur lítið verndargildi (framræst land, tún og mólendi; sjá 5. töflu A) en gæta verður þess að svæðum með verndargildi verði ekki raskað.

## 10. SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAFYGGÐ:

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli”

### Frístundabyggð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi – staða:

#### Skeið:

Á Skeiðum eru sumarbústaðir á 13 jörðum. Heildarfjöldi bústaða þar er um 25 og standa þeir víða stakir og eru einn til þrír bústaðir á mörgum jörðum. Í landi Framnes hefur verið deiliskipulagt sumarbústaðahverfi. Auk þess liggur fyrir samþykkt skipulag sumarbústaða í land Vorsabæjar I. Sumarbústaðir eru á eftirfarandi jörðum (fjöldi innan sviga): 1) Framnes (1 bústaður) ; 2) Efri Brúnavellir I og II ( 2 bústaðir); 3) Ósabakki I (2 bústaðir); 4) Kálfhóll II (1 bústaður); 5) Votamýri I (1 bústaður og 2 lóðir); 6) Kálfhóll I (1 bústaður); 7) Skeiðháholt I og II (4 bústaðir); 8) Kílhraun (2 bústaðir); 9) Blesastaðir (2 bústaðir); 10) Árhraun (1 bústaður); 11) Framnes II (2 bústaðir); 12) Langamýri I (2 bústaðir); 13) Brautarholt (2 bústaðir); 14) Skeiðháholt (1).

Samkvæmt spurningakönnun vorið 2000 og vettvangskönnunum haustið 2000 og sumarið 2001 eru áform um sumarhúsauppbyggingu á alls 23 jörðum, þar af á 9 jörðum þar sem ekki eru sumarhús fyrir (6. tafla A).

#### Gnúpverjahreppur:

Skipulögð sumarhúsaabyggð er á nokkrum stöðum í sveitinni og stakir bústaðir eru á velflestum jörðum. Skipulögð sumarhúsaabyggð er á eftirfarandi stöðum:

- 1) Löngudælaholt við Kálfá, en þar lét hreppurinn skipuleggja svæði fyrir 21 frístundarhús á sínum tíma. Á vormánuðuðum 2002 var svæðið stækkað í deiliskipulagi og er þar nú gert ráð fyrir 5 frístundahúsum til viðbótar.
- 2) Í landi Réttarholts er gert ráð fyrir 29 frístundarhúsum, en þegar hafa verið byggð 5.
- 3) Trésmiðafélag Reykjavíkur keypti jörðina Stóra-Hof árið 1991 og gerir skipulag jarðarinnar ráð fyrir 88 frístundarhúsum. Félagið á einnig svæði norðar Þjóðveggar (nr.32) en það svæði hefur ekki verið skipulagt,
- 4) Í landi Ásólfstaða eiga félagasamtök og fyrirtæki 5 frístundarhús, og í Skriðufellsskógi á Búnaðarbankinn 3 frístundahús, en hefur leyfi fyrir alls 10.
- 5) Í landi Skriðufells hefur Landsíminn staðið fyrir enduruppbyggingu bæjarstæðis og að auki er gert ráð fyrir um 5-7 frístundahúsum og tjaldsvæði.

Samkvæmt spurningakönnun haustið 2002 eru áform um sumarhúsauppbyggingu á alls 10 jörðum, þar af á 3 jörðum þar sem ekki eru sumarhús fyrir (6. tafla B).

**Hjólhýsi:**

Á þremur síðastliðnum áratugum hefur þróast skipulagslaus hjólhýsabyggð í landi Skriðufells í Þjórsárdal. Alls eru þar nú u.þ.b. 140 hjólhýsi. Flest þeirra hafa orðið til á vegum fyrrum ábúanda á Skriðufelli en eru nú rekin á vegum Skógræktar ríkisins. Hjólhýsin eru að hluta til í skógarkjarri, en önnur á túnjöðrum á mótum Sandár og Hvammsár og eru þau áberandi frá þjóðvegi. Fyrirkomulag flestra hjólhýsanna uppfyllir ekki þau skilyrði sem byggingarreglugerð setur og hefur á undanförunum árum staðið styr um þessa byggð. Þeim málum má nú segja að sé lokið og hefur Skógrækt ríkisins yfirtekið rekstur svæðisins í samráði við félag hjólhúsaeigenda og byggist það á endurskoðuðu deiliskipulagi sem unnið var í samráði við hagsmunaaðila. Hjólhýsin eru flest jarðföst. Áður voru, byggð við þau sólskálar, verandir og skjólveggir og í sumum tilfellum voru fjarlægðir þeirra á milli of stuttar. Þessum málum hefur verið snúið til betri vegar. Sökum jarðfestunnar og áfastra mannvirkja var varla hægt að tala um færanleg hjólhýsi. Nær var að kalla þau ódýra útfærslu á sumarbústað, án þess að falla undir lög, reglugerðir og gjaldtöku sem um sumarbústaði gilda. Frárennslismálum í hjólhýsaþyrpingunni er enn um margt ábótavant.

Haustið 2001 var deiliskipulag unnið fyrir svæði og í því settir strangir skilmálar um hjólhýsin. Með því má gera ráð fyrir að nokkur sátt hafi náðst um svæðið. Mikil tiltekt hefur verið á svæðinu síðastliðin ár og með tilkomu deiliskipulagssins má gera ráð fyrir að svæðið verði til frambúðar í mun betra horfi en það hefur verið síðustu ár.

Þó fjallað sé um hjólahýsasvæðið í þessum kafla, þá er það ekki skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð heldur sett í flokkinn opin svæði til sérstakra nota (sjá 11. kafla).

**Veiðihús:**

Veiðihús eru á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu; m.a. þrjú hús við Stóru-Laxá, eitt hús við Kálfá og eitt við Fossá.

**Fjallaskálar:**

Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis er getið um eina jaðarmiðstöð og er það skáli í Hólaskógi sem er vinsæll áningarstaður hestamanna og fyrsti áfanginn á hálandinu. Í svæðisskipulaginu er getið um einn skála á afrétti og er það Gljúfurleit. Auk þess er getið um mörg fjallasel og eru þar helst að nefna einkaskálann Setrið sunnan Hofsjökuls milli Kisu- og Hnífárbotna og er hann á vegum 4x4 ferðaklúbbssins. All mörg fjallasel eru á vegum upprekstrarfélags Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverja, gangnamannahús er við Hallarmúla, Sultarfit, Klett, við Skeiðamannafit, Bjarnalækjarbotna og Tjarnaver. Auk þessara skála eru hús/skýli við línuveginn (Ísakot) og skáli við Nautöldu í Þjórsárverum (nú í einkaeign en þar var áður starfrækt Rannsóknastöð Orkustofnunar 1970-1974) við mörk Gnúpverjahrepps (sjá nánar Viðauki I). Á afrétti Gnúpverja eru eldri fjallasel á nokkrum stöðum þó þeirra sé ekki getið í svæðisskipulagi. Þau helstu eru Skógarkot, Lambhöfði, Trantur, Dalsárkofi, Kjálkaver, og Bólstaður. Annar skáli er í Grjótárkrika og er hann nokkuð illa farinn.

## Stefna:

- 1) Sveitarstjórn lítur jákvæðum augum á uppbyggingu sumarhúsahverfa en gæta verður þess að sumarhúsabyggðin fari vel í umhverfinu.
- 2) Að sumarhúsabyggð rísi sem mest á samfelldum svæðum innan hvefarrar jarðar, þar sem við deiliskipulagningu verði leitast við að samnýta aðkeyrslu frá þjóðvegi, bílastæði, lagnir, rotprær, leiksvæði, göngustíga og útivistarsvæði. Gera þarf sérstaka grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi sumarhúsasvæða og ennfremur vatnsöflun og fráveitu. Mikilvægt er að þess sé gætt í deiliskipulagi hvers svæðis að góð göngutengsl séu við nærliggjandi útivistarsvæði.
- 3) Að ný sumarhúsahverfi verði einkum deiliskipulögð í beinu framhaldi af núverandi sumarhúsabyggð eða þar sem stakir bústaðir standa. Forðast ber að samþykkja deiliskipulag stakra eða örfárra sumarhúsa innan skilgreindra sumarhúsavæða.
- 4) Að jafnaði skal gert ráð fyrir að um ¼ lands, sem skilgreint er sem sumarhúsasvæði í aðalskipulaginu, verði tekið frá í deiliskipulagi sem opið svæðið til almennrar útivistar í þágu sumarhúsabyggðar á viðkomandi svæði.
- 5) Þegar lagt er fram deiliskipulag sumarhúsalóða sem er hluti af stærra óskipulögðu svæði fyrir frístundabyggð, skal í deiliskipulaginu gera grein fyrir, í stórum dráttum, heildarskipulagi alls svæðisins varðandi vega- og veitukerfi, göngustíga og útivistarsvæði og gera skal grein fyrir áfangaskiptingu síðari uppbyggingar. Á svæðum þar sem sýnd er blönduð landnotkun frístundabyggðar og opinna svæða til sérstakra nota (sjá Stóra-Hof/Bólstað og Skriðufell) er sérstaklega mikilvægt að nánari afmörkun landnotkunar komi skýrt fram á deiliskipulagi sem nær til svæðisins í heild eða á heildarskipulagi sem fylgir deiliskipulagi hluta svæðisins, sbr. að ofan.
- 6) Leyfilegt verði að byggja allt að 3 stök sumarhús á bújörð, innan landbúnaðarsvæða, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem svæði fyrir frístundabyggð í aðalskipulagi.
- 7) Stærðir sumarhúsalóða skulu að meðaltali vera á bilinu 0,5 til 1,0 ha. Þó verður leyfilegt að skipuleggja þyrpingar sumar- og orlofshúsa á t.d. 1500-2000 m<sup>2</sup> lóðum og í öðrum tilvikum verður heimilt að skipuleggja stærri lóðir, t.d. 2 ha, enda verði slík uppbygging að mestu bundin við afmörkuð svæði.
- 8) Á hálendinu eru eftirfarandi fjallaskálar og leitarmannakofar skilgreindir sem frístundabyggð. Á eftirtöldum svæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum skála til almennra nota. Skilgreining skv. svæðisskipulagi miðhálandis er undirstrikuð: Hólaskógur, jaðarmiðstöð er einnig skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði (sjá 4. kafla); Klettur - fjallasel; Lambhöfði – ekki getið í svæðisskipulagi; Hallarmúli – fjallasel; Sultarfit – fjallasel; Skógarkot, Gljúfurleit - skáli;

**Trantur, Skeiðamannafit – önnur mannvirki; Dalsárkofi - ekki getið í svæðisskipulagi; Bjarnalækjapotnar, - fjallasel; Kjálkaver ekki getið í svæðisskipulagi; Setrið – fjallasel; Tjarnarver – önnur mannvirki; Bólstaður, Nautalda (Nauthagi) – önnur mannvirki; Sóleyjarhöfði í Þjórsárverum – önnur mannvirki; Geldingarás við Þjórsá, – önnur mannvirki; skáli við Sultartangalínu skammt austan Tjaldfells - ekki getið í svæðisskipulagi.**

Heimilt er að viðhalda og bæta við húsakost eftir því sem efni og ástæður þykja til vegna ferða- og gangnamanna, þó svo að þeirra sé ekki getið í svæðisskipulagi um miðhálandi Íslands.

### **Afmörkun og lýsing svæða:**

Í tillögunni eru merkt þau sumarhúsasvæði sem eru þegar uppbyggð, þar sem fyrir liggur samþykkt deiliskipulag og svæði þar sem landeigendur hafa áform um að byggja upp en deiliskipulag liggur ekki fyrir (sjá skipulagsuppdraetti. Ekki er gerður greinarmunur á þessum svæðum á skipulagsuppdraetti. Á skipulagsuppdraetti er að jafnaði ekki sýndir stakir sumarhúsaðir sem standa utan sumarhúsavæða en gert er ráð fyrir að leyfilegt sé að endurbyggja viðkomandi húsaðir.

### **Mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar frístundabyggðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir verulegri stækkun á svæðum fyrir frístundabyggð. Miðað við fullbyggð frístundabyggðarsvæði, sbr. tillaga, gæti heildarfjöldi sumarhúsa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi orðið í kringum 1400, þ.m.t. um þeir húsaðir sem þegar eru byggðir. Hér er miðað við um 1400 ha heildarstærð sumarhúsaðalanda (6. tafla) og u.þ.b. 1 ha lands (brúttó) að meðaltali á hvern húsað. Við mat á umhverfisáhrifum hugsanlegrar sumarhúsaþbyggingar, verður að hafa í huga að skilgreining svæða fyrir frístundabyggð er í mörgum tilvikum hugsuð með það fyrir augum að auka sveigjanleika landeigenda til að deiliskipuleggja sumarhúsaþbyggingu á sinni bújörð. Þess vegna er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að samfelld sumarhúsaþbygging (ávallt með 25% svæða til útivistar, sbr. ákvæði að ofan), muni rísa á öllum þeim svæðum sem skilgreind og frátekin eru sem svæði fyrir frístundabyggð. Í landi Stóra-Hofs/Bólstaðar, þar sem gert er ráð fyrir blöndu frístundabyggðar og opinna svæða til sérstakra nota á mjög víðáttumiklu svæði (sjá 6. töflu B), er mikilvægt að sett verði fram heildaráætlun um landnotkun í deiliskipulagi, jafnvel þó aðeins sé verið að leggja fram deiliskipulag fyrir hluta svæðisins (sjá stefnuatriði nr. 5, bls. 44).

Það er því erfitt er að meta umhverfisáhrif hugsanlegrar sumarhúsaþbyggingar á þessu stigi. Í flestum tilvikum eru þó ný sumarhúsasvæði á landi sem hefur fremur lítið verndargildi (tún, framræst land og mólendi, sjá 6. töflu A og B). Á svæði F4 fyrir frístundabyggð, í landi Kílhrauns, verði þó sérstaklega gætt að kröfum til fráveitu og vandað til lausna í þeim efnum, vegna hugsanlegrar afmörkunar fjarsvæðis vegna

vatnsauðlinda í landi Hjálmhólts, sbr. tillaga að aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015.

Helstu umhverfisáhrif aukinnar sumarhúsabyggingar verða: a) sjónræn áhrif bygginga og trjáræktar umhverfis þær, sem koma til með að breyta ásýnd landsins; b) framkvæmdir vegna veitumannvirkja og vegagerðar; c) losun úrgangs, einkum skólps en áhrif vegna þessa verða í lágmarki enda ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp (nr. 798/1999) fylgt eftir; d) aukin bílaumferð; e) aukinn ferðamannstraumur og uppbygging ferðapjónustu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Á hverju deiliskipulagssvæði sumarhúsa verður að skrá og kanna fornleifar, áður en gengið er formlega frá deiliskipulaginu og nokkrar framkvæmdir hefjast, sbr. stefnuatriði í 16. kafla.

<b>6.tafla-A: Svæði fyrir frístundabyggð á Skeiðum – aðalskipulag 2004-2016</b>			
Jörð:	Stærð (ha)	Byggingarstig <sup>18</sup>	Landgæði/náttúrufar
<b>F16:</b> Áfsstaðir	70,3	D	Framræst land, tún, mólendi
<b>F5:</b> Árhraun	91,8	D	Gróið hraun, mólendi
<b>F12:</b> Blesastaðir	9,7	B	Framræst land, mólendi
Brautarholt	2 bústaðir	A	
<b>F9, F10:</b> Brjánsstaðir	35,5	D	Mólendi, tún
Efri Brúnavellir I og II	2 bústaðir	A	
<b>F36:</b> Framnes	45,0	C	Mólendi, framræst land
<b>F15:</b> Húsatóftir I	2,3	D	Tún, framræst land
<b>F1:</b> Kálfhóll	7,3	D	Engjar, framræst land, mólendi
<b>F3, F4, F7:</b> Kílhraun	63,5	C	Tún, mólendi, hraun
<b>F8:</b> Langmýri I	16,1	C	Mólendi, framræst land
<b>F6:</b> Ólafsvellir (torfan)	72,0	D	Mólendi, hraun
Ósabakki I	2 bústaðir		
<b>F17-F21</b> Reykjatorfan (í bland við skógrækt)	209,1	D	Mólendi, framræst land
<b>F14:</b> Skeiðháholt I og II	37,4	C	Framræst land, tún
<b>F2:</b> Sléttaból	16,8	D	Framræst land
Vorsabær	2 bústaðir		Mólendi, framræst land
<b>F11, F13:</b> Votamýri	41,8	C	Framræst land, engjar
<b>6.tafla-B: Svæði fyrir frístundabyggð í Gnúpverjahreppi – aðalskipulag 2004-2016</b>			
Jörð/svæði:	Stærð (ha)	Byggingarstig	Landgæði/náttúrufar
<b>F32:</b> Ásólsstaðir I	(12)	A	Mólendi/hlíðar
<b>F33:</b> Ásólsstaðaskógur	(12)		Birkikjarr
<b>F24, F25:</b> Eystra-Geldingaholt	21,6		Mólendi/tún
<b>F38:</b> Vestra-Geldingaholt	25,0		Mólendi/hlíðar
<b>F30:</b> Fossnes	19,8		Mólendi
<b>F31:</b> Hagi	68,6		Tún/mólendi
<b>F26:</b> Hamarstunga	18,5	B	Mólendi
<b>F35:</b> Hamarsheiði	15	D	Tún/mólendi
<b>F27:</b> Leiti	3,3		Tún/hlíðar
<b>F39:</b> Miðhús I-II	90,0		Ræktað land/framræst land
<b>F29:</b> Minni-Mástunga	2,5		Tún
<b>F28:</b> Réttarholt	12,5	C	Tún/hlíðar
<b>F22:</b> Sandlækur I og II	5,4		Ræktað land/framræst land
<b>F34:</b> Skriðufell/ Skriðufellsskógur	(30)	C	Hlíðar
<b>F23:</b> Stóra-Hof/Bólstaður – í bland við opið svæði til sérstakra nota	363,5	C	Mólendi
<b>F37:</b> Þrándarlundur		D	Mólendi

<sup>18</sup> Byggingarstig flokkast eftirfarandi: A: fullbyggt; B: uppbygging langt komin; C: uppbygging hafin; D: óbyggt.

## 11. OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA:

### **Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):**

“Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skruðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallybrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði”

### **Útivist og dægradvöl í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Helstu útvistarsvæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru í tengslum við þéttbýliskjarnana og ferðamannasvæði í Þjórsárdal. Með vaxandi sumarhúsabyggð og ferðamannastraumi er mikilvægt að skapa fleiri möguleika á útivist og dægradvöl í opinni náttúru, með deiliskipulagi og markvissri uppbyggingu. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru mörg svæði með mikið útvistargildi, einkum í efri hluta sveitarfélagsins og margar náttúruperlur sem hafa verndargildi. Mikilvægt er að skapa fleiri útvistarmöguleika í tengslum við þá ferðaþjónustu sem er að vaxa og væntanlega sumarhúsabyggð. Möguleikar til útivistar og ferðaþjónustu eru vissulega mun minni á Skeiðum en í Gnúpverjahreppi, en Skeiðin gætu hugsanlega skapað sér sérstöðu í tengslum við hestamennsku en það veltur að nokkru leyti á framtíð hestamannasvæðisins á Murneyrum.

Afréttur Flóa-, Skeiðamanna og Gnúpverja býður upp á ótal möguleika til útivistar, gönguferða, reiðtúra og jeppaferða. Á hálendinu er ekki skilgreind svæði til sérhæfðrar útivistar en allt land afréttarins er skilgreint sem óbyggt svæði (14. kafla).



## Stefna:

**Eftirtalin svæði eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sjá skipulagsupprátt:**

- O1:** Íþrótt- og útivistarsvæði í Brautarholti
- O2:** Leiksvæði innan íbúðarbyggðar í Brautarholti
- O3:** Tjaldstæði í Brautarholti
- O4:** Útivistarsvæði í Áshildarmýri – skógræktarreitir
- O5:** Hestamannasvæði á Murneyrum
- O6:** Hestagerði á Húsatóftum II
- O7:** Skeiðaréttir (Reykjaréttir)
- O8:** Kirkjugarður á Ólafsvöllum
- O9:** Heimagrafreitur á Fjalli
- O10:** Íþróttasvæði í Árnesi
- O11:** Útivistarsvæði í Árnesi – svæði umhverfis Gnúpverjaskóla
- O12:** Útivistarsvæði í Árnesi – skógræktar- og útivistarsvæði á Reykjanesi
- O13:** Útivistarsvæði í Árnesi – í landi Réttarholts í tengslum við frístundabyggð
- O14:** Svæði hestamanna í Árnesi, mill Kálfár og Þjóðvegur nr. 325
- O15:** Skaftholtsréttir
- O16:** Tjaldsvæði í Árnesi
- O17:** Tjald- og hjólhýsasvæði í Þjórsárdal – að Skriðufelli
- O18:** Blönduð landnotkun, frístundabyggð-opið svæði til sérstakra nota í landi Stóra Hofa.
- O19:** Blönduð landnotkun, frístundabyggð-opið svæði til sérstakra nota í landi Skriðufells í Þjórsárdal. Gert er ráð fyrir tjald- og hjólhýsasvæði og útivistarsvæði í bland við frístundabyggð.
- O20:** Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal og næsta nágrenni
- O21:** Kirkjugarður á Stóra-Núpi

**Auk þessara afmörkuðu svæða er Þjórsárdalur allur, ásamt aðlægum fjallshlíðum og Búrfelli, skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota. Hluti Þjórsárdals er á náttúruminjaskrá (sjá 15. kafla) og er sá hluti einnig skilgreindur sem hverfisverndarsvæði (sjá 18. kafla). Nánari stefna fyrir Þjórsárdalinn í heild sinni og einstök svæði innan hans skal mörkuð í deiliskipulagi.**

**Jafnframt þessu eru aðliggjandi svæði fossa í Þjórsá sem liggja inni á afrétti merktir sem opin svæði til sérstakra nota og er það gert til að heimila takmarkaða mannvirkjagerð s.s. göngustíga, útsýnispalla o.þ.h.**

**Auk kirkjugarða að Ólafsvöllum (O8) og að Stóra-Núp (O21) eru eldri kirkjugarðar/grafreitir á eftirtöldum stöðum: Stóra-Hofi, Fjalli, Skáldabúðum, við Selhöfða, Steinsholti og við Skeljastaði.**

## 12. SAMGÖNGUR:

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. Um skilgreiningu vega og helgunarsvæða vega, sjá vegalög. Um skilgreiningu flugvalla og helgunarsvæði flugvalla, sjá lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli...”

### Samgöngur – þróun og horfur:

Góðar samgöngur hafa mikla þýðingu fyrir uppbyggingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í framtíðinni. Í dag eru Skeið og framsveitin í Gnúpverjahreppi í ágætum samgöngum við nágrennabyggðarlögin og höfuðborgarsvæðið. Bundið slitlag er á Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30 og 31) og Þjórsárdalsvegi (nr. 32) allt að Sultartangastöð. Frá Brautarholti til Reykjavíkur eru 88 km og til Selfoss eru 26 km

Umferð hefur aukist stöðugt á vegum í uppsveitum Árnessýslu á undanförunum árum. Með samgöngubótum á einstökum vegum hefur umferðarpungi einnig færst til milli vega (7. tafla).

7. tafla. Bílaumferð á helstu vegum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (fjöldi bíla á sólarhring)						
Vegarkafar	Sumarumferð		Vetrarumferð		Heilsárumferð	
	1995	1999	1995	1999	1995	1999
Suðurlandsvegur vestan Skeiðavegar	2794	3050	1143	1436	1865	2194
Skeiðavegur við Suðurlandsveg (nr.30)	1130	1251	472	530	753	847
Skeiðavegur norðan Þjórsárdalsvegur	655	760	272	340	440	573
Þjórsárdalsvegur við Skeiðaveg (nr.32)	541	725	205	255	345	450
Þjórsárdalsvegur – St-Núpsv.-Ásólfst.		583		207		362
Þjórsárdalsvegur – Búrfellsv.- sýslum.		261		95		160
Gnúpverjavegur (nr. 325)		65		22		40
Hælsvegur (nr. 326)		15		6		11
St-Núpsvegur (nr. 328)		15		5		9
Mástunguvegur (nr. 329)		18		7		13
<b>Heimild:</b> Umferðarbanki, Vegagerðin 2002						

Þó ástand aðalvega sé almennt gott í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er ýmislegt óunnið í samgöngubótum. Eðlilegt er að stefna að því að tengivegir og jafnvel helstu safnvegir að sveitabæjum verði með bundnu slitlagi. Skeiðháholtsvegur (nr. 321, tengivegur) var endurbættur að hluta árið 1999-2000 og honum lokað á milli Kálfhóls og Kílhrauns. Endurbætur á Vorsabæjarvegi (nr. 324, tengivegur) eru fyrirhugaðar samkvæmt vegaáætlun og ennfremur eru fyrirhugaðar endurbætur á Mástunguvegi. Þá er mikilvægt að endurbæta veginn að Ólafsvöllum (nr. 322, tengivegur). Gnúpverjavegur (nr. 325) myndar hringleið og tengist á tveimur stöðum við þjóðveg nr. 32 (Þjórsárdalsvegur). Vegurinn liggur norðan þjóðvegarins og er tengivegur mikils hluta láglendis Gnúpverjahrepps við Þjórsárdalsveg. Vegurinn er malarborinn en eðlilegt að stefna að því að hann verði með bundnu slitlagi. Stóra-Núpsvegur (nr. 328) er tengivegur milli þjóðvega nr. 32 og 325. Vegurinn er malarborinn.

**Göngu- og reiðleiðir:**

Á láglandi er reiðleið meðfram Þjóðveginum. Ennfremur er vert að viðhalda reiðleið meðfram bökkum Þjórsár, í samráði við landeigendur, en á þeirri leið þyrfti að leggja í kostnað vegna hliða. Gönguleið er í sunnanverðu Vörðufelli og merktar gönguleiðir eru víða í Þjórsárdal.

**Flugvellir:**

Samkvæmt lögum nr. 60/1998 um loftferðir þarf leyfi samgönguráðherra til að starfrækja flugvöll til almennra nota, ef annar aðili en íslenska ríkið stendur að framkvæmdinni. Lendingarstaður (flugvöllur án þjónustu) fyrir litlar flugvélar er við Þjórsá í landi Skeiðháholts og einnig við Þjórsá norðan Búrfells.

**Samgöngur á Flóa-, Skeiðamanna- og Gnúpverjafrétti:**

Á afrétti Flóa-, Skeiðamanna- og Gnúpverjafrétti er línuvegur (með Hrauneyjalínu) norðan Hallarmúla skilgreindur sem fjallvegur í svæðisskipulag miðhálandisins 2015. Afréttarvegur sem liggur um afrétt Gnúpverja er skilgreindur, í svæðisskipulaginu, sem fjallvegur vel inn fyrir Bjarnalækjarbotna. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að þessi vegur verði byggður áfram til austurs og tengist aðalfjallvegi (F26; Sprengisandsleið) við Versali. Afréttarvegur þessi heldur áfram norður í Þjórsárver sem einkavegur og aðrar ökuleiðir og liggur einnig til norðvesturs, sem slíkur, að Setri. Vegurinn frá Setri til Kerlingarfjalla er einnig skilgreindur sem einkavegur og aðrar ökuleiðir í svæðisskipulaginu. Vegur um Skáldabúðaheiði að Hallarmúla og norður að Sultarfit er skilgreindur einkavegur og aðrar ökuleiðir. Þá gerir svæðisskipulagið ráð fyrir nýjum vegi frá Bjarnalækjarbotnum að Leppistungu.

Á uppdrætti svæðisskipulags miðhálandis eru sýndar tvær gönguleiðir á hálandi Flóa- og Skeiðamanna sem tengjast innbyrðis og öðrum lengri gönguleiðum: Gönguleið "Nýidalur-Þjórsárver-Kerlingarfjöll-Þverbrekknamúli/Hveravellir" sem annars vegar liggur með Blautukvísl og hins vegar sunnar um Norðlingaöldu. Gönguleiðirnar mætast við fjallasel 4x4, Setrið í Kisubotnum. Megin gönguleið er meðfram áðurnefndum afréttavegi í Gnúpverjafrétti og tengist hún Setri og liggur einnig til norðurs í Þjórsárver.

Í syðri hluta Skeiða- og Flóamannafréttar er reiðleið sem liggur með akvegi frá Skáldabúðum að gangnamannahúsinu í Hallarmúla og að skálanum í Sultarfiti. Einnig liggur reiðleið meðfram línuveginum sem hefst í Þjórsárdal og fer um Hólaskóg. Reiðleið liggur meðfram afréttavegi í Gnúpverjafrétti og skiptist sú leið í tvennt við Norðlingaöldu, annarsvegar meðfram vegi að Setri og til Kerlingarfjalla eða Klakkskála í Hrunamannafrétti, og hinsvegar til norðurs um Þjórsárver og allt að Háumýri og þaðan til suðurs á ný að Versölum.

**Stefna:**

1. Unnið verði að samgöngubótum innan sveitarfélagsins sem miða að því styrkja tengsl milli svæða innan hreppsins og við nærliggjandi sveitir
2. Byggð verði ný brú á Þjórsá austan Þjórsárholts.
3. Bundnu slitlagi verði komið á sem flesta vegi innan sveitarfélagsins, jafnhliða endurbótum á vegstæðum.
4. Nýjar vegtengingar við þjóðveg vegna sumarhúsabyggðar og annarrar byggðar verði lágmarkaðar og leitast verði við að samnýta sem mest núverandi afleggjara. Staðsetning nýrra afleggjara vegna sumarhúsasvæða verður ákveðin í deiliskipulagi í samráði við Vegagerðina.
5. Unnið verði að frágangi gatna- og göngustíga í Brautarholti og Árnesi og leitast verði við að hanna gatnakerfið með þeim hætti að það nýtist sem best og spara þar með kostnað við gatnagerð og veitur.
6. Markað verði göngu- og reiðstígakerfi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem miði að því að tengja byggðina innbyrðis, tengja byggðina og sumarbústaðasvæði við útivistarsvæði og ferðapjónustustaði. Á láglandinu fylgja megin reiðleiðir þjóðvegum nr. 30, 31 og 32, auk gömlu Sprengisandsleiðarinnar og reiðleiðar meðfram Þjórsá.
7. Göngu- og reiðleiðir eru sýndar á útivistarsvæðum í Þjórsárdal, auk gönguleiðar í Vörðufelli og á hálendi (sjá lið 10).
8. Bætt verði aðgengi að fossum í Þjórsárdal með göngustígum og ennfremur að Dynk.
9. Gert verði ráð fyrir nýjum hálendisvegi frá Bjarnalækjarbotnum að Leppistungu og ennfremur nýrri vegtengingu frá afréttarvegi við Norðlingaöldu, að Sprengisandsleið (F26), sbr. svæðisskipulag miðhálendis.
10. Helstu göngu- og reiðleiðir á Flóa-, Skeiðmanna- og Gnúpverjafrétti eru í samræmi svæðisskipulag miðhálendis

Samkvæmt skipulagsreglugerð ber að flokka vegi utan þéttbýlis í samræmi við vegalög (gr. 8 og 9). Helstu vegir á láglandi Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru eftirtaldir (sjá einnig skipulagsuppdrátt):

**Stofnvegir:**

Skeiðavegur (nr. 30 og 31) og Þjórsárdalsvegur (nr. 32)

**Tengivegir:**

Vorsabæjarvegur (nr. 324), fyrirhugaðar endurbætur.<sup>19</sup> Gnúpverjavegur (nr. 325), Stóra-Núpsvegur (nr. 328), Ólafsvallavegur (nr. 322), Skeiðháholtsvegur (nr. 321), Mástunguvegur (nr. 329) (fyrirhugaðar endurbætur), Hælsvegur (nr. 326).

<sup>19</sup> Gert er ráð fyrir endurbótum vegarins í núverandi legu, sbr. samþykkt hreppsnefndar 6. september 2005 (Viðauki V).

Vegir á hálendinu falla ekki undir skilgreininguna stofn-, tengivegir eða safnvegir. Varðandi flokkun vega á hálendinu í aðalfjallvegi og fjallvegi og einkavegi er vísað til svæðisskipulags miðhálandis 2015.<sup>20</sup> Helstu vegir á hálendinu eru: 1) Línuvegur sunnan Fitjarása [fjallvegur]; 2) Afréttavegur um Gnúpverjafrétt [fjallvegur]; 3) Vegur að Þjórsárverum (framhald afréttavegar Gnúpverja) [einkavegur og aðrar ökuleiðir]; 4) Vegur um Skáldabúðaheiði að Hallarmúla, Sultarfit og Skeiðamannafit [einkavegur og aðrar ökuleiðir]; 4) Vegur frá Norðlingaöldu að Setri í Kisubotnum og til Kerlingarfjalla [einkavegur og aðrar ökuleiðir]; 4) Fyrirhugaður vegur vegur milli Bjarnalækjarbotna og Leppistungu [fjallvegur]. Framkvæmdir við þann veg eru háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. 5 gr. laga nr. 106/2000 (og/eða sbr. 6. grein, Viðauki II, 10b. og Viðauki III, 2.iii.d). Vegurinn liggur um það svæði hálendisins sem hefur minnst verndargildi samkvæmt svæðisskipulaginu. 5) Framlenging afréttarveggar Gnúpverja til austurs að Versölum, að Sprengisandsleið [fjallvegur].

---

<sup>20</sup> Samanber *Leiðbeiningar um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á hálendinu*, Skipulagsstofnun 2001. Ákvarðanir um "einkavegi og aðrar ökuleiðir" falla undir almenn ákvæði um mannvirkjagerð á svæðum fyrir frístundabyggð, opnum svæðum til sérstakra nota og landbúnaðarsvæðum.

## 13. VEITUR:

### Skilgreiningar samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er í reglugerð þessari átt við flutningakerfi, frá upptökum að dreifikerfi”.

### Um fráveitu í lögum og reglugerðum:

Á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) hefur verið sett ný reglugerð um fráveitur og skólþ (nr. 798/1999). Í almennum ákvæðum um losun skólps segir eftirfarandi (grein 6.1) (sjá enn fremur reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999):

“Skólpi skal farga á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af og með þeim hætti að lífríki og umhverfi raskist sem minnst. Eigandi fráveitu ber ábyrgð á því að fráveituvatni sé fargað í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Velja skal losunarstaði skólps með það í huga að viðtaki spillist sem minnst. Að öðru leyti skal förgunin vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og annarra reglugerða um varnir gegn vatnsmengun [sjá kafla 1.4 um Ár og vötn]”

Í 13. grein reglugerðarinnar er fjallað um fráveitur og rotþrær:

“13.1 Á öllum þéttbýlisstöðum, þéttbýlisvæðum, og eftir atvikum þyrpingu frístundahúsa, skóla og ferðapjónustumiðstöðva, skal vera fráveita. Þegar fráveita er lögð skal fara eftir kröfum sem gilda um hreinsun skólps. Hönnun, lagning og viðhald fráveitu skal samræmast bestu tækniþekkingu sem völ er á og ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað. Við hönnun skal einkum taka tillit til eðlis viðtaka, magns og eðlis skólps, lekavarna og yfirfalls vegna ofanvatns.

13.2 Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun ófullnægjandi fráveitulagna og krafist endurbóta og endurnýjunar þeirra.

13.3 Fráveituvatn einstakra húsa, þ.m.t. íbúðarhús lögbýla, frístundahúsa og fjallaskála sem ekki verður veitt í fráveitur, skal veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum sem Hollustuvernd ríkisins gefur út og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað.

13.4 Þar sem skólpi og öðru fráveituvatni verður ekki veitt í almenna fráveitu, t.d. frá frístundahúsum, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum í rotþrær og skal afla fyrirmæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni.”

Í reglugerðinni eru settar fram nákvæmar reglur um kröfur til hreinsunar skólps og grundvallast kröfurnar m.a. á því hversu viðkvæmur viðtakinn er. Enn fremur eru sett fram tímamörk um hvenær eigi að vera búíð að uppfylla sett skilyrði (sjá greinar 16 til 24). Viðkomandi ákvæði eru miðuð við þéttbýlisstaði. Sérákvæði eru sett fram um iðnaðarstarfsemi (25. og 26. grein).

Við skipulagsgerð er mikilvægt að leggja mat á viðkvæmni hugsanlegra viðtaka skólps. Í viðauka II í reglugerðinni eru settar fram eftirfarandi viðmiðanir við mat á viðtökum:

**A.Viðkvæm svæði.**

Vatnsumhverfi skal teljast viðkvæmt svæði ef hægt er að flokka það sem hér segir:

a) stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem næringarefnaauðgun hefur orðið eða kann að verða í náinni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana.

Eftirfarandi þættir skulu hafðir í huga þegar ákvörðun er tekin um úr hvaða næringarsöltum á að draga með frekari hreinsun:

i) stöðuvötn og vatnsföll sem tengjast stöðuvötnum, neysluvatnslónum eða lokuðum flóum þar sem endurnýjun vatns er lítil og uppsöfnun getur átt sér stað. Á þessum svæðum er nauðsynlegt að fjarlægja fosfór nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið. Þar sem losun á sér stað frá fjölmönnum þéttbýlissvæðum er ef til vill einnig þörf á að fjarlægja köfnunarefni.

ii) ármynni, flóar og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er lítil eða aðflutningur næringarsalta mikill. Losun frá fámönnum þéttbýlissvæðum hefur allajafna minni áhrif á þessum svæðum en þegar fjölmenn þéttbýlissvæði eiga í hlut. Á þessum svæðum ætti að fjarlægja fosfór og/eða köfnunarefni nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið

b) ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar og kann að hafa meiri köfnunarefnisstyrk en kveðið er á um í reglugerð um neysluvatn.

c) svæði þar sem þörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 21. gr.

**B.Síður viðkvæm svæði.**

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu.

Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind: Opna flóa, ármynni og annan strandsjó þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

Þar sem ekki er til staðar fráveitukerfi á vegum sveitarfélags eða annars aðila, skal samkvæmt byggingarreglugerð (nr. 441/1998), leiða skólps um rotþró og siturlögn. Þetta á við um eftirfarandi tegundir bygginga:

- Frístunda- og orlofshús, sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, leitarmannahús og björgunarskýli.
- Frístundabyggðir á vegum launþegasamtaka, starfsmannafélaga eða annarra samtaka.
- Gripahús, svo sem fjós, fjárhús, hesthús, hlöður, svínahús, loðdýraskála, alifuglahús og fylgirými.

**Um vatnsveitu í lögum og reglugerðum:**

Í reglugerð um neysluvatn (nr. 319/1995, m.s.br.) og í reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999, m.s.br. nr. 533/2001) er kveðið á

vatnsveitur, vatnsból og flokkun vatnsverndarsvæða. Þar segir m.a. um vatnsból:

“Brunnar og vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum, hvers konar starfsemi eða öðru sem ætla má að spillt geti vatninu, ef vatn úr þeim er notað til drykkjar, matargerðar eða á annan hátt til meðferðar eða geymslu matar...Gæta skal þess að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett að grunnvatnsborð halli ætíð frá vatnsbóli og sama máli gegnir um straumstefnu yfirborðsvatns...

Brunnar og vatnsból skulu yfirbyggð, afgirt og þannig frá þeim gengið að yfirborðsvatn og önnur óhreinindi berist ekki í þau. Nefndin [heilbrigðisnefnd] getur einnig, í sama tilgangi, takmarkað eða bannað umferð húsadýra á verndarsvæðum vatnsbóla og krafist gripaheldra girðinga ef hún metur það nauðsynlegt...”

Um verndarsvæði vatnsbóla og vatnsvernd sjá 17. kafla.

### Veitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

#### Fráveita:

Ástand fráveitumála er víða óviðunandi. Hver bær er venjulega með sína rotþró en víða er vandamál með sitrulagnir vegna láglendis og hárrar grunnvatnsstöðu. Samkvæmt úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 2003,<sup>21</sup> er vel að fráveitu staðið á 50 bæjum. Á 67 bæjum þarf að endurgera eða setja nýja siturlögn og á 15 bæjum þarf að setja nýja rotþró eða gera aðrar verulegar úrbætur. Innan þéttbýlissvæðisins í Brautarholti er fráveitukerfi og tvær rotþrær. Fráveitukerfi er einnig fyrir þéttbýliskjarnan í Árnosi og er frárennsli veitt í rotþrær. Á grundvelli úttektar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á fráveitumálum í sveitarfélaginu hefur verið sett það markmið að koma málum í viðunandi horf fyrir árið 2005.

#### Hitaveita:

Víða gætir jarðhita á Skeiðum enda svæðið ungt á jarðsögulegum mælikvarða. Þetta kemur m.a. fram í því að staðbundnar hitaveitur eru víða í sveitinni. Eftirtaldar hitaveitur eru í sveitarfélaginu: 1) Reykjum. Sú hitaveita þjónar Reykjatorfunni auk Sandlækjarbæjanna og nágrennis; 2) Ósabakki; 3) Húsatóftir. Sú veita þjónar auk heimabæjanna, Efri- og Syðri Brúnavöllum, Vorsabæjum, Fjalli, Álfstöðum, Birnustöðum og Útverkum; 4) Brautarholt. Sú veita þjónar þéttbýlinu einvörðungu; 5) Hlemmiskeið. Hitaveitan þjónar heimabæjunum auk Votumýri; 6) Brjánsstaðir; 7) Blesastaðir. Veitan þjónar auk heimabæja Skeiðhólta, Kálhóli, Sléttabóli, Borgarkoti, Kílhrauni, Arakoti, Löngumýri og Ólafsvallatorfunni; 8) Hitaveita í landi Ásólfstaða I, sem rekin er í samvinnu bæjanna Ásólfstaða og Skriðufells ásamt nokkrum félagasamtökum.

Hitaveituvatni er miðlað um Gnúpverjahrepp um þrjár veitur. Veitan við Þjórsárholt annar byggðarkjarnanum við Árnes og stærstum hluta sveitarinnar. Reykjaveita á Skeiðum sér þó frambæjunum í vesturhluta hreppsins fyrir heitu vatni og Flúðaveita Laxárdalsbæjunum og Skáldabúðum. Bæirnir í Þjórsárdal ásamt Búrfellsstöð eru án hitaveitu.

<sup>21</sup> Úrbætur fráveitumála í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2003.



Jarðhiti er á yfirborði framan í Rauðukömbun (við sundlaugina) og góðir möguleikar eru taldir á árangursríkum borunum í landi Skriðufells. Nauðsynlegt er að fullrannsaka þá möguleika í tengslum við frekari áform um uppbyggingu ferðamannaþjónustu í Þjórsárdal. Ennfremur benda athuganir sem gerðar hafa verið til þess, að unnt sé að beisla jarðhita með borunum við Sandlæk, í Reykjanesi við Kálfá, við Hólmahyl í Stóru-Laxá og við Ásólfstaði.

#### Vatnsveita:

Margar vatnsveitur eru í sveitarfélaginu og eru flestar þeirra einkaveitur sem þjóna bæjunum og sumarhúsabyggðum í sveitarfélaginu. Aðal vatnsból sveitarinnar er í landi Framness í hlíðum Vörðufells, Vörðufellsveita. Sú veita annar stærstum hluta sveitarinnar á Skeiðum eða um 56 bæjum/notendum auk þéttbýlissins í Brautarholti.<sup>22</sup> Þar hefur verið byggður miðlunargeymir. Vatnsbólið er afgirt en fram til þessa hefur verndarsvæði þess ekki verið afmarkað. Í landi Framness er einnig einka vatnsveita sem veitir vatni til Útverka. Þá eru einkavatnsveitur í landi Fjalls, Birnustaða, Ósabakka og Álfstaða, sem einnig veitir vatni til Reykjatorfunnar. Stefnt er að því að girða í kringum hvert vatnsból og skilgreina vatnsverndarsvæði þeirra.

Neysluvatn fyrir þéttbýlið við Árnes sem og skipulagðar sumarhúsabyrpingar er tekið úr markalæk á mörkum Lækjarbrekku og Steinsholts (Árnesveita). Vatnsveita er fyrir byggðina við Búrfell en að öðru leyti eru vatnsveitur í hreppnum alfarið einkaveitur, fyrir einstaka sveitabæi eða fyrir orlofshúsahverfi. Af þessum veitum má nefna Miðhúsafellsveitu, Skaftholtsveitu og Ásaveitu og veitu vegna sumarhúsabyggðar á Stóra-Hofi. Alls þjóna einkaveitur í sveitarfélaginu um 52 bæjum/notendum.

#### Rafveita:

Háspennulínur frá Búrfellsvirkjun liggja um sveitina, m.a. þvert um Skeiðin skammt sunnan Vörðufells. Vegna hugsanlegra virkjanaframkvæmda (Núpsvirkjunar) er gert ráð fyrir breytingum á Búrfellslínu 1.<sup>23</sup> Sultartangalína 1 (220kV), frá Sultartanga/ Hrauneyjarfossvirkjun að Brennimeil í Hvalfirði, liggur þvert um miðhluta afréttar Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverja sunnan Fitarása. Beggja vegna línunnar er skilgreint mannvirkjabelti. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Sultartungulínu 3 og er gert ráð fyrir að hún liggi í megindráttum 50-60 m norðan núverandi línu.<sup>24</sup>

Rafmagnsveitur ríkisins á Hvolsvelli sjá sveitarfélaginu fyrir rafmagni um byggðarlínu frá Búrfelli.

<sup>22</sup> *Úrbætur fráveitumála í Skeiða- og Gnúpverjahreppi*, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2003. Samtal við Svein Ingvarsson, 2000.

<sup>23</sup> *Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting Búrfellslínu 1. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Landsvirkjun (Almenna verkfræðistofan), apríl 2003.

<sup>24</sup> Sjá *Sultartangalína 3, 420 kV. Sultartangi-Brennimeilur. Mat á umhverfisáhrifum*, Landsvirkjun. Tillaga að matsáætlun 18. júlí 2001 og matsskýrsla mars 2002. Sjá úrskurð og niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 19. júlí 2002.

## Stefna (sjá ennfremur þemakort 6):

### Fráveita:

1. Að unnið verði að umbótum í fráveitumálum á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) og reglugerðar um fráveitur og skólþ (nr. 798/1999) og meðhöndlun seyru (nr. 799/1999). Koma þarf rotþró við hvert býli og sumarbústaði og þar sem byggð er þétt verði kannaðir möguleikar á sameiginlegum rotþróum eða skólþveitu. Við endurbætur á fráveitukerfum á og við bæjarhlöð verður að hafa sérstaka gát vegna hugsanlegra fornleifa, og fylgja 14. gr., 13. gr. og 10. gr. Þjóðminjalaga þar um.
2. Samkvæmt skýrslu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 2003 segir: "... að við öll íbúðarhús og sumarhús auk atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu verði komið á nægjanlegri hreinsun á fráveituvatni og seyru, í samræmi við lög og reglur þar um, fyrir árið 2005"<sup>25</sup>
3. Að við skipulagningu og uppbyggingu sumarbústaðahverfa verði, eftir því sem framast er unnt, gert ráð fyrir sameiginlegri skólþveitu og rótþró.

### Hitaveita:

1. Stuðlað verði að hagkvæmum rekstri hitaveitu í sveitarfélaginu og að allt íbúðarhúsnæði njóti hitaveitu í framtíðinni.

### Vatnsveita:

1. Vatnsból (brunnsvæði) almenningsveitna sem og einkaveitna verði afgirt (sjá 17. kafla)
2. Skilgreind verði vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból almenningsvatnsveitna (sjá 17. kafla og skipulagsuppdrátt)

### Rafveita:

- 1) Að rafmagnslínur verði færðar sem mest í jörð, næst byggð, og þar sem háspennulínur eru lagðar ofanjarðar verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum á náttúrulegt landslag og hefðbundið búsetulandslag.
- 2) Í deiliskipulagi skal taka tillit til þess að helgunarsvæði háspennulína eru 25 m frá 220 kV línu og 33 m frá 400 kV línu.
- 3) Gert er ráð fyrir eftirfarandi nýjum háspennulínum og/eða breytingum á núverandi línum (sjá skipulagsuppdrátt):
  - a) Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Sultartungulínu 3 og er gert ráð fyrir að hún liggi í megindráttum 50-60 m norðan Sultartangalínu 1 (áður Hrauneyjarfósslínu). Nýja línan ber 420 kV en verður í fyrstu rekin á 220 kV spennu. Stæði nýju línunnar er innan skilgreinds mannvirkjabeltis svæðisskipulags Miðhálandis og hefur umhverfismati þegar verið lokið vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.
  - b) Háspennulagnir/línur og breytingar á núverandi Búrfellslínu 1 vegna Núpsvirkjunar, sbr. matsskýrsla og niðurstöður mats á umhverfisáhrifum.

## Boðveita: Fjarskiptamannvirki er á Búrfelli

<sup>25</sup> Urbætur fráveitumála í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2003.

## 14. ÓBYGGÐ SVÆÐI, ÁR OG VÖTN:

### Skilgreiningar samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

#### Óbyggð svæði:

“Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði”.

#### Vötn, ár og sjór:

“ Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar”

#### **Óbyggð svæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Skeiðin eru þéttbýli og lítið um stór óbyggð og ósnortin svæði innan sveitarinnar. Í samræmi við skipulagsreglugerð er allt land innan marka bújarða skilgreint sem landbúnaðarsvæði (sjá 9. kafli. Byggð er ekki eins þétt í Gnúpverjahreppi og landslag hæðóttara. Gert er þó ráð fyrir að allt land innan marka bújarða sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Afréttur Flóa-, Skeiðamanna og Gnúpverja er óbyggður með nokkrum undantekningum þar sem eru fjallaskálar, vegir eða háspennulínur.

#### **Vötn og ár í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Mikilvægt er að straumvatn og stöðuvatn njóti verndar og verði ekki raskað vegna mannvirkjagerðar (sjá vatnalög nr. 15/1923, 7.gr. og ýmis ákvæði í náttúruverndarlögum nr. 44/1999 m.s.br.). Ennfremur þarf að takmarka afrennsli skurða, sem liggja um tún, í stöðuvötn eða tjarnir sem hafa verndargildi. Hafa ber í huga að ekki er leyfilegt að byggja nær stöðuvatni eða árbakka en 50 m. Þá verður að tryggja frjálsa umferð fótgangandi umferðar á vatnsbakka eða árbakka. Í 23 gr. náttúruverndarlaga (nr. 44/1999) segir eftirfarandi: "Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Þegar girða á yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu eða göngustiga. Skyld er að halda girðingu svo vel við að mönnum og skepnum stafi ekki hætta af. Að öðru leyti fer um girðingar, viðhald þeirra og upptöku eftir girðingarlögum, nr. 10/1965, og eftir atvikum öðrum lögum."

**Stefna:**

- 1) Flóa og Skeiðamanna- og Gnúpverjafréttur allur -að undanskyldum svæðum þar sem eru fjallaskálar (frístundabyggð), vegir og háspennulínur er að finna- er skilgreindur sem óbyggt svæði.
- 2) Landgræðsla er heimil á óbyggðum svæðum, en er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Kanna þarf í hverju tilviki hvort ástæða er til að meta umhverfisáhrif uppgræðslu lands ef tiltekið land er á skilgreindu verndarsvæði (sbr. 6 gr. og Viðauka II (liður 1e), laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Unnið hefur verið að landgræðslu í Þjórsárdal í samvinnu sveitarfélagsins, Landsvirkjunar og Landgræðslunnar. Nánar skal kveða á um landgræðslu í Þjórsárdal í deiliskipulagi.
- 3) Um fjarlægð bygginga frá vatnsbakka gildir almennt sú regla að ekki megi byggja nær vatnsbakka en sem nemur 50 metrum (sbr. skipulagsreglugerð). Þar sem eru þekkt flóðahættasvæði og/eða líklegir farvegir flóða og þar sem landbrot hefur átt sér stað við Hvítá og Þjórsá, skal að jafnaði miða við meiri fjarlægð (sjá 19. kafla).
- 4) Miðlunarlón vegna virkjana (vatnsflötur þeirra) eru skilgreind sem iðnaðarsvæði (afmörkuð með lit iðnaðarsvæða, sjá skipulagsupprætti)

## 15. NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI:

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru og landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlög um verndun einstakra svæða”

### Nokkur ákvæði úr náttúruverndarlögum (nr. 44/1999 m.s.br.):

#### Um friðlýstar náttúruminjar:

Flokkar friðlýstra náttúruminja er eftirfarandi (**50.gr**): 1) Þjóðgarðar (sbr. **51** og **52. gr.**); 2) Friðlönd (**53** og **54. gr**); 3) Náttúruvætti (**53** og **54. gr**); 4) Friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi (**53** og **54. gr**); 5) Fólkvangar (**55.gr.**)

#### Hætta á röskun náttúruminja:

“Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum...Leiti framkvæmandi ekki leyfis skv. 1. mgr. er Umhverfisstofnunar heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar. Verði ekki orðið við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73 gr., og leita atbeina lögreglu ef með þarf. (**38. gr.**)

#### Um svæði á náttúruminjaskrá:

“...Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá, sbr. 67 gr. og 68 gr. (**38. gr.**)

“Umhverfissráðherra skal gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.” (**67. gr.**)

“Í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um: a. friðlýstar náttúruminjar, b. náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr., c. aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda. Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Umhverfissráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirhætti um skráningu náttúruminja.” (**68. gr.**)

“Um sölu jarðar sem öll eða að hluta er á náttúruminjaskrá fer eftir ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, en þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum” (**69. gr.**)

Um verndun jarðmyndana og vistkerfa, vatna og votlendis:

Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.” **(37. gr.)**

Um ræktun:

“Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.” (36. gr.)

Um vernd skóga:

“Umhverfisstofnun skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.” **(39. gr.)**

**Náttúruminjar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Eftirfarandi náttúruverndarsvæði, samkvæmt náttúruverndarlögum, eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða stærsta hluta friðlandsins í Þjórsárverum, allra austasta hluta náttúruminjasvæðis í Kerlingarfjöllum, náttúruminjasvæði í Þjórsárdal og syðri hluta Höfðaveitna.

1. **Þjórsárver**, Árnessýslu, Rangárvallasýslu. Lýst friðland 1981. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Stærð 37.500 ha. Svæðið er verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar). Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð. Friðland
2. **Kerlingarfjöll**, Árnessýslu. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal. (2) Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. vinsælt útivistarsvæði. Svæði á náttúruminjasrá
3. **Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá**, Gnúpverjahreppi, [Skeiðahreppi], Árnessýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauða mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitthvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talin næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar. Svæði á náttúruminjasrá

**4. Höfðaveitur (“Höfðaflatir”).** (1) Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við lðu og suður að Fjalli. (2) Fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf. Svæði á náttúruminjaskrá

Í svæðisskipulagi miðhálandisins eru eftirtalin verndarsvæði skilgreind á afrétti Skeiða- og Gnúpverjahrepps (sjá Viðauka I):

1. Nyrsti hluti hálandis Skeiða- og Gnúpverjahrepps og svæði sem teygir sig meðfram Þjórsá, allt suður í Þjórsárdal, eru skilgreind sem náttúruverndarsvæði. Nyrsti hlutinn tilheyrir stærra svæði, landslagsheildum sunnan Hofsjökuls, frá Þjórsárverum að Kerlingarfjöllum: “Þjórsárver-Kerlingarfjöll, Gnúpverjahl., [Skeiðahreppur], Hrunamannahr., og Biskupstungnahr. Stór landslagsheild sunnan Hofsjökuls á milli Kjalvegur og Sprengisandsleiðar. Svæðið með Þjórsá frá Gljúfraá inn að Kisu með fögrum og stórfenglegum fossum og gljúfrum ásamt fjölbreyttu og gróskumiklu gróðurfari og lindum. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag og einstætt votlendi og fuglalíf í Þjórsárverum. Áhugavert útivistarsvæði allt árið. Göngu- og reiðleiðir frá Sprengisandsleið. Svæðið nær m.a. yfir friðland Þjórsárvera sem og Kerlingarfjallasvæðið sem er á náttúruminjaskrá.”<sup>26</sup>
2. Syðsti hluti hálandis Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skilgreindur sem almennt verndarsvæði. Svæðið er kennt við Skáldabúðaheidi, og er mikilvægt útivistar- og þjóðminjasvæði.

Síðustu áratugi hefur fjöldi svæða um allt land verið settur á Náttúruminjaskrá, í mörgum tilvikum í litlu eða engu samráði við landeigendur. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er tvö svæði á náttúruminjaskrá sem snerta landeigendur beint, þ.e. syðri hluti Höfðaveitna í landi Fjalls og skilgreint svæði í Þjórsárdal. Með því að setja svæði á náttúruminjaskrá er strangt til tekið ekki verið að færa yfirráðarétt yfir svæðunum frá landeigendum og sveitarstjórn til Umhverfisstofnunar og ríkisvaldsins heldur er verið að marka stefnu í friðlýsingarmálum og undirbúa jarðveginn fyrir viðræður við réttthafa um friðlýsingu svæða. Þrátt fyrir þetta er vert að benda á að samkvæmt náttúruverndarlögum (38.gr.) öðlast Umhverfisstofnun umsagnarrétt um framkvæmdir á náttúruminjasvæðum og ríkið forkaupsrétt að landinu að gengnum forkaupsrétti sveitarfélagsins (69 gr.).

Samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999, m.s.br.) skal umhverfisráðherra láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir allt landið á fimm ára fresti og leggja fyrir Alþingi. Með áætluninni er ætlunin að gefa gleggri upplýsingar um einstakar náttúruminjar en kemur fram í Náttúruminjaskrá og færa frekari rök fyrir friðlýsingu einstakra minja og svæða. Umhverfisstofnun lagði fram tillögur sínar að friðlýsingum árið 2003.<sup>27</sup> Á grundvelli þessa hefur umhverfisráðherra lagt fram þingsályktunartillögu um friðlýsingu 14 svæða á tímabilinu 2004-2008. Ekkert þeirra svæða er

<sup>26</sup> Svæðisskipulag Miðhálandis 2015, bls. 189.

<sup>27</sup> Sjá *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, Umhverfisstofnun í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, 2003.

innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í tillögum Umhverfisstofnunar eru hinsvegar tvö svæði sem eru innan sveitarfélagsins, þ.e. stækkun friðlands Þjórsárvera og Höfðaveitur (nefndar í gögnum Umhverfisstofnunar "Höfðaflatar". Um tillögu að friðlýsingu Höfðaveitna segir:

"Brúará-Skálholtstunga-Höfðaflatar... Brúará frá Brúarfossi, ásamt 200 m belti sitt hvorum megin árinna allt niður að Spóastöðum. Selflóð og þaðan í Reykjanes og með vesturbökkum Brúarár suður fyrir Skálholtstungu, frá Hjarðarnesi í Hvítá og suður fyrir Höfðaflatar. Með hlíðum Vörðufells norður fyrir fjallið og þaðan yfir Hvítá í Borgarhóla og með túnum í Brúará við Spóastaði... Höfðaflatar eru dý, flóasund og hallamýri undir Vörðufelli ein af fáum lítt röskuðum á Suðurlandi... Á Höfðaflötum er fellistaður grágæsa og einn fárra vetrarstaða."<sup>28</sup>  
Um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum segir:

**Mörk:** Úr núverandi friðlandspunkti (1250 m) í Hofsjökul, í austur upp fyrir Þjórsá og niður um Kvíslavötn, suður fyrir Stóraver (Stóraversvatn) í há Búðarháls og fram Sultartangalón. Að vestan úr sama punkti í Hofsjökli vestur í hæðarpunkt norðan Eiríkagnípu ("Eiríksgnípu"), og er Blautukvíslargljúfur innan friðlandslínu. Þaðan í hábungu Norðlingaöldu, fram á Flóamannaöldu, síðan í Innri-Hnappöldu og þaðan innst í Sultartangalón. Friðland í Þjórsárverum er innan svæðisins.

**Svæðis lýsing:** Stórbrotið landslag, fjalllendi, jökull, votlendi og áreyrar. Fjölbreyttar búsvæðagerðir, mýrar, flár, flæðiengi, vötn, tjarnir og sífreri á hálendi, allt upp í 1100 m hæð. Þjórsárver eru einstætt vistkerfi á heimsvísu, enda afar tegundaríkt og eitt helst varpland heiðagæsar í heiminum. Þjórsárver eru ein stærsta og jafnframt ein einangraðasta gróðurvin á miðhálandi landsins. Afar fjölbreytt gróðursamfélag, en þar hafa fundist yfir 180 tegundir háplantna, yfir 220 mosategundir og greindar hafa verið um 150 fléttutegundir. Innan svæðisins eru í Þjórsá fossarnir Kjálkaversfoss (Hvannagiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss. Hver um sig er sérstakur og saman eru þeir afar áhugaverðir sem fossaröð í stórfenglegu landslagi. Jarðhiti er í Nauthaga."<sup>29</sup>

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi leynast fleiri náttúruperlur og svæði sem vert er að huga verndun á. Á Skeiðum má nefna landslagsgerðir eins og Merkurhraun, Gráhelluhraun, Urðir í Kílhrauni, Vörðufell og Úlfsgil. Í Eystri-Hreppi (Gnúpverjahreppi) og á hálendinu má nefna Rauðukamba, gervigígana í Þjórsárdal, Stóru-Laxárgljúfur, Búðafoss og umhverfi Þjórsár, Kálfár og Þverár.

Eins og kemur fram í lýsingu Umhverfisstofnunar eru Höfðaveitur vestan Vörðufells, í landi Fjalls, ósnortið votlendi og hefur mikið verndargildi í ljósi þess að mjög hefur gengið á votlendissvæði á Suðurlandi á undanförunum áratugum. Í þessu sambandi er rétt að nefna einnig að í nýlegri grein eftir Þóru Ellen Þórhallsdóttur ofl. (sjá *Ritaskrá*) er

<sup>28</sup> Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, bls. 248-249.

<sup>29</sup> Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, bls. 238-239.



umrætt votlendissvæði flokkað sem A-flokksvæði sem þýðir lítt eða óraskað votlendi með náttúrulegum jöðrum (sjá Viðauka I).

Gerð er grein fyrir þeim svæðum og náttúrufyrirbærum sem aðalskipulagið leggur til að verði vernduð með einhverjum hætti, í 18. kafla um hverfisverndarsvæði

## Stefna:

1. Almennt verði stuðlað að verndun helstu náttúrufyrirbæra í sveitarfélaginu en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.
2. Eftirtalin svæði eru skilgreind sem náttúruverndarsvæði:
  - a) Þjórsárver, Friðland, (sjá skilgreiningu að framan).
  - b) Kerlingarfjöll (hluti svæðisins) Svæði á náttúruminjaskrá, (sjá skilgreiningu að framan)
  - c) Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá, Svæði á náttúruminjaskrá, (sjá skilgreiningu að framan).
  - d) Höfðaveitur (“Höfðaflatar”). Svæði á náttúruminjaskrá, (sjá skilgreiningu að framan).
3. Lagt er til að nokkur valin svæði verði sett undir ákvæði hverfisverndar (sjá 18. kafla), m.a. Höfðaveitur sem er náttúruminjasvæði samkvæmt Náttúruminjaskrá (og tillögu Umhverfisstofnunar), skilgreint náttúruminjasvæði í Þjórsárdal, sbr. Náttúruminjaskrá og svæði aðlæg núverandi friðlandi í Þjórsárverum, sbr. tillögu Umhverfisstofnunar um stækkun friðlandsins.
4. Ekki er litið á svæði á náttúruminjaskrá sem verndarsvæði í heild sinni en á þeim svæðum verði farið varlegar í framkvæmdir, sbr. einnig reglur á hverfisverndarsvæðum (sjá 18. kafli), og leitað umsagnar Umhverfisstofnunar ef hætta er á röskun náttúruminja við framkvæmdir sbr. 38 gr. náttúruverndarlaga
5. Gerð verði grein fyrir einstökum náttúruminjum sem teljast til jarðmyndana, vistkerfa, vatna og votlendis skv. 37 gr. náttúruverndarlaga, og ekki er gerð grein fyrir í aðalskipulaginu, í deiliskipulagi viðkomandi svæðis þar sem framkvæmd er fyrirhuguð. Leita verður umsagnar til Umhverfisstofnunar ef um er að ræða framkvæmdir sem geta raskað náttúruminjum skv. umræddri grein náttúruverndarlaga, eins og lögin kveða á um.

## 16. ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI:

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.”

### Nokkur ákvæði úr þjóðminjalögum (nr. 107/2001) og laga um húsfriðun(nr.104/2001):

#### Um fornleifar og friðlýsingu þeirra:

Samkvæmt þjóðminjalögum (nr.107/2001.) eru fornleifar skilgreindar með eftirfarandi hætti (**9.gr.**): “Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum,naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum og kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.”

Minjar 100 ára og eldri skal að jafnaði telja til fornleifa en einnig er heimilt að friðlýsa yngri minjar (sbr. **9 gr.** þjóðminjalaga). Í **11.gr.** laganna um friðlýsingu segir: “Friðlýsingu skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingu áfram.”

Samkvæmt lögnum eru fornleifar friðhelgar, þ.e. allar minjar eldri en 100 ára, en í **10. gr.** þeirra segir: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins".

Um friðun húsa og annarra mannvirkja:

Í lögum um húsfriðun (nr. 104/2001) segir **6. gr.**: “Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1918, er skylt að leita álits hjá húsfriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Húsfriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til friðunar. Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir áliti húsfriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda.”

Um fornleifaskráningu:

Í 11. gr. Þjóðminjalaga segir: “Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands. Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.”

**Um fornleifaskráningu í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps:**

Saga þjóðarinnar er ekki aðeins skráð í fornum handritum og bókum. Mannvistarleifar í jörðu sem varpa ljósi á lífnaðarhætti og samfélag fyrri alda eru að finna um allt land. Í jörðu liggur hafsjór menningarsögulegs fróðleiks sem fram til þess hefur verið lítt kannaður. Sú vitneskja er ekki fyrirliggjandi hversu margar fornleifar eru til í landinu né hversu margar þeirra hafa eyðilagst eða raskast við mannvirkjagerð í gegnum tíðina.

Fullkomin fornleifaskráning með tilheyrandi vettvangsathugunum og kortlagningu fornleifa er býsna tímafrek og því vart raunhæft að hún sé framkvæmd í tengslum við aðalskipulag sem nær yfir stórt landssvæði. Slík skráning og athugun ætti að fara fram við gerð deiliskipulags. Í tengslum við aðalskipulagsvinnu er hinsvegar mögulegt að gefa yfirlit um þekktar fornleifar samkvæmt rituðum heimildum og munnmælum.

Skrár yfir fornleifar, gamlar þjóðleiðir og götur og sögustaði (m.a. álagabletti) koma í góðar þarfir við alla skipulagsgerð og mannvirkjagerð, hvort sem verið er að leggja nýjan veg, reisa stóriðju, byggja sumarbústað eða framræsa nýtt land til ræktunar. Þekking á tilvist fornminja og á þeirri sögu sem hver staður eða svæði hefur að geyma er ennfremur mikilvæg í því skyni að skapa svæðum aðdráttarafli sem áhugaverðir skoðunarstaðir og þar með til að efla uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur ekki farið fram kerfisbundin skráning fornleifa í öllu sveitarfélaginu.<sup>30</sup> Hinsvegar hafa fram ítarlegar athuganir á afmörkuðum svæðum, einkum í Þjórsárdal<sup>31</sup> og á áhrifasvæðum virkjana og miðlunarlóna, annarsvegar Urriðafossvirkjun<sup>32</sup> og hinsvegar

<sup>30</sup>Jón Eiríksson í Vorsabæ hefur lengi unnið að skráningu menningarminjar á Skeiðum, auk örnefnaskráningar, og er það mjög mikilvægur grunnur að formlegri skráningu fornleifa á svæðinu. Þá er vert að geta nýlegrar bókar Bjarna Harðarson: *Landið, fólkid og þjóðtruin. Árnessýsla*, Skeiðahreppur bls. 270-278 og Gnúpverjahreppur, bls. 254-269.

<sup>31</sup> Sjá Viðauka I, kafli 2.2.

<sup>32</sup> *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar*, Fornleifafræðistofan, Landsvirkjun, nóvember 2002. Athugað var landsvæði á 100 m belti meðfram fyrirhuguðu miðlunarlóni. Engar

Núpsvirkjun.<sup>33</sup> Fjöldi kunnra menningarminja í sveitarfélaginu er því verulegur (sjá ennfremur Viðauka I, kafla 2.2). Fjöldi friðlýstra fornleifa í Þjórsárdal undirstrikar hversu vel það svæðið hefur verið rannsakað í gegnum tíðina. Samkvæmt upplýsingum Fornleifaverndar ríkisins liggja fyrir eftirfarandi skýrslur um fornleifaskráningu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Ragnheiður Traustadóttir: *Greinargerð vegna umhverfismats: Fyrirhugað vegarstæði um Gaukshöfða í Þjórsárdal*. Þjóðminjasafn Íslands 1995.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning í Þjórsárverum. Skráning vegna mats á umhverfisáhrifum*, Fornleifafræðistofan 1999.

Birna Lárusdóttir: *Stóri Núpur. Fornleifakönnun*. Fornleifastofnun Íslands 2001.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sultartangalínu 3*, Fornleifafræðistofan 2001.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar*, Fornleifafræðistofan 2001.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Skriðufells í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu*, Fornleifafræðistofan 2001.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Holta- og Hvammsvirkjunar*, Fornleifafræðistofan og Landsvirkjun 2002.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar*, Viðauki II. Haugstæði í landi Stóra-Hofs, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, Fornleifafræðistofan 2002.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar*, Viðauki III. Haugstæði í landi Austurhlíðar, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, Fornleifafræðistofan 2002.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar*, Fornleifafræðistofan og Landsvirkjun 2002.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar*, Viðauki. Viðbótarathugun við efri mörk lóns, Fornleifafræðistofan 2002.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru friðlýstar fornleifar á 46 stöðum (sjá lista hér að neðan og Viðauka I, kafla 2.2.), þar af 15 minjar á afréttinum. Árið 1981 var unnin könnun á vegum Þjóðminjasafns um ástand friðlýstra fornleifa í landinu. Þar kemur fram að ástand þeirra er misjafnt og sumar þeirra jafnvel horfnar með öllu, enda í mörgum tilvikum langt um liðið síðan staðið var að friðlýsingu þeirra. Svæðisskipulag miðhálandis nefnir auk friðlýstu fornleifanna, allnokkrar menningarminjar.

---

friðlýstar fornleifar eru á svæðinu. Skráðar voru 57 fornleifar á alls 24 stöðum. Fjórir minjastaðir eru taldir vera með hátt verndargildi, með alls 17 fornleifum, þar af 5 fornleifar á fornu eyðibýli (frá því fyrir 1550) í landi Kálfhóls á Skeiðum (landsvirkjun.is).

<sup>33</sup>*Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar*, Fornleifafræðistofan, Landsvirkjun, nóvember 2002. Athugað var landsvæði á 50 m beltí meðfram fyrirhuguðu miðlunarlóni og virkjanamannvirkjum. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu. Skráðar voru fornleifar á alls 40 stöðum. Þrír minjastaðir eru taldir vera með hátt verndargildi, með alls 9 fornleifum. Einn þessara minjastaða með hátt verndargildi er í landi Minnanúps í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (hinir tveir í Holta- og Landsveit (landsvirkjun.is).

## Stefna:

1. **Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja í sveitarfélaginu en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.**
2. **Að lagt verði mat á ástand og gildi þeirra fornleifa sem friðlýstar hafa verið samkvæmt lögum (sjá lista hér að neðan)**
3. **“Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna” (11. gr. Þjóðminjalaga). Í samræmi við ofangreinda grein Þjóðminjalaga er gert ráð fyrir að fullkomin skráning fornleifa og annarra menningarminja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði unnin, undir stjórn fornleifafræðings, hið fyrsta og tekið verði tillit til þeirrar skráningar við gerð deiliskipulags.<sup>34</sup> Við nánari skráningu fornleifa skulu helstu uppbyggingarsvæði sveitarfélagsins hafa forgang, þ.e. þéttbýlissvæðin í Brautarholti og Árnesi og önnur framkvæmdasvæði, auk Þjórsárdals. Við gerð deiliskipulags verður hvert svæði skoðað nánar og minjar kortlagðar áður en framkvæmdir hefjast á svæðinu (sjá 13. og 14. gr. Þjóðminjalaga).**
4. **Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og annarra mannvirkja (þ.m.t. samgöngumannvirki) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Alla eldri byggð (byggð fyrir 1918) ber að vernda þar til könnun á verndargildi hennar er lokið.**

## Friðlýstar fornleifar (sbr. Fornleifaskrá 1990):

1. **Fjall.** I) *Hoftóftar-leifar á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum er kallast Hafklettur* [Hofklettur]. Sbr. Árb. 1894: 9-10. Skjal undirritað af MÞ 05.05. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M1** II) *Gvendarhaugur [Gvendarhóll] svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk.* **M2** Skjal undirritað af KE 18.10. 1966. Þinglýst 26.10. 1966. [Þorleifshólar í landi Útverks]
2. **Árnes (eyja í Þjórsá).** *Hinn svo-nefndi dómhringur í Árnesinu.* Sbr. Árb. 1894: 12-23. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06 1938. **M3**
3. **Ásólfstaðir.** *Rústir Stórolfshlíðar og Skallakots í Þjórsárdal.* Sbr. Árb. 1884: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M4**
4. **Fossnes.** 1. *Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garaðabrekku, afgangur hringur og smátóft.* **M5** 2. *Akurreitir lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti.* **M6** 3. *Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu.* **M7** Sbr. Árb. 1905: 34; Árb.1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927.
5. **Hagi.** *Fornleg bæjarrúst í Þjórsárdal, nefnd Snjáleifartóftir.* Sbr. Árb. 1884-1885: 46. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M8**

<sup>34</sup> Forn bæjarstæði og rústir bæjarhúsa eldri lögbyla (Fornleifavernd miðar við *Jarðatal Johnsen*) eru fornleifar og ætti þar með gera grein fyrir í deiliskipulagi hverrar bújarðar (eldri lögbyla).

6. **Hamarsheiði.** 1. Lómsstaða-rúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaðalæk. **M9** 2. Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungnaá. **M10** Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927.
7. **Hof.** 1. Þingbúða-tóftir, um 30 að tölu á Árneshöfða hinum forna. **M11** 2. Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. **M12** 3. Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofan frá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli. **M13** 4. Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni. **M14** Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938.
8. **Laxárdalur.** Rústir Miðfells. Þær eru á flötum móa fyrir sunnan djúpt gil, sem er sunnan undir Miðfelli, fast við það. Sbr. Árb. 1886: 2. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M15**
9. **Núpur.** 1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, enda í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minni-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgarði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tófitir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. **M16**
10. **Sandlækur.** Goðalág, svo nefnd, forn tóft á Goðavelli, nyrst í túninu. Sbr. Árb. 1884: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M17**
11. **Skaftholt.** 1. Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti, fyrir norðan Alviðru. 2. Akurgirðing fyrir vestan niðurtúnið, mjó og löng, og lítil tóft við enda hennar. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M18**
12. **Skriðufell.** Rústir fornar í Þjórsárdal, bæjanna Áslákstungu fremri, Áslákstungu innri, Karlsstaða, ennfremur í Fagraskógi, og í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M19**
13. **Steinsholt.** Ófeigsstaðarúst, neðarlaega í vesturtúni hjáleigunnar Bala. Sbr. Árb. 1905: 31. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M20**
14. **Þjórsárholt.** Alviðra, gömul kotrúst í litlum hvammi norðvestanundir holtinu og garður um þveran hamarinn að framanverðu. Sbr. Árb. 1905: 32. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. **M21**
15. **Ölmóðsey (í Þjórsá).** Rúst í Ölmóðsey og girðingar um. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. **M22**
16. **Afréttarland.** Rústir fornar eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lópræla tveggja, Bergálfssstaða [Bergólfssstaða], Sandatungu, og Lambhöfðarúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M23**
17. **Afréttarland.** Rústir fornar eyðibýla í Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals: Sámsstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparstaða tveggja og þar sem heita Gljaskógar. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. **M24**

Auk ofantaldra fornleifa er í svæðisskipulagi Miðhálandis getið um eftirtaldar menningarminjar:

- 1) Grímsstaðir [miðstöðvar gangnamanna]
- 2) Skillandsfitjar [miðstöðvar gangnamanna]
- 3) Hólaskógur [búsetuminjar]

- 4) Gæsaréttir í Þjósárverum [búsetuminjar]
- 5) Gljúfurleit [miðstöðvar gangnamanna]
- 6) Loðnaver[miðstöðvar gangnamanna]
- 7) Kjálkaver [miðstöðvar gangnamanna]
- 8) Bólstaður [miðstöðvar gangnamanna]
- 9) Arnarfell í Þjósárverum [útilegumannabústaður]
- 10) Þjósárver [útilegumannabústaðir]

## 17. VERNDARSVÆÐI VEGNA GRUNNVATNS- OG STRANDMENGUNAR OG MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM:

### Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði mengunarvarnarreglugerðar og reglugerðar um neysluvatn vegna grunnvatns og varna gegn sjávarmengun og vatnsmengun.”

### Ákvæði úr reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999 m.s.br. nr. 533/2001):

#### Varnir gegn mengun í vötnum:

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999) ber heilbrigðisnefndum sveitarstjórna að flokka vatn eftir ákveðnum reglum sem birtar eru í fylgiskjali reglugerðarinnar. Vötn skulu flokkuð í eftirfarandi flokka eftir ástandi þeirra:

- 1) Flokkur A. Ósnortið vatn
- 2) Flokkur B. Lítið snortið vatn
- 3) Flokkur C. Nokkuð snortið vatn
- 4) Flokkur D. Verulega snortið vatn
- 5) Flokkur E. Ófullnægjandi vatn

Ekki er unnt að flokka, á fullnægjandi hátt, vötn og tjarnir í Skeiða-Gnúpverjahreppi samkvæmt þessu flokkunarkerfi vegna skorts á grunnögnum. Ulfsvatn á Vörðurfelli er að líkindum ósnortið vatn eða lítið snortið vatn (A- eða B-flokkur). Vorsabæjarvatn er hinsvegar mestmegnis uppbornað vegna framræslu. Vötn og tjarnir á afrétti eru að mestu ósnortin en lífríki margra þeirra er fábrotið.

#### Verndun grunnvatns/neysluvatns:

Vatnsverndarsvæði eru flokkuð með eftirfarandi hætti:

##### *I. flokkur - brunnsvæði.*

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólísins og skal það vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

##### *II. flokkur - grannsvæði.*

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólísins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði er ekki heimilt að hafa birgðir af eftirtöldum efnum: olíu, bensíni eða skyldum efnum, vegsalti, eiturefnum til útrýmingar skordýrum eða gróðri, áburði (tilbúnum eða af öðrum toga), né öðrum efnum sem mengað geta grunnvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar,



sumarbústaði eða þ.h. á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og yfirleitt öll starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

### *III. flokkur - fjarsvæði.*

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins, en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Meiri háttar geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisefnd getur gefið út frekari fyrirmæli um takmörkun á umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja þar.

## Stefna - afmörkun vatnsverndarsvæða:

Eftirtalin svæði falla undir vatnsvernd:

- 1) **Vatnsverndarsvæði upp af aðal vatnsbóli Skeiða í landi Framness. Vatnsverndin nær einnig til svæða í Vörðufelli sem tilheyra landi Fjalls, Birnustaða og Álfsstaða. Á aðalskipulagsupprætti hafa verið afmörkuð þrjú stig vatnsverndarsvæða umhverfis vatnsbólið (sjá reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. nr. 533/2001): (i) brunnsvæði, (ii) grannsvæði og (iii) fjarsvæði sem teygir sig um fjallstopp Vörðufells.**
- 2) **Vatnsverndarsvæði umhverfis og upp af vatnsbólum í landi Birnustaða, Álfsstaða, Fjalls og Ósabakka. Á aðalskipulagsupprætti hafa verið afmörkuð þrjú stig vatnsverndarsvæða umhverfis vatnsbólin (sjá reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. nr. 533/2001): (i) brunnsvæði, (ii) grannsvæði og (iii) fjarsvæði sem teygir sig um fjallstopp Vörðufells.**
- 3) **Vatnaverndarsvæði umhverfis vatnsból á mörkum Lækjarbrekku og Steinsholts, sem þjónar m.a. þéttbýlinu í Árnesi. Á aðalskipulagsupprætti hafa verið afmörkuð þrjú stig vatnsverndarsvæða umhverfis vatnsbólið (sjá reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. nr. 533/2001): (i) brunnsvæði, (ii) grannsvæði og (iii) fjarsvæði sem teygir sig um fjallstopp Hlíðarfjalls.**

Vegna hugsanlegs fjarsvæðis (sjá skilgreiningu að framan), vegna vatnsauðlinda í landi Hjálmhólts, sbr. tillögu að aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, er gerður eftirfarandi fyrirvari:

**Ef ráðist verður í töku neysluvatns í vatnsbólum, sem tilgreind eru í aðalskipulagi Hraungerðishrepps, verði hugað að því að marka hugsanlegt fjarsvæði vatnverndar vegna þeirrar vatnstöku, þegar viðeigandi gögn liggja fyrir um mörkun slíks svæðis. Fjarsvæðið næði að líkindum einkum til lands Kílshrauns, Ólafsvallartorfunnar og Árhrauns á mörkum sveitarfélaganna. Slíkt kallaði á breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.**

Afmörkun hugsanlegs fjarsvæðis sem teygir sig inná Skeið hefur ekki legið fyrir. Í svæðisskipulagi Flóans 2011 nær vatnsverndarsvæðið eingöngu að sveitarfélagamörkum. Samkvæmt skýrslu Páls lmslands frá mars 2003, liggur grunnvatnsstraumur, sem nærir hugsanleg vatnsból í Hraungerðishreppi, upp öll Skeið og í raun um Þjórsárhraunið allt ofan af hálendi. Hinsvegar liggur ekki fyrir með hvaða hætti skynsamlegt er að draga mörk hugsanlegs fjarsvæðis á Skeiðum. Því voru ekki forsendur til að draga slík mörk inná tillögur að aðalskipulagi á Skeiðum og tillögur um landnotkun voru kynntar án kvaða, hvað þetta varðar, á íbúafundum. Á sveitarfélagamörkunum, næst umræddu fjarsvæði í landi Hjálmhólts, er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæði með hverfisvernd (vegna Merkurhrauns) í

landi Ólafsvallartorfunnar og Árhrauns. Eilítið sunnar, í landi Kílhrauns, við mörk Villingaholtshrepps, er hinsvegar gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð (merkt F4). Svæði F4 er á móts við núverandi svæði sumarhúsa í Villingaholtshreppi. Í 10. kafla um svæði fyrir frístundabyggð, undirkafla um mat á umhverfisáhrifum, eru sett fram tilmæli um að sérstakra aðgæslu verði gætt vegna fráveitu á þessu svæði, vegna hins hugsanlega fjarsvæðis vatnsverndar.

## 18. HVERFISVERNDARSVÆÐI:

### Skilgreiningar samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.”

### Um hverfisvernd í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps:

Í 15. kafla er getið um nokkur svæði/staði sem hafa verndargildi vegna náttúrufars en eru ekki vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd. Hér er um svæði að ræða sem eru á náttúruminjaskrá, skilgreind með verndargildi í svæðisskipulagi miðhálandis eða önnur svæði með verndargildi sem sérstaklega eru tilgreind í aðalskipulaginu. Lagt er til að umrædd svæði/staðir verði skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulaginu (sjá H1-H13).

Tilgangur setningar hverfisverndarákvæða er m.a. að stuðla að jafnvægi milli nýtingar og verndunar, í anda sjálfbærrar þróunar, ásamt því að sjá til þess að ákvarðanir sem hafa í för með sér varanlega ráðstöfun lands eða breytingar á landnotkun fái faglega og formlega meðferð. **Afmörkun hverfisverndarsvæða er ekki ráðandi um grunn landnotkun á hverju svæði, heldur ráðandi um hvaða svigrúm verður innan hvers flokks landnotkunar og hvaða skilyrðum uppbygging verður háð. Um hvert hverfisverndarsvæði gilda því ákveðnar reglur, sem sveitarstjórn setur (sbr. skilgreiningu að ofan), sem kveða nánar á um verndun og skilyrði til uppbyggingar og framkvæmda en getið er um í viðkomandi flokki landnotkunar. Sveitarstjórn tekur mið af ákvæðum hverfisverndar við mat á byggingareyfisumsóknum og við gerð deiliskipulags og mat á því. Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða reglur um hverfisverndarsvæði síðar, við endurskoðun aðalskipulagsins eða breytingar á því.**

Þau svæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem hverfisvernd nær til, samkvæmt þessu aðalskipulagi, eru að grunni til skilgreind sem landbúnaðarsvæði (H1, H3, H4), svæði fyrir frístundabyggð (H2), opin svæði til sérstakra nota (H6) og óbyggð svæði (H5, H7, H8-H14). Þessir flokkar hafa því mis miklar heimildir til framkvæmda og verndunar. Hverfisverndarákvæði á landbúnaðarsvæðum þurfa þess vegna, í sumum tilvikum, að kveða skýrar á um verndun og skilyrði um framkvæmdir en hverfisverndarákvæði sem taka til óbyggðra svæða, þar sem almenn ákvæði skipulagsreglugerðar um framkvæmdir eru strangari. Ákvæði um neðangreind hverfisverndarsvæði endurspeglu þetta.

Megin tilgangur hverfisverndar á öllum svæðunum, er að vernda náttúruminjar (einstök náttúruvætti, vistkerfi, landslagsheildir og vatnsauðlindir). Á svæði H6 (Þjórsárdal) er tilgangur hverfisverndar einnig að vernda búsetuminjar, í samspili við landslagsheildir og einstök náttúruyfyrirbæri, sem hluta af heildstæðu útivistarsvæði.

Framfylgd hinna almennu hverfisverndarákvæða þarf að tryggja í deiliskipulagi og við mat á einstökum byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum.

## Stefna:

Eftirtalin svæði og náttúruvirkjagerðir eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulaginu:

### 1) Hluti Merkurhrauns – (H1).

Verndun sérstakrar landslagsgerðar. Um er að ræða hluta Merkurhrauns á afmörkuðu svæði næst Hvítá við mörk Hraungerðishrepps. **Mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu óheimilt á svæðinu.**

### 2) “Urðir” í landi Kílhrauns – (H2).

Sérstakar jarðmyndanir/hraun austan vegarslóða að Árhrauni. Hugað verði að verndun þeirra við gerð deiliskipulags fyrirhugaðs sumarhúsasvæðis sem er í næsta nágrenni. **Mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu óheimilt á svæðinu.**

### 3) Litla- og Stóra-Gráhellu – (H3).

Verndun sérstakrar landslagsgerðar. Ógróið hraunlendi í landi Vorsabæjar, Norðurgarðs og Björnskots. **Mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu óheimilt á svæðinu.**

### 4) Votlendi, Höfðaveitur, milli Hvítár og Vörðufells í landi Fjalls – bakkar og hlíðar undanskyldar (H4).

Samkvæmt náttúruverndarlögum skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar (sjá 37. gr. liður c) og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir sem leiða af sér röskun á slíkum svæðum áður en byggingar- eða framkvæmdaleyfi er veitt. Lagt er til að ákvæði hverfisverndar verði látin ná til þessa votlendis í landi Fjalls. Með þessu móti er m.a. komið til móts við náttúruverndarlögin, náttúruminjasrá, stefnu um verndun votlendis í Höfðaveitu (“-flötum”) í aðalskipulagi Biskupstungna (Bláskógabyggðar) og tilmæli ríkisstjórnar um endurheimtun votlendis á Íslandi. Haft er að leiðarljósi að landnýting verði með svipuðum hætti og áður og kvaðir á landeigendur verði lágmarkaðar. **Eftirfarandi reglur gilda á svæðinu:**

- **Að eftirlit verði haft með beit búfjár til að stemma stigu við ofbeit.**
- **Að notkun áburðar (tilbúins sem og húsdýraáburðar) verði takmörkuð.**
- **Að almenn skotveiði verði bönnuð eða takmörkuð í samráði við landeigendur.**
- **Að sérstakar reglur verði settar um umgengni á varptíma.**
- **Að frekari framræsla verði bönnuð og annað jarðrask á viðkomandi svæðum.**

**5) Hverfisvernd á Laxárgljúfrum – (H5).**

Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndanna; stórbrotins landslags. **Mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu óheimilt á svæðinu.**

**6) Hverfisvernd þess hluta Þjórsárdals sem er á náttúruminjaskrá (sbr. 15. kafli) (H6).** Grunn landnotkunin á svæðinu er “opin svæði til sérstakra nota” (sjá 11. kafli). Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðabjónustu er almennt heimil en þau einstöku náttúrufyrirbæri sem gerð er grein fyrir í Náttúruminjaskrá, (sjá 15. kafli) njóti friðunar, þ.e. Fossá og Rauðá, ásamt fossum, og nágrenni ána. Stuðlað verði að bættu aðgengi að hinum einstöku náttúrufyrirbærum á svæðinu. **Nánar verði kveðið á um afmörkun svæða og reglur um verndun í deiliskipulagi. Uppgræðsla lands er tilkynningaskyld á svæðinu,** sbr. lögum nr.106/2000 (Viðauki 2 (1.e) og viðauki 3 (2.iii.(f)) (sjá einnig 14. kafli).

**7) Hverfisvernd á afrétti – Þjórsárver og Þjórsá (H7).**

Samkvæmt svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru stórir hlutar af hálandi Skeiða- og Gnúpverjahrepps skilgreindir sem náttúrverndar- og verndarsvæði (sjá nánar 15. kafli). Náttúruverndarsvæðin ná yfir svæði sem eru á meðal mikilvægustu og merkustu náttúruminja miðhálandisins. Innan þessa svæðis eru Hofsjökull, Þjórsárver, og Þjórsá. Almenn verndarsvæði svæðisskipulagsins, fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, búsetuminja og mikilvægustu lindasvæða hálandisins og ennfremur svæða með mikið útivistargildi, þ.á.m. jaðarsvæði að byggð (Þjórsárdalur).

Gert er ráð fyrir því að stór hluti svæðisins meðfram vestanverðri Þjórsá, frá Þjórsárverum og að Sultartangalóni verði skilgreint sem hverfisverndarsvæði þar sem sveitarstjórn fer með forræði svæðisins skv. skipulags- og byggingarlögum. Svæði þetta samsvarar tillögu Umhverfisstofnunar að stækkun friðlands Þjórsárvera þar sem annars vegar er lagt til að friðland verði stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi Þjórsárvera lendi innan friðlýsingarmarka og hins vegar að Þjórsá, frá núgildandi friðlýsingarmörkum að Sultartangalóni, ásamt nærliggjandi svæðum verði friðlýst. Með hverfisverndinni og hugsanlegri stækkun friðlands er stuðlað að víðtækari og markvissari verndun á gróðurlendi Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna og sérstakri landslagsheild.

Skipulagi er frestað á þeim hluta hálandisins þar sem gerðar hafa verið tillögur um framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu. Gengið er út frá því að hverfisvernd muni ná að jöðrum þessara svæða, þó ekki til beltis sem nemur 25 m utan við jaðra þeirra, ef tekin verður ákvörðun um virkjanaframkvæmdir á viðkomandi svæðum.

**Á umræddu hverfisverndarsvæði er jarðrask og mannvirkjagerð, þ.m.t. ræktun ekki heimil, nema annað sé tekið fram í aðalskipulaginu og í neðangreindum reglum. Á svæðinu gildi eftirfarandi reglur:**

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit, skulu haldast svo sem verið hefur. Sveitarstjórn getur þó, ef þörf krefur, sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.
- Uppgræðsla lands (ræktun og áburðargjöf) verði háð mati á umhverfisáhrifum og/eða tilkynningaskyld (sbr. lög nr. 106/2000)
- Umferð vélknúinna ökutækja um vegar slóðir sem þegar eru fyrir hendi skal heimil að sumarlagi, enda sé viðkomandi slóð greinileg. Óheimilt er að ryðja nýjar slóðir fyrir umferð vélknúinna ökutækja og á hálendinu almennt nema með leyfi sveitarstjórnar. Akstur á snævi er heimill, en ef þörf krefur getur sveitarstjórn ákveðið að takmarka eða banna akstur vélknúinna ökutækja á tilteknum svæðum árið um kring.
- Heimilt er að gera göngubrýr, og merkja göngu- og reiðstíga um svæðið. Mannvirkjagerð skal þó haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og jarðrasks og kostur er.
- Vekja ber athygli á útivistargildi svæðisins og almennt að greiða fyrir umferð gangandi og ríðandi fólks þar. Heimilt er þó að setja sérstakar árstíðabundnar reglur um umgengni gangandi og ríðandi.

## 8) Hverfisvernd vegna vatnsauðlinda á hálendinu.

- a) **Hnífárbotnar (H8).** Lindir í Hnífárbotnum, spretta upp úr sprungum á litlu svæði nærri 600 m.y.s. Aðgengi að slóð inn Gnúpverjafrétt.
- b) **Dalsárdrög (H9).** Lindir á litlu svæði í Dalsárdrögum, í um 800 m.y.s. Lindir koma upp úr möl ofl. en tengdar sprungum. Vatnsmegin hátt í 1 m<sup>3</sup>/s.
- c) **Norðurleit (ytri, styttri). (H10).** Lindir tengdar sprungum í Bjarnalækjarbotnum og Miklalækjarbotnum efri og neðri, í 520-600 m.y.s. Vatnsmegin a.m.k. nokkur hundruð l/s.
- d) **Þjórsá, Norðlingaalda. (H11).** Lindir sem spretta upp úr sprungum og bólstrabergi í farvegi og bökkum Þjórsár í um 550 m.y.s. Vatnsmegin lítt þekkt.
- e) **Þjórsárver, Arnarfell mikla. (H12).** Lindir úr bólstrabergi og sprungum undan Arnarfelli mikla í 600-700 m.y.s. Vatnsmegin líklega um 1 m<sup>3</sup>/s.
- f) **Þjórsárver, Nautaalda. (H13).** Lindir úr bólstrabergi og sprungum við Nautaöldu í 600-700 m.y.s. Í Nauthaga eru heitar lindir. Vatnsmegin líklega um 1 m<sup>3</sup>/s.
- g) **Fossárdrög (H14)** Lindir tengdar sprungum og lagmótum í Fossárdrögum bak við Lambafell, í 600-620 m.y.s.

Á umræddum hverfisverndarsvæðum er jarðrask og mannvirkjagerð ekki heimil (sbr. einnig ákvæði skipulagsreglugerðar um óbyggð svæði). Á svæðinu gildi ennfremur eftirfarandi reglur sem taka m.a. mið af reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999, m.s.br. nr. 533/2001):

- Uppgræðsla lands, ræktun og áburðargjöf er með öllu óheimil
- Umferð vélknúinna farartækja verði takmörkuð (eða með öllu óheimil), að vetri sem sumri
- Geymsla mengandi efna (olía, bensín, áburður o.s.frv.) er með öllu óheimil á þeim svæðum sem tilgreind eru.

Hverfisverndarákvæði taka ekki til þeirra mannvirkja sem fyrir eru á svæðunum (H1-H14) eða eru samþykkt í öðrum áætlunum sem taka til þess að hluta eða að öllu leyti, nema slíkt sé tekið sérstaklega fram. Þetta á m.a. við um þjóð- og fjallvegi, raflínur, háspennu- eða ljósleiðarastrengi, sæluhús og fjarskiptastöðvar.



## 19. SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ:

### Skilgreiningar samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):

“Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.”

### Jarðskjálftahætta:

Upptakabelti Suðurlandsskjálfta liggur þvert um syðsta hluta Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá austri til vesturs. Breidd Suðurlandsskjálftabeltisins er, í þrengsta skilningi, um 8-10 km en lengd þess um 70 km, frá Vatnafjöllum sunnan Heklu og vestur í Ölfus. Á þessu belti hafa orðið mjög snarpir jarðskjálftar með reglulegu millibili í gegnum aldirnar. Ritaðar heimildir benda til þess að mjög stórir jarðskjálftar (um 7 á Richter) hafi orðið á hverri öld á Suðurlandi síðan land byggðist.

Stórir jarðskjálftar urðu á Suðurlandsskjálftabeltinu þann 17. og 21. júní árið 2000, en þá voru liðin 88 ár frá síðasta stóra skjálftanum sem varð árið 1912, austast á Suðurlandsskjálftabeltinu. Upptök skjálftanna sumarið 2000, var annarsveggar í vestarlega í Holtum (63.97°N og 20.37°V á 6,3 km dýpi; 17. júní) og hinsveggar í Flóa í Hraungerðishreppi, skammt sunnan Hestfjalls (63.98°N og 20.71°V á 5,1 km dýpi; 21. júní). Vægisstærð ("móment stærð") skjálftanna var svipuð eða í kringum 6,4, en fyrri skjálftinn stóð yfir í lengri tíma. Áhrif skjálftanna voru mikil og fundust víða. Eignatjón var mikið á svæðum næst upptökunum, einkum á íbúðarhúsum, útihúsum, samgöngumannvirkjum og veitukerfum.

Eignatjón var verulegt á Skeiðum enda upptök beggja skjálftanna nærri byggð í sveitinni. Meðal annars leiddu jarðskjálftarnir til þess að íþróttahús við grunnskólann á Brautarholti varð ónothæft og er nú lokið byggingu nýs íþróttahúss. Í Gnúpverjahreppi var tjón mun minna en á Skeiðum en áhrif skjálftans voru veruleg. Samkvæmt skýrslu Almannavarna ríkisins frá 1978 liggja Skeið á fyrsta (syðsti hlutinn), öðru (miðhlutinn) og þriðja áhættusvæði (nyrsti hlutinn), þar sem styrkur skjálfta getur orðið á bilinu 9 til 11 stig á Mercalli kvarða. Stærsti hluti framsveitar Gnúpverjahrepps liggur á öðru áhættusvæði (10 stig á Mercalli) en norðurhluti sveitarinnar liggur á þriðja áhættusvæði. Átta til níu stig á Mercalli kvarða þýða að mannvirki taka að eyðileggjast og manntjón getur orðið. Áhrif verða því töluverð í öllum Skeiða- og Gnúpverjahreppi í stærstu skjálftum, en hversu mikil þau verða ræðst af því hvar upptök skjálftans verða á beltinu hverju sinni. Í annálum er getið um 37 jarðskjálfta á Suðurlandi sem hafa verið svo sterkir að hús hafi hrunið. Í fjórum tilvikum er getið um að hús hafi hrunið á Skeiðum, í jarðskjálftum 1339, 1614, 1784 og 1896, en í tveimur tilvikum í Hreppum, 1784 og 1896.

Ekki er unnt á grundvelli fyrirliggjandi gagna og e.t.v. yfirleitt ekki raunhæft að reyna að skilgreina og flokka sérstök hættusvæði vegna jarðaskjálfta. Óvissa um hvar upptök skjálfta verða, tímalengd milli skjálfta og mismunandi áhrif þeirra eftir jarðlögum ráða hér miklu um. Hinsveggar er mögulegt að setja ákveðnar reglur sem fara þarf eftir við stefnumótun í

aðalskipulagi, gerð deiliskipulags, veitingu byggingarleyfa og við byggingareftirlit. Við skipulag íbúðarlóða og staðsetningu bygginga almennt verður að gæta þess að undirlag hafi verið rannsakað gaumgæfilega m.t.t. áhrifa í jarðskjálftum (sjá nánar opinbera byggingarstaðla). Nauðsynlegt er að hyggja vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, mishæðir eða stallar undir sökklum húsa. Þá þarf að kortleggja nákvæmar sprungusvæði sem liggja á svæðinu, einkum á Skeiðum.

Varðandi jarðskjálftahættu er að öðru leyti vísað til skýrsla Veðurstofu Íslands: "Jarðaskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21 júní, 2000", eftir Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson og Páll Halldórsson ([www.vedur.is/ja/skyrslur](http://www.vedur.is/ja/skyrslur)) og "Lærdómar af Suðurlandsskjálftunum 2000" eftir Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, Pál Halldórsson og Þórunni Stefánsdóttur ([www.vedur.is/ja/verk/](http://www.vedur.is/ja/verk/)). Gerður fyrirvari á að enn er ólukið að vinna úr hluta af hinum miklu gögnum sem söfnuðust í jarðskjálftunum sumarið 2000. Í lokakafli fyrri skýrslunnar segir: "Það er eðlilegt að líta svo á að uppbygging spennuorku í Suðurlandsskjálftabeltinu frá því um 1900 og þar til nú hafi ekki verið orðin nægilega mikil til að hún dygði til að leysa út skjálfta á austasta hluta svæðisins, þ.e.a.s. af stærðinni 7 eða þar um bil. Það er ekki ólíklegt að slíkur skjálfti muni leysast úr læðingi á næstu áratugum, vegna þeirrar spennuorku sem enn er eftir á því svæði, og sem mun halda áfram að byggjast upp með tímanum."

Staðallinn ÍST 13/1989 er fallinn úr gildi. Í stað hans er í gildi evrópskur forstaðall Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Í þjóðarskjalinu FS ENV 1998-1-1: 1994 er mynd 1 sem sýnir skiptingu Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára endurkomutíma og tafla 1 sem tilgreinir við hvaða hönnunarhröðun skal miða við í þéttbýliskjörnum. Hönnunarhröðunarsvæðin flokkast í 5 flokka sem miðast við hönnunarhröðun 0,10 g, 0,15 g, 0,20 g, 0,30 g og 0,40 g. Því hærra sem talan er því hærra er álagið á svæðinu og skal við hönnun mannvirkja reikna með þeirri hönnunarhröðun sem er tilgreind á hverju svæði. Samkvæmt þjóðarskjalinu fellur neðri hluti Skeiða- og Gnúpverjahrepps undir hönnunarhröðunarsvæði 0,40 g en efri hlutinn undir 0,30 g, 0,20, 0,15 og 0,10 g. Byggingarfulltrúa er heimilt að ákvarða hönnunarhröðun á sínu svæði utan þéttbýliskjarna. Slík ákvörðun skal þó vera innan þess ramma sem staðallinn leyfir, þ.e. með hliðsjón af mynd 1 í fyrrnefndu þjóðarskjali.

### **Landbrot og flóðahætta:**

Í gegnum tíðina hefur verið töluvert landbrot meðfram meginfljótunum Þjórásá og Hvíta. Landbrots hefur einnig gætt meðfram Stóru-Laxá en þar er búið að breyta farveginum og fækka kvíslunum. Þjórásá hefur brotið land á Skeiðum, allt frá Murneyrum og fram undir Kálfhól. Landbrot vegna vatnavaxta í Þjórásá hefur þó minnkað á undanförunum árum. Hvíta hefur brotið land á svæðinu frá Bauluós og norður fyrir bæinn að Fjalli. Landsvirkjun hefur reist varnargarða með Þjórásá og grjóti hefur verið keyrt í bakka Hvítár til að draga úr landbroti þar.

**Náttúruvá vegna Heklugosa:**

Heklugos hafa í gegnum tíðina valdið stórfelldum gróðurskemmdum á afrétti Skeiða- og Gnúpverjahrepps og í Þjórsárdal.

**Skriðuhætta:**

Sjá Viðauka I, kafla 1.7.

**Stefna:**

Ekki er unnt að skilgreina “þröng” ákveðin hættusvæði m.t.t. jarðskjálftahættu en við skipulagningu verði tekið tillit til kortlagðra sprunguþyrpinga. Við hönnun bygginga og við skipulagningu byggðar skal taka mið af eftirfarandi:

1. Við skipulag íbúðarlóða og staðsetningu bygginga almennt (þ.m.t. sumarhús) verði þess gætt að undirlag hafi verið rannsakað gaumgæfilega m.t.t. áhrifa í jarðskjálftum og m.t.t. sprungna í jörð.<sup>35</sup> Nauðsynlegt er einnig að hyggja vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, mishæðir eða stallar undir sökklum húsa.
2. Við skipulag byggðar verði leitast við því að staðsetja ekki byggingar undir hömrum eða hlíðum þar sem skriðuföll og grjóthrun gætu orðið við jarðskjálfta eða jarðvegs- og aurskriður hlaupið fram.
3. Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1: 1994 er Skeiða- og Gnúpverjahreppur á hönnunarhröðunarsvæðum 0,40 g, 0,30 g, 0,20, 0,15 og 0,10 g.<sup>36</sup>

Þar sem eru þekkt flóðahættasvæði og/eða líklegir farvegir flóða og þar sem landbrot hefur átt sér stað við Hvítá og Þjórsá, skal að jafnaði miða við að byggingar standi í meiri fjarlægð en 50 m frá vatnsbakka.

Ekki er gert ráð fyrir byggingum eða öðrum varanlegum mannvirkjum í Fossdal, inn af Þjórsárdal, þar sem skriða féll árið 1980 (sjá Viðauka I, kafla 1.7.)

<sup>35</sup> Stefnt er að því að vinna úttekt á sprungusvæðum og kortleggja þau, til leiðbeiningar við gerð deiliskipulags.

<sup>36</sup> Sjá nánar mynd 1 og töflu 1 í þjóðarskjalinu FS ENV 1998-1-1: 1994 og umfjöllun framar í kaflanum.

## 20. SKIPULAG BRAUTARHOLTS:

Hér að neðan er almenn lýsing á skipulagi og uppbyggingu í Brautarholti. Staðfest stefnumörkun fyrir þéttbýlið er sett fram í einstökum köflum um viðkomandi landnotkunarflokk (sjá að framan) og á sérupprætti í mkv. 1:10.000.

1. *Íbúapróun - íbúðarsvæði:* Miðað við 6,0% íbúafjölgun að meðaltali á ári í Brautarholti til ársins 2015, þarf íbúðum þar að fjölga um 10-11 á skipulagstímabilinu. Gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúða suðaustan við núverandi í Brautarholti. Þar er gert ráð fyrir einbýlis- og parhúsalóðum. Þetta hverfi ætti að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði næstu 12–15 árin ef forsendur íbúaspár ganga eftir.
2. *Athafnasvæði/Íðnaðarsvæði:* Gert er ráð fyrir að iðnaðaruppbygging fari einkum fram á svæðinu vestan Þjóðveggar við Brautarholt. Á svæðinu er ein bygging sem hýsir iðnaðarstarfsemi. Umrætt svæði er u.þ.b. um 1 ha að stærð. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir léttum iðnaði. Framtíðar athafnasvæði/verslunar- og þjónustusvæði er skilgreint austan Þjóðveggar og þar er gert ráð fyrir léttum iðnaði og handverki í bland við verslun og þjónustu á tiltölulega litlum lóðum.
3. *Verslunar- og þjónustusvæði:* Í Brautarholti er lóð verslunarinnar og bensínstöðvarinnar við Þjóðveginn og nærliggjandi lóðir að norðanverðu skilgreindar sem verslunar- og þjónustusvæði (V1).
4. *Svæði fyrir þjónustustofnanir:* Uppbygging opinberrar þjónustu verður að mestu bundin við þéttbýlið í Brautarholti og í Árnesi. Þar er grunnskóli, leikskóli og sundlaug (Þ1, Þ3, Þ5). Gert er ráð fyrir að rúm verði fyrir opinbera þjónustu á lóð við Þjóðveginn, sunnan afleggjarans (Þ7).
5. *Útivistarsvæði:* Eftirtalin svæði eru skilgreind sem útivistarsvæði: a) Tjaldstæði vestan sundlaugar í Brautarholti (O3); b) Ípróttu- og útivistarsvæði er vestan og sunnan sundlaugar (O1); c) Leikvöllur (O2);
6. *Gatnaskipulag og umferðaröryggi:* Gert ráð fyrir nokkrum tengingum þéttbýlisins við Þjóðveginn en leitast er við að lágmarka fjölda þeirra. Íbúðarsvæðin eru skipulögð með þeim hætti að gegnum akstur verður ekki mögulegur.

## 21. SKIPULAG ÁRNESS:

Hér að neðan er almenn lýsing á skipulagi og uppbyggingu í Árnesi. Staðfest stefnumörkun fyrir þéttbýlið er sett fram í einstökum köflum um viðkomandi landnotkunarflokk (sjá að framan) og á séruppdrætti í mkv. 1:10.000.

### Forsendur:

Félagshemilið Árnes var vígt og tekið í notkun árið 1970. Var þar lagður grunnur að myndun þéttbýliskjarna á svæðinu umhverfis. Þar hefur síðan verið byggður skóli, íþróttavöllur, tjaldsvæði, verslun og bensínstöð. Ennfremur hafa þar byggst nokkur íbúðarhús. Sunnan þjóðvegarsins er athafnasvæði og nokkuð svæði fyrir smábýli.

Nokkur smábýli eru í nánd við þéttbýliskjarnann við Árnes: Hraunbú, Heiðarbrún, Hraunhólar, Leiti, Hamratungu og Réttarholt. Rétt austan við Árnesbyggðina er prestsbústaðurinn Tröð. U.þ.b. 40 ha landsspilda fylgir bústaðnum og er hafin á henni nytjaskógrækt.

### Stefnumörkun:

Stefnt er að því í aðalskipulaginu að þéttbýliskjarninn í Árnesi verði þjónustumiðstöð hvað varðar verslun, opinbera þjónustu, menningarstarfsemi og stjórnsýslu. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu byggðarkjarnans í Árnesi á því landi sem hreppurinn hefur eignarhald á.

#### 1. Íbúðarsvæði:

Í Árnesi og nágrenni er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúða, beggja vegna þjóðvegars (32) sem liggur í gegnum þéttbýlið. Norðan þjóðvegarsins er gert ráð fyrir almennum íbúðarsvæðum, þ.e. þéttingu þeirra svæða sem fyrir eru. Sunnan þjóðvegars er aftur á móti gert ráð fyrir smábýlum á mjög stórum lóðum. Bæði þessi svæði hafa verið deiliskipulögð.

Íbúðarsvæðin norðan þjóðvegarsins eru við Bugðugerði, Hamragerði og Heiðargerði og er gert ráð fyrir að þéttleiki íbúðana verði um 8-12 íbúðir pr. hektara.

Á smábýlalóðunum sunnan þjóðvegarsins er gert ráð fyrir að byggð verði einbýlishús á stórum lóðum og að nýtingarhlutfalli 0,15 eða lægra.

Samskonar smábýli á stórum lóðum eru við Réttarholt, Leiti og Hamratungu. Einnig er gert ráð fyrir smábýlasvæði sunnan þjóðvegars (32) við Kálfá.

#### 2. Svæði fyrir þjónustustofnanir, verslunar- og þjónustusvæði:

Með skipulaginu er leitast við að styrkja núverandi verslunar-, þjónustu- og stofnanasvæði í Árnesi. Ýmsar þjónustustofnanir er að finna í Árnesi en þar er að finna grunnskóla, leikskóla, sundlaug og félagshemili. Þá er gert ráð fyrir að íþróttahús muni rísa við grunnskólann. Verslunar- og þjónustusvæði eru í Árnesi en þar er verslun og gistiheimili. Þá er gert ráð fyrir nýrri verslunar- og þjónustubyggingu norðan við núverandi verslun. Allt ofangreint hefur verið staðfest í deiliskipulagi.

### 3. Athafnasvæði:

Skipulagið gerir ráð fyrir athafnasvæði sunnan Þjóðvegur (32) en þar er gert ráð fyrir 19 lóðum fyrir athafnasvæði auk gámasvæðis. Aðkoma er frá Þjóðvegi (32). Svæðið hefur verið deiliskipulagt.

### 4. Opin svæði til sérstakra nota:

Opin svæði til sérstakra nota umlykja byggðina í Árnasi og nokkuð góð tengsl eru á milli þessara svæða.

- Reykjanesið er skilgreint sem skógræktar- og útivistarsvæði en þar er gert ráð fyrir lagningu göngustíga til að svæðið nýtist sem best til útivistar.
- Tjaldsvæði er austan við félagsheimilið Árnes en gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið verði stækkað að Þjóðvegi (32).
- Íþróttavöllur er í Árnasi og er hann staðsettur vestan við félagsheimilið. Það er frjálsíþróttastaða og knattspyrnuvöllur í fullri stærð.
- Gert er ráð fyrir Skógræktar- og útivistarsvæði umhverfis Gnúpverjaskóla.
- Athafnasvæði hestamanna er milli Kálfár og Þjóðvegur (325). Þar er reiðvöllur og gert er ráð fyrir uppbyggingu hesthúsa austan vallarins.
- Stórt útivistarsvæði er í landi Réttarholts og þjónar það frístundahúsabyggð sem er að byggjast upp við svæðið.

Öll svæðin eru staðfest í deiliskipulagi að undanskyldu svæðinu í f) lið.

### 5. Svæði fyrir frístundabyggð:

Frístundahúsabyggð er í landi Réttarholts og gerir skipulagið ráð fyrir að svæðið stækki nokkuð til vesturs og að þar verði um 22 frístundahús.

Frístundahúsabyggð er einnig við Löngudælaholt, milli Kálfár og Þjóðvegur (325). Gert er ráð fyrir að það svæði stækki til vesturs og hefur deiliskipulag verið unnið fyrir svæðið. Nú er á svæðinu 21 frístundahús en með stækkun svæðissins er gert ráð fyrir 5 húsum til viðbótar.

Skipulagið gerir ráð fyrir frístundahúsabyggð austan við tjaldsvæðið en þar er gert ráð fyrir 5 gistihúsum skv. deiliskipulagi.

Frístundasvæði er við Leiti og er það um 3 ha. Þegar hefur verið byggt þar eitt frístundahús.

### 6. Vega- og gatnakerfi:

- Stofnvegir: Þjóðvegur nr. 32 (Þjórsárdalsvegur): Gert er ráð fyrir óbreyttri legu hans í gegnum þéttbýlið í Árnasi. Gert er ráð fyrir að hraða verði náð niður með hraðahindrunum sitt hvoru megin við Árnes til að auka öryggi þeirra vegfarenda sem um veginn fara. Vegurinn er bundinn slitlagi.
- Tengivegir:Þjóðvegur nr. 325 (Gnúpverjavegur):Hringleið frá Þjóðvegi nr. 32. Vegur sem tengir Þjóðvegi nr. 32 og 325.

7. Veitur:

- a) Hitaveita: Hitaveita er við Þjórsárholt annar hún byggðarkjarnanum við Árnes.
- b) Vatnsveita: Neysluvatn fyrir þéttbýlið við Árnes sem og skipulagðar sumarhúsabyrpingar við Löngudælarholt er tekið úr markalæk á mörkum Lækjarbrekku og Steinholts.
- c) Rafveita: Rafmagnsveitur ríkisins á Hvolsvelli sjá Árnosi fyrir rafmagni um byggðarlínu frá Búrfelli.
- d) Fráveita: Fráveitukerfi er fyrir þéttbýliskjarnan í Árnosi og er frárennsli veitt í rotþrær.
- e) Fjarskipti: Sjálfvirk símstöð fyrir hreppinn er í íbúðarhúsi húsvarðar við Árnes.



## 22. SKIPULAG HÁLENDIS:

Gerð er grein fyrir skipulagi hálendisins í köflunum hér að framan (sjá einnig Viðauka I) en til hagræðis og samanburðar við svæðisskipulag miðhálendisins 2015 eru hér að neðan dregin saman helstu atriði skipulags afréttar og hálendis Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins 2003-2015.

### *Helstu atriði:*

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003-2015 viku ekki í meginatriðum frá almennri stefnu svæðisskipulags Miðhálendis Íslands 2015 um verndun og byggingarstig á afrétti og hálendi sveitarfélagsins. Megnið af svæðinu sem svæðisskipulagið nær yfir er skilgreint sem *óbyggt svæði* (sbr. skipulagsreglugerð grein, 4.13) og þar er ekki önnur mannvirkjagerð leyfileg en uppgræðsla lands (sjá þó 6 gr. og Viðauka II (liður 2e), laga nr. 106/2000) og nauðsynlegar framkvæmdir tengdar henni. Stefna svæðisskipulagsins um verndun, þ.e. náttúruverndarsvæði og almenn vernarsvæði, er undirstrikuð og fylgt eftir í sumum tilvikum í aðalskipulaginu með skilgreiningu slíkra svæða sem hverfisverndarsvæða (sjá 18. kafla).

### *Frávik frá svæðisskipulagi Miðhálendis - leiðréttingar:*

Hér að neðan er listi yfir atriði í aðalskipulaginu sem túlka má sem minniháttar frávik frá svæðisskipulaginu og/eða leiðréttingar á staðreyndum:

- 1) Leiðréttingar á stjórnsýslumörkum að vestanverðu, norðan Rjúpnafells.
- 2) Skáli við Lambhöfða er skilgreindur sem frístundabyggð en hans er ekki getið í svæðisskipulaginu.
- 3) Reiðleið frá Skáldabúðum og að Gljúfurleit sem sýnd var á svæðisskipulagsupprætti, er í aðalskipulaginu einungis látin ná að Skeiðamannafit. Það er gert samkvæmt ábendingum heimamanna og staðkunnugra á hálendinu.
- 4) Skipulagi er frestað á svæðum á hálendinu þar sem gerðar hafa verið tillögur um framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu Í auglýstu aðalskipulagi var gert ráð fyrir breyttri útfærslu miðlunarlóna Norðlingaölduveitu, bæði hvað varðar stærð þeirra og legu, sem ekki var í samræmi við svæðisskipulag miðhálendis.<sup>37</sup> Af þeim sökum var viðeigandi breyting á svæðisskipulagi miðhálendis auglýst samhliða aðalskipulagstillögunni. Við afgreiðslu samvinnunefndar á athugasemdum við auglýsta breytingu svæðisskipulags og afgreiðslu hreppsnefndar á aðalskipulagstillögunni var í meginatriðum horfið frá hinni breyttu útfærslu Norðlingaölduveitu, m.a. fallið frá fyrirhuguðum lónum norðan friðlandsins í Þjórsárverum. Á grundvelli afgreiðslu Skipulagsstofnunar var síðan ákveðið að fresta skipulagi á umræddu svæði (sjá að öðru leyti Inngang, 6. kafla og Viðauka V).

<sup>37</sup> Svæðisskipulagið gerði ekki t.a.m. ekki ráð fyrir Þjórsárjökulslóni og Vesturkvíslalóni.

## Helstu heimildir:

### Munnlegar heimildir:

Landeigendur og íbúar í Skeiða- og Gnúpvejarhrepps  
Sveitarstjórn Skeiðahrepps 1998-2002  
Sveitarstjórn Gnúpverjahrepps 1998-2002  
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2002-2006

### Óprentaðar heimildir:

Alþingi, althingi.is/Stjórnarráð Íslands: *Lög og reglugerðir*  
Byggðastofnun: *Byggðabrunnur 1998-2000.*  
Bændasamtök Íslands: *Forðagæsluskýrslur 1988, 1993, 1999,2002*  
Einar Þorleifsson: *Útbreiðsla og fjöldi nokkurra votlendisfugla á Suðurlandsundirlendi ásamt votlendisskrá, (Bs-ritgerð) 1995*  
Fasteignamat ríkisins/fmr.is: *Fasteignaskrá 1999,2003; Yfirlit um áætlað samanlagt fasteignamat og stærðir fasteigna í fasteignaskrá 1997-2000*  
Hagstofa Íslands, hagstofa.is: *Ýmis tölfræði*  
Landsvirkjun/landsvirkjun.is: *Ýmsar skýrslur*  
Veðurstofa Íslands/vedur.is: *Ýmis meðaltöl árána 1961-1990. Skýrslur um jarðskjálfta.*  
Vegagerð ríkisins, vegagerdin.is: *Umferðarbanki (Auður Þóra Árnadóttir), 1998, 2002, ýmis gögn*  
Skipulagsstofnun/skipulag.is: *Ýmsar greinargerðir – álitsergerðir, úrskurðir*  
Skrifstofu Suðurlandsskóga og Skógræktar ríkisins á Selfossi: *Listi yfir bújarðir í skógræktarverkefnum,2003*  
Þjóðminjasafn: *Gögn úr könnun frá 1981 um ástand friðlýstra fornleifa*

### Prentaðar heimildir - Ritaskrá:

Almannavarnir ríkisins: *Landskjálftar á Suðurlandi, 1978*  
Alþingi: *Þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð, júní 1998*  
Alþingi: *Þingsályktun um vegaáætlun fyrir árin 1998-2002, júní 1998*  
Arnpór Garðarsson: “Íslenski húsandastofninn”, *Náttúrufræðingurinn 48, , 1978*  
Ágúst Georg Ólafsson: “Könnun um friðlýstar fornleifar”, *Ljóri 5. árg. 1. tbl. 1984*  
*Árnessýsla, Sýslu- og sóknalýsingar, 1839-1845, Sögufélag, endurútg., 1979*  
Ágúst Guðmundsson: *Ofan Hreppafjalla milli Hvítár og Þjórsár í Árnessýslu. Árbók Ferðafélags Íslands 1996, einkum kaflar “Þjórsárdalur” (bls. 75-115) og “Flóa- og Skeiðamannaafreittur” (bls.163-184).*  
Árni Magnússon & Páll Vídalín: *Jarðabók. Annað bindi. (1921), bls. 182-203*  
Bjarni Harðarson: *Landið, Fólkið og Þjóðtrúin. Árnessýsla, 2001.*  
Einar Arnórsson: *Árnesping á landnáms- og söguöld, 1950*

Ferðamálafulltrúi: *Gæði og gestrisni. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Uppsveitir Árnassýslu 1998-2002*

Fornleifafræðistofan: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar*, Landsvirkjun, nóvember 2002.

Fornleifafræðistofan: *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar*, Landsvirkjun, nóvember 2002

Gísli Gestsson: *Árnassýsla milli Hvítár og Þjórsár. Árbók Ferðafélags Íslands 1956.*

Gunnar Karlsson: "Söguleg merking Áshildarmýrarsamþykktar", *Árnesingur. Rit IV. Sögufélag Árnesinga 1996.*

Haukur Jóhannesson, Sveinn P. Jakobsson, Kristján Sæmundsson: *Ísland. Jarðfræðikort. Blað 6: Suðurland* (mkv. 1:250.000), 3. útgáfa 1990, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: *Úrbætur fráveitumála í Skeiða- og Gnúpverjahreppi*, 2003.

Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands.

Hauk Ragnarsson: "Um skógræktarskilyrði á Íslandi", *Skógarmál*, 1977

Hinrik Þórðarson: "Vötn í Árnes- og Rangárþingi", *Suðri*, 1970

Jón Eiríksson: *Aldahvörf á Skeiðum. Ljósmyndir Jóns Eiríkssonar í Vorsabæ*, 1991

Jón Eiríksson: "Vorsabæjarþættir", *Árnesingur. Rit IV. Sögufélag Árnesinga 1996.*

Jón Guðmundsson: "Skeiðahreppur", *Sunnlenskar byggðir III*, bls. 406-432, 1983

Ólafur Jónsson: *Skriðuföll og snjóflóð. Annað bindi. 1992*

Landgræðsla Íslands & Rannsóknastofnun landbúnaðarins: *Jarðvegsrof á Íslandi*, 1997

Landsvirkjun: *Sultartangalína 3, 420 kV. Sultartangi-Brennimelur. Mat á umhverfisáhrifum-Tillaga að matsáætlun*, Júlí 2001.

Landsvirkjun (Almenna verkfræðistofan): *Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting Búrfellslínu 1. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla*, apríl 2003.

Landsvirkjun: *Urriðafossvirkjun í Þjórsá allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 2. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla*, apríl 2003.

Landsvirkjun: *Urriðafossvirkjun allt að 150 MW. Mat á umhverfisáhrifum-Tillaga að matsáætlun. Drög*, júlí 2001.

Landsvirkjun: *Norðlingaölduveita og virkjun Efri-Þjórsár.* ([www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is))

Lárusi Á. Gíslasyni: *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*, 1982

Markús Á. Einarsson: *Veðurfar á Íslandi*, 1976.

Morgunblaðið: *C1-C24/20. júní 2000 og B1-B12/22. júní 2000*

Náttúruvernd ríkisins: *Náttúruminjasráð, 7. útgáfa 1996*

Páll Lýðsson: "Á leið til Áshildarmýrar", *Árnesingur. Rit IV. Sögufélag Árnesinga 1996.*

P.E. Kristian Kálund: *Íslenskir sögustaðir. I. Sunnlendingafjórðungur*, í þýðingu Haralds Matthíasarsonar frá 1984

Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, Páll Halldórsson: "Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000", Veðurstofu Íslands, júlí 2000 ([www.vedur.is/ja/skyrslur](http://www.vedur.is/ja/skyrslur))

Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, Páll Halldórsson og Þórunni Stefánsdóttur: "Lærdómur af Suðurlandsskjálftunum 2000", 2001, ([www.vedur.is/ja/skyrslur](http://www.vedur.is/ja/skyrslur))

- Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis Íslands: Miðhálandi Íslands. Svæðisskipulag 2015. Greinargerð. Maí 1997
- Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis Íslands: *Miðhálandi Íslands. Svæðisskipulag 2015.. Fylgirit B. Forsendur eftir landshlutum.* Maí 1997
- Sorpstöð Suðurlands: *Flokkunarmöguleikar og móttökustaðir sorps á Suðurlandi*, 1998
- Stefán Ólafsson: *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, 1997
- Sunnlenskar byggðir III*, 1983
- Svavar Sigmundsson: “Örnefni í Árnespingi”, *Árnesingur. Rit II.* Sögufélag Árnesinga 1992.
- Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands: *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, 2003
- Zelinsky. W: “The hypothesis of the mobility transition”, *Geographical review*, 1971
- Þjóðminjasafn: *Fornleifaskrá*, 1990.
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir (et. al): “Röskun votlendis á Suðurlandi”, í *Íslensk votlendi, verndun og nýting* (ritstj. Jón S. Ólafsson), 1998
- Þorleifur Einarsson: *Jarðfræði*, 1985